


skoðun 14

2 SÉRBLÖÐ
í Fréttablaðinu
Allt
Heilsa










# FRÉTTABLAÐIÐ

Miðvikudagur
25. maí 2011
120. tölublað 11. árgangur
Sími: 512 5000

10 ÁRA
2001 - 2011
MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI*
*Samkvæmt prentmiðlakönnun Capacent Gallup janúar – mars 2011




## Vinsæll tenór

*Erlendir aðdáendur fylgdu Jonas Kaufmann til Íslands.*

**fólk** 34

## Alþjóðadagur MS

*Lögð er áhersla á aukna atvinnuþátttöku þeirra sem þjást af MS.*

**tímamót** 20



## Sterkt lið gegn Dönum

*Ólafur Jóhannesson hefur valið landsliðið sem mætir Danmörku í undankeppni EM 2012.*

**sport** 30

**veðrið í dag**




**HÆGLÆTIS VEÐUR** víðast hvar á landinu í dag. Líkur á skúrum S-lands en annars yfirleitt þurrt og nokkuð bjart. Hiti 2-10 stig, mildast syðst.

VEÐUR 4



**SKEPNUNUM BRYNNT** Dýralæknar brýna fyrir bændum að sjá til þess að dýr á túnum hafi nægt aðgengi að hreinu vatni þó að aska sé yfir túnum. Bændur á bænum Ásgarði í Landbroti fara nokkrum sinnum á dag með vatn í brúsum fyrir kindurnar. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

# Gríðarmikið starf við hreinsun fram undan

**Eldgosið í Grímsvötnum er nú í rénun og mun minna af gosefnum streymir upp á yfirborðið. Gosinu er þó ekki lokið og gæti kraumað áfram í daga eða vikur. Gert er ráð fyrir áframhaldandi truflunum á flugi víða í Norður-Evrópu.**

**ELDGOS** Eldgosið í Grímsvötnum er í rénun og öskumagnið sem berst frá eldstöðinni er aðeins lítið brot af því sem var fyrsta daginn. Gríðarlegt hreinsunarstarf bíður íbúa í Skaftárhreppi.

„Á sumum bæjum er þykkt lag af ösku í sköflum. Hlémegin við hús eru skaflar sem þarf að moka í burtu. Það er verulegt starf fyrir höndum þó að mikið af öskunni hafi fokið,“ segir Grétar Einarsson, varaformaður björgunarsveitarinnar í Vík.

Hann segir rokið sem kom í kjölfar öskufallsins hafa hjálpað verulega, en askan eigi eftir að vera vandamál í langan tíma.

„Það er enginn vafi á því að það hefur dregið verulega úr styrk eldgossins,“ segir Halldór Björnsson, veðurfræðingur á Veðurstofu Íslands. Þegar gosið stóð sem hæst komu yfir 10 þúsund tonn úr gígnum á hverri sekúndu. Í gær er áætlað að 50 til 100 tonn kæmu upp á hverri sekúndu.

Gosmökkurinn fór mest í 24 kílómetra hæð skömmu eftir að gosið hófst, en var að jafnaði á bilinu þriggja til fimm kílómetra hár í gær. Bein tengsl eru milli styrks gossins og hæðar stróksins.

Gosið var gríðarlega öflugt fyrstu klukkustundirnar. Fyrsta sólarhringinn kom meira magn af gosefnum úr gígnum en kom úr gíg Eyjafjallajökuls alla 40 dagana sem eldgosið í fyrra varði, segir Halldór. Nú virðist sem það versta sé yfirstaðið og lítil aska verði til í Grímsvötnum.

> Það er enginn vafi á því að það hefur dregið verulega úr styrk eldgossins.
>
> HALLDÓR BJÖRNSSON VEÐURFRÆÐINGUR

Eldgosið í Grímsvötnum virðist nú farið að hegða sér með svipuðum hætti og fyrri gos í þessari eldstöð, segir Steinunn Jakobsdóttir, jarðeðlisfræðingur á Veðurstofu Íslands.

Þó að gosið sé nú í rénun er því ekki lokið. Steinunn segir að miðað við fyrri gos geti kraumað áfram í gígnum í nokkra daga eða vikur áður en gosinu ljúki.

Þjóðvegur 1 er enn lokaður milli Víkur í Mýrdals og Freysness vegna öskufalls, en ákveða á snemma í dag hvort hægt verði að opna veginn.

Keflavíkurflugvelli var lokað í gærkvöldi vegna ösku. Búist er við að askan muni raska áætlunum þúsunda flugfarþega í dag.

- bj, sv / sjá síður 4 til 10

Rúta með hjólastólalyftu:

## Upplifun sem orð fá ekki lýst

**ÚTIVIST** Ný jöklarúta var tekin í notkun hjá Ice-ferðum um liðna helgi. Í jómfrúarferðina á Langjökul var Eddu Heiðrúnu Backman leikkonu og stuðningshópi hennar boðið.

„Þegar verið var að smíða hana ákváðum við að hafa aðgengi fyrir hjólastóla og smíðuðum lyftu aftan á bílinn,“ segir Arngrímur Hermannsson, forstjóri Ice-ferða.

„Orð fá engan veginn lýst þessari upplifun,“ segir Edda Heiðrún. - fsb / sjá Heilsu og hreyfingu


Eitt mesta úrval landsins af hvíldarstólum



Val húsgögn
Ármúla 8 - 108 Reykjavík
Sími 581-2275 ■ 568-5375
Opið virka daga 10-18
Laugard.11-16

OPIÐ 24 TÍMA
Opið allan sólarhringinn í Skeifunni
Office1

HLEÐSLA ÍÞRÓTTADRYKKUR
100% HÁGÆÐA MYSUPRÓTEIN




NÚ EINNIG MEÐ KÓKOS OG SÚKKULAÐI
WWW.MS.IS

## SPURNING DAGSINS



*Tryggvi, varstu ekki hræddur um að missa andlitið?*

„Nei, því við svona aðstæður er mikilvægt að halda andlitinu.“

Þrjú bein brotnuðu í andliti Tryggva Guðmundssonar, leikmanns ÍBV, þegar hann lenti í samstuði við leikmann Keflavíkur á sunnudag.

Fjögur vitni af 26 í fyrsta ákærumáli sérstaks saksóknara hafa lokið sér af fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur:

# Vitnaleiðslur eru hafnar í Exeter-málinu

**DÓMSMÁL** Fjögur vitni hafa þegar gefið skýrslu fyrir dómi í svokölluðu Exeter-máli, fyrsta ákærumáli sérstaks saksóknara, jafnvel þótt aðalmeðferð hefjist ekki fyrr en eftir helgi.

Málið er höfðað á hendur Jóni Þorsteini Jónssyni, fyrrverandi stjórnarformanni Byrs, og Ragnari Z. Guðjónssyni, fyrrverandi sparisjóðsstjóra Byrs. Þeim er gefið að sök að hafa selt félaginu Exeter Holding stofnfjárbréf gegn ólögmætu láni frá sjóðnum með tilheyrandi tjóni fyrir hluthafa. Þetta eiga þeir að hafa gert með aðstoð Styrmis Þórs Bragasonar, þáverandi forstjóra MP banka. Hann er ákærður fyrir hlutdeild í brotum tvímenninganna og peningaþvætti.



JÓN ÞORSTEINN JÓNSSON



RAGNAR Z. GUÐJÓNSSON



STYRMIR ÞÓR BRAGASON

Fjögur vitni, sem ekki komast í aðalmeðferðina sem hefst í næstu viku, gáfu skýrslu við fyrirtöku í málinu á föstudaginn var. Þetta voru Jökull Mar Pétursson, frá áhættustýringu Byrs, Jakob K. Kristjánsson, sem átti Tæknisetrið Arkea, síðar Exeter Holding, með Ágústi Sindra Karlssyni, Bjarni Þór Þórólfsson útibússtjóri, sem átti hlut í félaginu Húnahorni, sem seldi stofnfé til Exeter, og Birgir Ómar Haraldsson, fyrrverandi stjórnarmaður í Byr sem seldi Exeter bréf sín.

Aðalmeðferð málsins stendur frá mánudeginum næsta og fram á miðvikudag. Þar verða teknar skýrslur af sakborningunum þremur og 22 vitnum til viðbótar. **- sh**

Kosningu lýkur á hádegi:

## Niðurstaða í dag um nýja kjarasamninga

**KJARAMÁL** Þátttaka félagsmanna í stéttarfélögunum í atkvæðagreiðslu um nýgerða kjarasamninga er á vef Alþýðusambandsins víðast hvar sögð vera þokkaleg.

„Í stærstu félögunum hafa á milli 20 til 30 prósent félagsmanna greitt atkvæði,“ segir á vef ASÍ. Í mörgum félögum átti atkvæðagreiðslunni að ljúka í gærkvöldi, en annars staðar á hádegi í dag. Niðurstaða á svo að liggja fyrir klukkan fjögur síðdegis. „Og þá kemur í ljós hvort samningarnir frá 5. maí hafa verið samþykktir eða þeir felldir.“ **- óká**

Festi hönd í rennibekk:

## Haldið sofandi eftir vinnuslys

**SLYS** Karlmaður um sextugt slasaðist alvarlega við störf sín hjá BM Vallá síðdegis á mánudag þegar hönd hans festist í rennibekk.

Maðurinn hlaut mjög alvarlega áverka og gekkst undir aðgerð á Landspítalanum um kvöldið. Honum var í gær haldið sofandi í öndunarvél á gjörgæsludeild spítalans. Vinnueftirlitið rannsakar málið en veitir ekki upplýsingar um það að svo stöddu.

Hilmar Ágústsson, framkvæmdastjóri BM Vallár, vildi ekki tjá sig um slysið í gær, en sagði þó að þegar mál af þessu tagi kæmu upp væri farið yfir öryggismál hjá fyrirtækinu. **- sh**

## LÖGREGLAN

### Allir á löglegum hraða

Allir ökumenn óku á löglegum hraða þegar lögreglan var við mælingar á Háaleitisbraut í Reykjavík í fyrradag. Á einni klukkustund, eftir hádegi, var fylgst með 271 ökutæki og var þeim öllum ekið á löglegum hraða en þarna er 50 km hámarkshraði.

# Kortleggja fyrirtæki í sjávarútveginum

**Þrátt fyrir mikið umfang íslensks sjávarútvegs í efnahagslífinu starfa fyrirtæki sem vinna með þeim hvert í sínu horni. Auka má verðmæti með samvinnu fyrirtækja. Unnið er að því að kortleggja hvaða fyrirtæki tengjast sjávarútvegi.**

**SJÁVARÚTVEGUR** Velta tæknifyrirtækja sem tengjast sjávarútvegi nam 26 milljörðum króna í fyrra. Þetta eru tæp tíu prósent af heildarumfangi sjávarútvegsfyrirtækja á sama tíma.

Þetta kom fram í máli Lindu Bjarkar Bryndísardóttur verkefnisstjóra þegar hún kynnti í gær fyrstu niðurstöður af umfangi íslenska sjávarklasans svokallaða. Með sjávarklasanum er átt við öll þau fyrirtæki sem tengjast sjávarútvegi með einum eða öðrum hætti.

Sjávarklasinn er sjálfstætt fyrirbæri, sprottið upp úr doktorsverkefni Þórs Sigfússonar, fyrrverandi forstjóra tryggingafélagsins Sjóvár. Hann hefur upp á síðkastið unnið að því að ljúka doktorsnámi í alþjóðaviðskiptum við Háskóla Íslands. Í verkefninu skoðar Þór hvernig frumkvöðlar nýta tengslanet sitt til að styrkja fyrirtækin. Öðru máli gegnir um fyrirtæki sem tengjast sjávarútvegi.

„Tæknifyrirtæki sem tengjast sjávarútvegi eiga ekki í miklum samskiptum hvert við annað. Þau eiga í nánum tengslum við nokkur sjávarútvegsfyrirtæki sem eru þeirra helstu kúnnar. Mun nánari samvinna er hjá fyrirtækjum í lækjaiðnaði,“ segir Þór og telur mikil verðmæti geta falist í því að auka samstarf ólíkra fyrirtækja innan sjávarútvegsklasans.

Verkefnin fram undan tengd klasanum felast í því að kortleggja umfang sjávarútvegsins og skoða hvaða fyrirtæki tengjast honum. Nú þegar liggur fyrir að sjö hundruð fyrirtæki starfa í sjávarútvegsklasanum og eru starfsmenn þeirra ríflega tólf þúsund talsins. Óbein störf eru um átján þúsund. Þar af eru starfsmenn fyrirtækja sem tengjast sjávarútvegsfyrirtækjum um þúsund og flestir tæknimenntaðir.

Þá kemur fram í niðurstöðunum að málmsmíði og tengdur iðnaður eigi mest undir viðskiptum við sjávarútvegsfyrirtæki, eða 51 prósent. Hlutdeild umboðsverslunar er tæplega helmingi minni. Á eftir fylgja orkufyrirtæki og fyrirtæki í samgöngum og flutningastarfsemi. **jonab@frettabladid.is**



**SJÁVARKLASINN KYNNTUR Í SJÓMINJASAFNI** Fyrstu niðurstöður í könnun á því hvaða fyrirtæki tengjast sjávarútveginum liggja fyrir. Svo virðist sem fyrirtækin vinni lítið saman. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

### Mikilvægt að vinna saman

„Ég spái því að næsta heimskreppa verði ekki bankakreppa heldur matvælakreppa. Í því felst að nýta auðlindir landsins til sjávar og sveita, hugsa þvert á atvinnugreinar, tengja saman fiskeldi og sjávarútveg og auka verðmæti útflutnings,“ segir Stefanía Karlsdóttir, eigandi Íslenskrar matorku á Reykjanesi. Fyrirtækið vinnur að því að byggja upp þrjú þúsund tonna fiskeldisstöð þar sem afurðir verði fullnýttar með hjálp ýmissa geira. Stefanía vísaði til þess að Danir hafi í sama tilgangi markað sér stefnu til framtíðar sem felist í því að auka fiskeldi verulega á næstu árum. Lítið fari hins vegar almennt fyrir stefnumörkun hér. „Stjórnvöld verða að marka stefnuna svo við getum gengið í sömu átt,“ sagði hún.

Skýstrókur lagði bæ í rúst:

## Leitað að lífsmarki í Joplin

**BANDARÍKIN, AP** Í gær höfðu fundist 117 lík í rústum bæjarins Joplin í Missouri. Sautján manns höfðu bjargast úr rústunum, en áfram var leitað í von um að fleiri fyndust á lífi.

Skýstrókurinn, sem fór hamförum í þessum 50 þúsund manna bæ á sunnudag, lagði þúsundir íbúðarhúsa í rúst. Annað eins tjón hefur ekki orðið af völdum skýstróks í Bandaríkjunum síðan 1953.

Barack Obama Bandaríkjaforseti ávarpaði íbúana í gær frá London og sagðist ætla að gera sér ferð til Joplin á sunnudag, þegar hann verður kominn heim úr Evrópureisu sinni. **- gb**

Aðalsaksóknari Egyptalands:

## Mubarak fer fyrir dómstól

**EGYPTALAND, AP** Hosni Mubarak verður dreginn fyrir dómara í Egyptalandi vegna dauðsfalla sem urðu þegar öryggissveitir landsins skutu á mótmælendur. Aðalsaksóknari landsins hefur tekið ákvörðun um þetta.



HOSNI MUBARAK

Mubarak hefur einnig verið ákærður ásamt tveimur sonum sínum og nánum samstarfsmanni fyrir að hafa misnotað völd sín til að safna sér fé.

Mubarak hraktist úr embætti forseta Egyptalands í febrúar eftir fjöldamótmæli gegn honum, sem höfðu þá staðið í átján daga.

Samkvæmt athugun stjórnvalda létu að minnsta kosti 846 mótmælendur lífið. **- gb**




Nicolas Sarkozy undirbýr leiðtogafund G8-ríkjanna í Frakklandi á morgun:

# Vill reyna að hemja internetið

**FRAKKLAND, AP** Nicolas Sarkozy Frakklandsforseti telur nauðsynlegt að ríki heims sameinist um að setja reglur fyrir notkun internetsins. Hann vonast til að leiðtogar G8-ríkjanna taki undir með honum á tveggja daga fundi þeirra, sem hefst í Frakklandi í dag.

Hann segist gera sér grein fyrir að með þessu taki hann áhættu, ekki síst nú þegar óheft netnotkun hefur meðal annars sýnt gildi sitt við að örva og styrkja uppreisn almennings gegn harðstjórn víða í ríkjum Norður-Afríku og Mið-Austurlanda.

Auk þess hafi leiðtogar G8-ríkjanna ýmislegt annað að ræða, nú þegar glímt sé við heimskreppu, endurmeta þurfi kjarnorkuvinnslu í kjölfar náttúruhamfaranna í Japan og takast þurfi með einhverjum hætti á við breytingarnar í arabaheiminum.

Engu að síður leggur Sarkozy áherslu á að finna þurfi jafnvægi milli sköpunargleði netverja, sem feli í sér óendanlega hagvaxtarmöguleika, og réttinda sem þurfi að verja. Nefnir hann þar persónuvernd, barnavernd og höfundavernd. **- gb**




**NICOLAS SARKOZY** Staðráðinn í að fara gegn straumnum. NORDICPHOTOS/AFP

DELL

The power to do more

# Starfsmennirnir **fíla** þær, tölvudeildin **elskar** þær



## Latitude fartölvur

Verð frá kr. **169.950**

- Aukið öryggi
- Enn öflugri þráðlaus nettenging
- Slitsterkari
- Tilbúin fyrir rafræn skilríki
- Möguleiki á rafhlöðu með 3ja ára ábyrgð

**5 ára** varahlutaábyrgð
fyrstu 3 árin er vinna á verkstæði EJS innifalin í útskiptingu á varahlut

## OptiPlex borðtölvur

Verð frá kr. **119.950**

- Endurhönnun frá grunni
- Nettari – betri nýting á vinnurými
- Aukinn áreiðanleiki
- Áhersla á umhverfisvernd
- Betri orkunýting

**5 ára** varahlutaábyrgð
fyrstu 3 árin er vinna á verkstæði EJS innifalin í útskiptingu á varahlut

## Ný kynslóð af Dell tölvum fyrir atvinnulífið:
# Þrautreyndar fyrirtækjatölvur frá Dell

Dell hefur endurhannað hinar vinsælu Latitude fartölvur og OptiPlex borðtölvur. Nýjungarnar koma til móts við þarfir kröfuharðra viðskiptavina, en áfram verður hægt að nota aukahluti á borð við dokkur. EJS býður þér heildstæða þjónustu svo þú munt aldrei þurfa að leita annað með neitt sem snýr að Dell tölvunni þinni.

Grensásvegi 10
108 Reykjavík

Tryggvabraut 10
600 Akureyri

563 3000
sala@ejs.is

EJS | HLUTI AF SKÝRR

Allar upplýsingar birtar með fyrirvara um prentvillur, myndabrengl og ófyrirsjáanlegar breytingar. Öll tilboð gilda á meðan birgðir endast. Verð eru með vsk.

ELDGOS Í GRÍMSVÖTNUM

# Verða öskunni að bráð

**Humlur eru að mestu horfnar af þeim svæðum þar sem mest öskufall var í gosinu í fyrra. Þær þurfa að nema land að nýju til að sinna mikilvægu hlutverki sínu.**

FRÉTTASKÝRING

Hver eru áhrif öskufalls á skordýralíf?

Öskufall frá eldgosinu í Eyjafjallajökli í fyrra olli því að fjöldi hunangsflugna er nú ekki svipur hjá sjón á áhrifasvæði gossins. Nýtt landnám hunangsflugna þarf að koma til að einhverju leyti, segir skordýrafræðingur. Afföll skordýra kunna að hafa tímabundin áhrif á þroska gróðurs enda gegna skordýr stóru hlutverki í náttúrunni við frævun plantna.

Á þetta bendir Erling Ólafsson, dýrafræðingur hjá Náttúrufræðistofnun. „Ef býflugur eða hunangsflugur verða fyrir áföllum þá nýtur þeirra ekki lengur við til að fræva plöntur, en það hlutverk þeirra í lífríkinu er afar þýðingarmikið.“ Hann tekur fram að margar plöntur í íslenskri náttúru séu háðar skordýrafrævun.

Erling segir að eldgosið í Eyjafjallajökli í fyrra hafi valdið því að hrun hefur orðið hjá hunangsflugum og ekki sé vitað hvað það tekur langan tíma fyrir þær að ná fyrri stofnstærð.

„Í raun þarf nýtt landnám inn á svæðin til að flýta fyrir batanum. Drottningin hefur búskapinn einn síns liðs að vori en fáar drottningar urðu til á svæðinu síðastliðið haust til að leggjast í vetrardvala og taka við kyndlinum í vor.“

Erling segir að slíkt landnám þurfi ekki að taka langan tíma en „þá þurfi þær að frá frið fyrir eldgosum“ eins og Erling kemst að orði.

Engar sérstakar rannsóknir eða talningar liggja fyrir um afleiðingar eldgossins í fyrra á skordýralíf. Þó býr Náttúrufræðistofnun yfir áhugaverðum gögnum úr öðru verkefni, eða Vöktun fiðrilda, sem eftir er að vinna úr. Ekki fer þó á milli mála að breyting hefur orðið á skordýralífi undir Eyjafjöllum samanborið við fyrri ár.

svavar@frettabladid.is




**VENJULEGT ÁRFERÐI** Humlur gegna mikilvægu hlutverki og lítið þarf til að raska viðkvæmu jafnvægi í náttúrunni.




**EFTIR ÖSKUFALL** Þegar askan fellur á gróður og viðkvæm smádýr hefur það töluverða röskun í för með sér.

## Hvað er frævun?

- Frævun er flutningur frjókorna frá frjóhnappi til frænis.
- Frjókorn eru afar smá eða á stærð við rykkorn. Hlutverk þeirra er það sama og hjá sáðfrumum dýra. Frjókornin þroskast inni í frjóhirslum í frjóhnöppum frævlanna, en segja má að frævlar séu hinn karllegi hluti blómplöntunnar.
- Þegar frjóhnapparnir eru þroskaðir þá opnast þeir og frjókornin losna og berast með margvíslegum leiðum til blóms á annarri plöntu af sömu tegund. Algengast er að frjókornin berist á milli plantna með skordýrum en aðrir dýrahópar svo sem fuglar eða jafnvel spendýr bera einnig frjókorn. Frjókorn berast líka á milli plantna með vindinum eins og mjög algengt er hérlendis.
- Kvenlegur hluti blómplöntu kallast fræva. Efsti hluti frævunnar nefnist fræni en það veitir frjókornum viðtöku og festast þau þar vegna þess að frænið er loðið eða slímkennt.
- Þegar frævunin eða flutningur frjókorna til frænis hefur átt sér stað getur frjóvgun orðið. *Heimild: Vísindavefurinn*




Fólk beðið að fylgjast með fiskdauða:

# Veiðiár litaðar af ösku

Veiðimálastofnun mælist til þess að þeir hafi samband sem verða varir við dauðan fisk, jafnt seiði sem stærri fisk, í vötnum eða ám þar sem öskufalls gætir frá eldstöðinni í Grímsvötnum. Stofnunin mun fylgjast með framvindu mála og reyna eftir föngum að vera fólki til ráðgjafar og skoða vötn þar sem fiskdauða verður vart.

Fréttir berast af því að veiðiárnar í Skaftárhreppi séu litaðar af ökuframburði. Í eldfjallaösku geta verið eiturefni eins og flúor og álsambönd. Þegar úrkoma verður skolast þessi efni auðveldlega út og í nærliggjandi vötn og geta valdið þar dauða lífvera. - shá



**RÍKI VATNAJÖKULS** Horft frá Vatnajökli til suðvesturs yfir Skaftá, Fögrufjöll og Langasjó. MYND/UMHVERFISRÁÐUNEYTIÐ



**HEIMSÓKN Í KLAUSTURHÓLA** Ráðherrarnir áttu stutt spjall við Ragnar Gíslason, íbúa í Klausturhólum. Ragnar segist hafa fundið dálítið fyrir öskunni og það sé undarleg tilfinning að vita af eldgosi í næsta nágrenni. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Ráðherrar áttu fund á Kirkjubæjarklaustri í gær:

# Ríkisstjórnin kemur íbúum til aðstoðar

Jóhanna Sigurðardóttir forsætisráðherra og Ögmundur Jónasson innanríkisráðherra komu til Kirkjubæjarklausturs í gær og fóru yfir stöðu mála með aðgerðastjórn og almannavarnanefnd. Ráðherrarnir heimsóttu einnig ferðaþjónustuna að Hunkubökkum og hjúkrunar- og dvalarheimilið Klausturhóla og ræddu við íbúa og starfsfólk.

Jóhanna segir ríkisstjórnina staðráðna í að gera allt sem í hennar valdi stendur til þess að koma fólki á svæðinu til aðstoðar.

„Við munum létta fólki erfiðleikana sem það er í núna og verður sennilega í áfram. Því þó að gosið hætti fljótlega eða það sljákki verulega í því þá verður fólk að glíma við þetta öskufall og afleiðingar þess í vikur eða mánuði. En við vonum það besta,“ segir Jóhanna.

Búið er að samþykkja beiðni yfirvalda á svæðinu um áframhaldandi viðveru og aðstoð lögreglunnar á Kirkjubæjarklaustri og nærliggjandi sveitum. Þá er unnið að gerð aðgerðaáætlunar undir forystu Almannavarna og bíður ríkisstjórnin eftir henni.

„Við erum að fara yfir allt svæðið og meta þörfina eftir aðstoð. Við búum að nokkurri reynslu eftir Eyjafjallajökul sem mun gagnast okkur vel við þessar aðstæður þar sem verið er að meta þetta erfiða mál,“ segir Jóhanna. - sv




## VEÐURSPÁ



Elísabet Margeirsdóttir veðurfréttamaður

**SUÐLÆG ÁTT MEÐ VÆTU** næstu daga en í fyrramálið gengur í stífa suðaustanátt um sunnan og vestanvert landið með rigningu síðdegis. Víða einhver úrkoma aðra nótt. Á föstudag verður rigning suðaustan til í fyrstu en annars víða skúrir. Hlýnar í veðri.



Á MORGUN
Vaxandi S- og SA-átt, hvassast SV- og V-til.

FÖSTUDAGUR
5-10 m/s.

**HEIMURINN**

| | |
|---|---|
| Alicante | 26° |
| Basel | 26° |
| Berlín | 19° |
| Billund | 14° |
| Frankfurt | 21° |
| Friedrichshafen | 24° |
| Gautaborg | 14° |
| Kaupmannahöfn | 14° |
| Las Palmas | 22° |
| London | 17° |
| Mallorca | 28° |
| New York | 27° |
| Orlando | 33° |
| Ósló | 18° |
| París | 20° |
| San Francisco | 16° |
| Stokkhólmur | 15° |

Vindhraði er í m/s.
Hitastig eru í °C.
Gildistími korta er um hádegi.

**AUGLÝSINGADEILDIR FRÉTTABLAÐSINS – AUGLÝSINGASTJÓRI:** Jón Laufdal *jonl@frettabladid.is* **ALMENNAR SÍMI 512-5401:** Hendrik Sigurðsson *hendrik@frettabladid.is*, Guðmundur Steinsson *gudmundurs@365.is*, Laila Awad *laila@365.is*, Örn Geirsson *orn.geirsson@365.is*, Hjördís Zoëga *hjordis@frettabladid.is* **ALLT SÍMI 512-5402:** Jóna María Hafsteinsdóttir *jmh@365.is*, Þórdís Hermannsdóttir *thordish@365.is* **SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5016:** Sigríður Hallgrímsdóttir *sigridurh@frettabladid.is*, Hlynur Þór Steingrímsson *hlynurs@365.is*, Benedikt Freyr Jónsson *benediktj@365.is* **RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403:** Hrannar Helgason *hrannar@365.is*, Viðar Ingi Pétursson *vip@365.is* **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407:** Sigurlaug Aðalsteinsdóttir *sigurlaug@365.is*, Arna Rut Kristinsdóttir *arnarut@365.is*, Guðný Gunnlaugsdóttir *gunny@365.is* **KYNNINGARSTJÓRI:** Einar Skúlason *einar.skulason@365.is*

# Komin aftur !

## Síðasta sending rauk út !

Ótrúlegt verð

### Nature's Rest
Dýna, botn og lappir:
90x200 cm kr. 65.900,-
100x200 cm kr. 69.900,-
120x200 cm kr. 75.900,-
140x200 cm kr. 79.900,-






### Nature's Comfort
Dýna, botn og lappir:
100x200 cm kr. 85.900,-
120x200 cm kr. 95.900,-
140x200 cm kr. 105.900,-
160x200 cm kr. 119.900,-
180x200 cm kr. 135.900,-

Vönduð heilsurúm með svæðaskiptu pokagormakerfi.





### HANDKLÆÐI ÓTRÚLEGT VERÐ
30x30 cm kr. 129,-
50x100 cm kr. 690,-
70x140 cm kr. 1.390,-
Baðmottur
50x85 cm kr. 1.290,-

### SVEFNSÓFI M. RÚMFATAGEYMSLU



**75.900,-**
120x200 cm

OPIÐ
Virka daga frá kl. 10-18
Lau frá kl. 11-17
Sun frá kl. 13-17

DORMA
– býður góða nótt

Ilmstrá mikið úrval!



Holtagörðum 2. hæð • Sími 512 6800 • www.dorma.is • dorma@dorma.is

Soffía Gunnarsdóttir segir Skaftfellinga bera sig vel:

# Skilur loks gamlar sagnir

„Það kom enginn í fyrra þegar við upplifðum nákvæmlega það sama. Nú erum við miðdepill alls hérna," segir Soffía Gunnarsdóttir, starfskona á dvalarheimilinu Klausturhólum. Soffía býr á bænum Jórveri 1 í Álftaveri, og er þetta í annað sinn á rúmu ári sem hún verður fyrir fyrir barðinu á öskugosi.

Askan úr Eyjafjallajökli lagðist jafnþétt yfir bæinn hennar 15. apríl á síðasta ári eins og hún gerði nú um helgina.

„Sú tilfinning sem helltist yfir mig þegar ég sá að þetta var að byrja aftur er ólýsanleg," segir Soffía. „Það er ótrúlegt að vera í svona aðstæðum. Maður er að lesa gamlar sagnir þar sem fólk segir að það sjái ekki handa sinna skil og nú skilur maður það. Ég sá ekki útrétta höndina um hábjartan dag."

Soffía keyrði af stað í vinnuna á sunnudagsmorguninn og sá eftir því um leið og hún var lögð af stað. „Þegar ég komst loks inn í Kirkjubæjarklaustur endaði ég uppi á umferðareyju."



**TVÖ ELDGOS Á EINU ÁRI** Soffía segir ótrúlegt að upplifa svona náttúruhamfarir tvisvar á rúmu ári. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Sigþrúður Ingimundardóttir, forstöðukona á Klausturhólum, segir að þrátt fyrir mikið öskufall beri íbúarnir sig vel. Hún keyrði í vinnuna á sunnudag einungis eftir minni. Svo mikið var myrkrið.

„Það er mikill munur í dag. Við erum komin með birtu," segir hún. „En þrátt fyrir niðamyrkrið ber fólk sig vel. Skaftfellingar búa yfir jafnaðargeði og við tökum þessu með stóískri ró." - sv



**EYGLÓ KRISTJÁNSDÓTTIR** Sveitarstjórinn á Kirkjubæjarklaustri segir ástandið í bænum og nærliggjandi sveitum ótrúlega gott miðað við aðstæður. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Íbúar á Kirkjubæjarklaustri bjartsýnir þrátt fyrir allt:

# Erum bara á degi þrjú

Íbúar á Kirkjubæjarklaustri taka flestir ástandinu í bænum með ró en segjast þó margir hverjir engan veginn geta gert sér grein fyrir því hvernig framhaldið muni verða. Þetta segir Eygló Kristjánsdóttir, sveitarstjóri á Kirkjubæjarklaustri. Staðan sé mun betri en fólk þorði að vona í fyrstu.

„Í svona ástandi, þegar bústofninn er úti og ekki hægt að sjá handa sinna skil, hugsaði maður hið versta til að byrja með. En þetta virðist ætla að verða mun betra heldur en við þorðum að vona," segir hún.

Um sextíu björgunarsveitarmenn voru að störfum á Kirkjubæjarklaustri og nærsveitum í gærdag og sinntu margvíslegum verkefnum. Eygló segir engin alvarleg tilvik hafa komið upp og engin slys hafi orðið á fólki. Þó sé auðvitað ekki hægt að útiloka neitt með framhaldið.

„Fólk verður þó að muna að við erum bara á degi þrjú. Við horfum fram á þetta ástand næstu vikurnar," segir Eygló. „Þetta er bara spurning um klukkutíma til klukkutíma. Það er ekkert hægt að hugsa lengra en það." - sv



**HJÓNIN Á ARNARDRANGA** Helgi V. Jóhannsson og Sigurdís Þorláksdóttir segja síðustu daga hafa verið hræðilega. Kindur og lömb hafa drepist og hross hafa ekki skilað sér heim til þeirra á Arnardranga. Þau vona þó að hrossin komist heim og þykir þeim útlitið betra nú en fyrstu dagana eftir að gosið hófst. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

# Lömbin voru nýdáin og vitin full af sandi

**Bóndinn á Arnardranga segist aldrei hafa upplifað neitt jafn erfitt eins og öskufallið úr Grímsvötnum. Hann veit ekki hversu margar kindur drápust og hrossin hans tvö hafa ekki skilað sér heim. Hann sér þó fram á bjartari daga.**

Hjónin á Arnardranga í Landbroti hafa upplifað miklar hremmingar á síðustu dögum. Nokkrar kindur á bænum hafa drepist og hrossin þeirra tvö hafa enn ekki skilað sér heim í hús.

Helgi V. Jóhannsson, bóndi á Arnardranga, heldur þó enn í vonina um að hrossin finni leiðina heim. Hann gekk fram á þrjú dauð lömb í gærmorgun þegar hann var að gefa fénu og segist aldrei hafa upplifað neitt eins erfitt og gosið í Grímsvötnum.

„Lömbin voru alveg nýdáin og ennþá lin. Vitin voru öll full af sandi," segir Helgi. „En ég gekk líka fram á nokkur lömb sem lágu undir öskunni og voru alveg að búa sig undir að fara. En ég náði að koma þeim í hús."

Um 20 björgunarsveitarmenn komu að Arnardranga á mánudag til að aðstoða Helga og Sigurdísi Þorláksdóttur, húsfreyjuna á bænum, við smölun. Sigurdís segir að engin leið sé að vita eins og er hversu margar kindur skiluðu sér heim. Hún á erfitt með að lýsa þeirri líðan sem helltist yfir hana þegar eldgosið skall á.

> Það er flókið að taka sér það vald að ákveða hverjar eiga að deyja og hverjar eiga að lifa þegar kindurnar eru leiddar til slátrunar. En þetta er það sem við lifum á. Og nú virðist sem náttúran hafi tekið þessa ákvörðun fyrir okkur.
>
> HELGI V. JÓHANNSSON
> BÓNDI Á ARNARDRANGA

„Þetta er bara ömurlegt, algjörlega ömurlegt. Maður átti nú von á ýmsu, en ekki þessu," segir Sigurdís.

Helgi segir að það sé flókið að kveðja dýrin sín, hvernig svo sem dauða þeirra beri að.

„Það er flókið að taka sér það vald að ákveða hverjar eiga að deyja og hverjar eiga að lifa þegar kindurnar eru leiddar til slátrunar. En þetta er það sem við lifum á. Og nú virðist sem náttúran hafi tekið þessa ákvörðun fyrir okkur," segir hann.

Útlitið á Arnardranga var þó betra í gær heldur en fyrstu tvo dagana eftir að gosið hófst. Helgi segist hafa tekið þá ákvörðun að líta jákvæðum augum á dagana fram undan.

„Þetta er allt önnur líðan í dag. Maður sér nú sólina þarna bak við. Við fundum hana ekki í gær," segir bóndinn á Arnardranga.

sunna@frettabladid.is

## Öskuspá kl. 06.00 25. maí

**í 20.000 feta hæð**




Heimild: Breska veðurstofan

■ 200-2.000 μgr/m³ ■ 2.000-4.000 μgr/m³ ■ >4.000 μgr/m³

Öskuspá bresku veðurstofunnar gerir ráð fyrir því að öskumettun í lofti fari minnkandi í dag en verði einna mest yfir norðurhluta Evrópu og askan verði að mestu gengin yfir Bretlandseyjar. Kortið hér að ofan sýnir öskuþéttleika í andrúmslofti upp að 20.000 feta hæð, en þaðan og upp í 35.000 feta hæð þar sem þotur eru jafnan á flugi er gert ráð fyrir mun minni öskuþéttleika, og þá aðallega í norðurhöfum yfir Grænlandi og Svalbarða, en einnig suður með Úralfjallgarðinum í Rússlandi.

## Gríðarlegt magn gosefna

**Askan úr Grímsvötnum var meiri á fyrstu 36 tímum gossins en magnið sem kom upp í öllu Eyjafjallajökulsgosinu, sem þó varði í 40 daga. Dregið hefur mikið úr öskumagninu nú.**

- Þegar mest lét var gosefnið úr Grímsvötnum um 20 þúsund tonn á sekúndu.
- Til samanburðar er ársframleiðsla á áli 800 þúsund tonn, jafn mikið og kom úr Grímsvötnum á 40 sekúndum.
- Heildarafli íslenskra skipa árið 2009 var 1.130.951 tonn samkvæmt Hagstofu Íslands. Það eru 57 sekúndur af gosi þegar mest var.
- Þá þyrfti vörubíll sem hefur tólf tonna flutningsgetu að fara tæpar 1.667 ferðir með gosefnið sem upp úr Grímsvötnum kom á einni sekúndu.

LOKKANDI ÚTSKRIFTARGJAFIR
HJÁ JÓNI OG ÓSKARI



Icecold silfurermahnappar
kr. 12.500



Icecold silfurhringur
kr. 16.800

PIPAR\TBWA • SÍA • 111301
ICECOLD
Jó 40
JÓN & ÓSKAR 1971-2011
www.jonogoskar.is
LAUGAVEGUR / SMÁRALIND / KRINGLAN

# KEILIR ER GÓÐUR KOSTUR

Keilir er alhliða menntafyrirtæki í eigu háskóla, fyrirtækja og almannasamtaka og byggist upp á fjórum mismunandi skólum: Háskólabrú, Heilsuskóla, Orku- og tækniskóla og Flugakademíu. Komdu í nútímalegt, metnaðarfullt og skemmtilegt nám. Komdu í Keili.



## HÁSKÓLABRÚIN

Háskólabrú Keilis býður upp á nám fyrir þá sem hafa ekki lokið stúdentsprófi. Að loknu námi uppfylla þeir inntökuskilyrði í háskóla.

## HEILSUSKÓLINN

Heilsuskóli Keilis býður upp á fjölbreytt nám í þjálfun og á sviði heilsu-, heilbrigðis- og íþróttafræða.

ÍAK EINKAÞJÁLFUN
ÍAK ÍÞRÓTTAÞJÁLFUN
ÍAK HÓPÞJÁLFUN

## FLUGAKADEMÍAN

Flugakademía Keilis leggur áherslu á nútímalega kennsluhætti og flugfloti Keilis er bæði nýstárlegur og hátæknilegur.

EINKAFLUG
ATVINNUFLUG
FLUGUMFERÐARSTJÓRN
FLUGÞJÓNUSTA

## ORKU- OG TÆKNISKÓLINN

Orku- og tækniskóli Keilis býður upp á fjölfaglegt og hagnýtt tæknifræðinám á háskólastigi. Námið fléttar saman atvinnutengdum verkefnum og bóklegu námi.

ORKU- OG UMHVERFISTÆKNIFRÆÐI
MEKATRÓNÍK TÆKNIFRÆÐI
TROMPIÐ VERKEFNA- OG VIÐBURÐASTJÓRNUN



## NÁM OG HEIMILI 63.000 KR. Á MÁNUÐI!

Verðið miðast við skólagjöld í B.Sc. námi í tæknifræði og leigu á 3ja herbergja fjölskyldu- eða paraíbúð.







**UMSÓKNARFRESTUR ER TIL 6. JÚNÍ.**

Nánari upplýsingar er að finna á www.keilir.net

Keilir
Miðstöð vísinda, fræða og atvinnulífs



**FÉNU SMALAÐ** Björgunarsveitarmenn aðstoðuðu í gær bændur við að smala sauðfé í hús. Á nokkrum bæjum höfðu bændur ekki komist til að vitja fjár síns síðan gosið hófst vegna öskukófs og myrkurs af þess völdum.

# Aska um allar sveitir

**Askan úr Grímsvötnum hefur gert mörgum lífið leitt undanfarna sólarhringa, ekki síst ábúendum og dýrum í Landbroti sunnan Kirkjubæjarklausturs. Þar var *Valgarður Gíslason*, ljósmyndari Fréttablaðsins, á ferðinni í gærmorgun og tók meðfylgjandi myndir af illviðráðanlegum aðstæðum bænda á svæðinu.**



**ÖSKUKÓF** Þó að öskukófið hafi verið minna í gær en á sunnudag og mánudag þurftu þeir sem voru utandyra að vera með grímur fyrir vitum og hlífðargleraugu.



**ÖSKUFOK** Eldri ábúendur í sveitinni segja Grímsvatnagosið nú minna á Kötlugosið 1918.



**FALLIÐ FÉ** Eitthvað fannst af dauðu fé þegar bændur komust úr húsi en dýralæknir segir ekki um mikinn fjölda að ræða.



Hollvinasamtök

*varðskipsins Óðins*

Aðalfundur Hollvinasamtaka varðskipsins Óðins verður haldinn fimmtudaginn 26. maí næstkomandi.

Fundurinn verður haldinn í Víkinni - sjóminjasafni Reykjavíkur, Grandagarði 8 og hefst klukkan 17.00.

Fundarefni: Venjuleg aðalfundarstörf.

Hollvinir varðskipsins Óðins hafa með samstilltu átaki bjargað þessu merkilega skipi og gert það að lifandi safngrip og helsta djásni sjóminjasafnsins.

Hollvinir, fjölmennið á fundinn.
Nýir félagar velkomnir.

Stjórn Hollvinasamtaka Óðins.

Óðinn reyndist sérlega vel sem björgunarskip. Hann dró alls tæplega 200 skip til lands eða í landvar vegna bilana, veiðarfæra í skrúfu eða eldsvoða um borð. Einnig dró hann flutninga- og fiskiskip 14 sinnum af strandstað. Þá bjargaði skipið áhöfnum strandaðra skipa þrisvar sinnum og tvisvar bjargaði það áhöfnum sökkvandi skipa.

KOM Almannatengsl / Kúperblakk ehf.



adidas® is all in
© 2011 adidas AG. adidas and the 3-Stripes mark are registered trademarks of the adidas Group.

## ELDGOS Í GRÍMSVÖTNUM

Um leið og lokið var bruggun á bjórnum Vatnajökli hófst gos í jöklinum:

# Sendur norðurleiðina með hraði

Gos hófst í Vatnajökli rétt í þann mund sem tilbúið var nýtt sérbrugg af samnefndum bjór í Ölvisholti í Flóahreppi. „Ég gekk yfir í brugghúsið á laugardagskvöldið að sækja Vatnajökul í könnu og frétti þegar ég kom út að gos væri hafið,“ segir Jón Elías Gunnlaugsson, framkvæmdastjóri Ölvisholts.

Framleiðslan er samstarf Ölvisholts og Ríkis Vatnajökuls, en bjórinn á einvörðungu að fást á börum og í veitingahúsum í nágrenni jökulsins. Jón Elías segist engar áhyggjur hafa af því að gosið setji strik í reikninginn þegar kemur að sölu bjórsins. „Nei, ég er fullur bjartsýni. Ég sendi hann strax austur með hraði, en við urðum að senda hann norður fyrir,“ segir hann. „Það er nú nógu erfitt að fá yfir sig eldgos þó að menn hafi ekki eitthvað almennilegt að drekka.“



**Í BRUGGHÚSINU** Jón Elías Gunnlaugsson að störfum í Ölvisholti. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

Jón segist hins vegar ekkert of spenntur fyrir því að brugga mjög mikið af Vatnajökli, því framleiðslan á honum sé flókin. „Við fáum hingað til okkar flutningabíla með nokkur tonn af jökulís úr Jökulsárlóninu sem við svo bræðum til að fá vatn í framleiðsluna,“ segir hann. Þá segir hann einnig stuðst við séruppskrift og bjórinn því ólíkur öðrum bjór frá fyrirtækinu. Til dæmis sé hann kryddaður með blóðbergi. „Hann er því dálítið sérstakur, en útlendingar eru mjög hrifnir af honum.“ **- óká**

## Askan dreifist með háloftavindum




- Veðrahvolf nær frá yfirborði jarðar upp að veðrahvörfum (tropopuase) en svo kallast efri mörk veðrahvolfsins. Veðrahvörf yfir Íslandi eru oft í um tíu kílómetra hæð.
- Ofan á veðrahvolfinu liggja ætíð svokölluð veðrahvörf og eru þau jafnframt neðra borð heiðhvolfsins. Hiti fellur lítið í heiðhvolfinu og er loft þar mjög stöðugt. Lóðréttar hreyfingar lofts eru mjög litlar að jafnaði þótt vindar séu oft mjög sterkir.
- Stöðugleiki og vindáttir ráða hvert askan berst.
- Algengt er að lofthjúpurinn sé mjög lagskiptur bæði hvað varðar hitafallanda og vindstefnu og styrk.
- Gosefni sem berast upp í loftið frá eldstöð mæta þessari lagskiptingu. Hitinn neðst í gosmekkinum er mjög mikill og á mjög greiða leið lóðrétt.
- Miklar sprengingar þarf þó til þess að gosefni berist í gegnum veðrahvörfin. Í langflestum gosum hér á landi berst ekki mikið af efnum þar upp.
- Veðrahvörfin nagast þó aðeins að neðan og við það verður blöndun gosefna við allra neðstu lög heiðhvolfsins. Þetta loft getur þá borist mjög langar leiðir áður en það fellur út.
- Berist gosmökkurinn upp í veðrahvörfin getur aska borist um alla jörðina á tiltölulega stuttum tíma.

VELKOMIN Á BIFRÖST

HHS - heimspeki, hagfræði og stjórnmálafræði



HHS undirbýr nemendur fyrir atvinnumarkað þar sem gerðar eru miklar kröfur og þróun er hröð.

Námið er einnig góður undirbúningur fyrir fjölbreytilegt framhaldsnám á sviði hug- og félagsvísinda. Í því fléttast saman þrjár grunngreinar hug- og félagsvísinda sem oftast eru kenndar hver í sínu lagi. Með því að blanda saman aðferðum heimspeki, hagfræði og stjórnmálafræði verður til óvenjulegt og innihaldsríkt grunnnám sem gefur óvænt og gagnleg sjónarhorn.

Á Bifröst gefst nemendum kostur á að ljúka námi á skemmri tíma þar sem sumarnám er hluti reglulegs náms. Náminu má því ljúka á tveimur og hálfu ári.

Opið fyrir umsóknir til 15. júní á bifrost.is

HÁSKÓLINN Á BIFRÖST
BIFRÖST UNIVERSITY

# Segja öskuspárnar vera ómarktækar

**Aska frá Grímsvötnum hefur truflað flug í Evrópu. Yfirmenn Ryanair mótmæla flugbanni og fóru í reynsluflug um umdeilt öskusvæði. Segja öskuspá bresku veðurstofunnar gjörsamlega óáreiðanlega.**

Um 500 flugferðum var aflýst í Evrópu í gær vegna öskuskýja frá gosinu í Grímsvötnum, samkvæmt tölum frá Eurocontrol, flugumferðarstjórn Evrópu.

Ekki voru allir sáttir við þá ákvörðun að loka flughelginni yfir Skotlandi og bárust hörð mótmæli frá flugfélaginu Ryanair, stærsta lággjaldaflugfélagi Evrópu. Á vef félagsins var því haldið fram að bannið væri ástæðulaust. Til þess að sýna fram á það flaug vél á vegum Ryanair yfir Skotland þar sem öskuþéttleiki átti að vera yfir hæstu mörkum, svokallað rautt svæði samkvæmt skilgreiningu flugmálayfirvalda þar í landi.

Flugferðin tók eina klukkustund og var flogið í 41 þúsund feta hæð. Að fluginu loknu sendi Ryanair frá sér yfirlýsingu þar sem sagði að engin öskuský hefðu verið sjáanleg og engin ummerki væri að finna á þotuhreyflum eða ytra byrði flugvélarinnar.

Því kallaði félagið eftir því að flugbanni yrði aflétt þar sem reynsluflugið sýndi að spá bresku veðurstofunnar um rauð svæði væri „gjörsamlega óáreiðanleg og algerlega óstudd gögnum um þéttleika ösku í lofti“.

Richard Taylor, talsmaður bresku flugumferðastjórnarinnar, vísaði þessum ummælum til föðurhúsanna í samtali við sjónvarpsstöðina CNN. Taylor sagði staðhæfingar Ryanair „ósannar“ og vél félagsins hefði ekki verið flogið þar sem þéttleikinn var á efsta stigi.

Þessu var hafnað af hálfu Ryanair og ítrekað að flogið hafi verið í gegnum rautt svæði.

Þá gagnrýndi Alþjóðasamband flugrekenda bresk flugmálayfirvöld fyrir að gera ekki eigin athuganir á aðstæðum heldur reiða sig um of á spár veðurstofunnar. Engu að síður voru fjölmörg flugfélög sem tóku banninu af ró og Evrópusamtök flugmanna vöruðu við því að flugfélög sendu vélar sínar inn í aðstæður þar sem ösku væri að finna.

Síðustu spár Eurocontrol í gær gerðu ráð fyrir að öskuský gætu haft áhrif á flug í Danmörku, suðurhluta Noregs og Svíþjóðar og norðurhluta Þýskalands fram á daginn í dag.

**thorgils@frettabladid.is**

## Ný stofnun um flugöryggi í Evrópu

Eldgosið í Grímsvötnum markaði viss tímamót í flugmálastjórn Evrópu þar sem um er að ræða eldskírn nýrrar fjölþjóðlegrar stofnunar sem hefur yfirumsjón með flugumferð þegar hættuástand skapast.

Samhæfingarhópur um flugöryggi á hættutímum var stofnaður fyrir ári til að koma í veg fyrir upplausnarástand líkt og skapaðist í kringum eldgosið í Eyjafjallajökli, en hópurinn kom fyrst saman á mánudag. Þar eiga sæti, meðal annarra, flugumferðarstjórnir, framkvæmdastjórn Evrópusambandsins, flugfélög og rekstrarfélög flugvalla.

# GÁÐU HANDAN VIÐ HORNIÐ

■ Bíldshöfði 8

Brimborg lofar að einbeita sér að því að aðstoða þig
við að kaupa vöru, þjónustu og hugarfar Brimborgar

**Kafaðu dýpra** þegar þú kaupir notaðan bíl. Gerðu ríkar kröfur. Gáðu hvað er handan við kaupverðið. Hafðu í huga að þú kaupir miklu meira en bara bílinn. Brimborg lofar að einbeita sér að því að hjálpa þér að kaupa. Þannig færðu meira en bara bíl. Þú færð alla þá þjónustu og öryggi sem þú krefst. Þú velur ábyggilega öruggan stað að vera á. Bíldshöfði 8 er því sannkallað sæluhús. Og mundu, handan við hornið eru tvö önnur sæluhús, Ford og Volvo, Bíldshöfða 6 og Brimborg Akureyri, Tryggvabraut 5.

## Gerðu kröfur til okkar
## Komdu í Brimborg í dag

Skoðaðu fleiri dæmi um betri notaða bíla hjá Brimborg. Smelltu á notadir.brimborg.is



**Mazda 6 Sport (LPT39)**
2,3i bensín 165 hö
5 dyra sjálfskiptur
Skrd. 9/2007. Ek. 41.000 km
Koltvísýringur $CO_2$ 212 g/km
**Gáðu: 2.640.000 kr.**



**Mazda 3 Touring Plus (GNP72)**
1,6i bensín 105 hö
5 dyra sjálfskiptur
Skrd. 05/2008. Ek. 68.000 km
Koltvísýringur $CO_2$ 183 g/km
**Gáðu: 1.950.000 kr.**



**Mazda 6 Advance (AMS64)**
2,0i bensín 146 hö
5 dyra sjálfskiptur
Skrd. 07/2008. Ek. 60.000 km
Koltvísýringur $CO_2$ 182 g/km
**Gáðu: 2.980.000 kr.**

mazda



**Mazda 3 Touring Plus (VE799)**
1,6i bensín 105 hö
5 dyra sjálfskiptur
Skrd. 12/2006. Ek. 73.000 km
Koltvísýringur $CO_2$ 183 g/km
**Gáðu: 1.690.000 kr.**



**Mazda 5 Advance (TXD82)**
2,0i bensín 146 hö
7 sæta sjálfskiptur
Skrd. 06/2008. Ek. 45.000 km
Koltvísýringur $CO_2$ 198 g/km
**Gáðu: 2.590.000 kr.**

**Spyrðu um fyrirmyndarþjónustu Brimborgar** Bíll er ekki bara bíll. Bíllinn þinn er miklu meira en vélknúið ökutæki. Bíllinn er staður tómstunda, ævintýra eða jafnvel vinnu. Þú reiðir þig á að bíllinn sé í lagi. Bíll er ekki bara bíll. Bíll þarf umhirðu, viðhald, þjónustu, bílastæði og margt fleira. Brimborg er hinsvegar með þér alla leið. Þú færð bílinn, þjónustuna, þrifin, dekkin, viðgerðir og ráðgjöf um hvað hentar þér. Þú færð... tækifæri til að sinna þínu lífi. Við sinnum bílnum. Fyrir þig.

**Með þér alla leið**

CITROËN



**Citroën C5 Exclusive II (VEV08)**
2,0i bensín 143 hö
5 dyra sjálfskiptur
Skrd. 11/2007. Ek. 81.000 km
Koltvísýringur $CO_2$ 206 g/km
**Gáðu 1.990.000 kr.**



**Citroën Berlingo MSP (ZS790)**
1,6i bensín 110 hö
5 dyra beinskiptur
Skrd. 12/2006. Ek. 82.000 km
Koltvísýringur $CO_2$ 177 g/km
**Gáðu: 1.390.000 kr.**



**Citroën C3 SX (SO553)**
1,4i bensín 75 hö
5 dyra 5 gíra beinskiptur
Skrd. 11/2006. Ek. 63.000 km
Koltvísýringur $CO_2$ 145 g/km
**Gáðu: 1.170.000 kr.**



**Citroën C4 Comfort (EF710)**
1,6i bensín 110 hö
5 dyra beinskiptur
Skrd. 01/2007. Ek. 39.000 km
Koltvísýringur $CO_2$ 180 g/km
**Gáðu: 1.530.000 kr.**



**Citroën C8 SX (DAL57)**
2,0i bensín 143 hö
7 sæta sjálfskiptur
Skrd. 06/2008. Ek. 45.000 km
Koltvísýringur $CO_2$ 229 g/km
**Gáðu: 3.160.000 kr.**

Skoðaðu fleiri dæmi um betri notaða bíla hjá Brimborg. Smelltu á notadir.brimborg.is

Finndu okkur á fasbókinni

Brimborg | Max1 | Vélaland | Saga bílaleiga | Dollar bílaleiga | Thrifty bílaleiga
Volvo á Íslandi | Ford á Íslandi | Citroën á Íslandi | Mazda á Íslandi | Ford Truck á Íslandi

**Komdu í dag!**
**Opið virka daga kl. 9:00 - 17:00**
**og laugardaga kl. 12:00 - 16:00**
Varahlutaverslun og verkstæðismóttaka einnig opin á laugardögum

vistvæn skref með Brimborg

**Við hjálpum þér að kaupa bíl í dag.**
**Gáðu að verði. Komdu í Brimborg.**

brimborg
*Öruggur staður til að vera á*

Brimborg Reykjavík: Bíldshöfða 8, sími 515 7000 | notadir.brimborg.is

**GENGIÐ 24.05.2011**

| GJALDMIÐLAR | KAUP | SALA |
|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | 116,33 | 116,89 |
| Sterlingspund | 187,97 | 188,89 |
| Evra | 163,96 | 164,88 |
| Dönsk króna | 21,986 | 22,114 |
| Norsk króna | 20,866 | 20,988 |
| Sænsk króna | 18,389 | 18,497 |
| Japanskt jen | 1,4219 | 1,4261 |
| SDR | 184,13 | 185,23 |

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR
206,3735

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Fatahönnuður segist hafa orðað skýringar til borgarinnar í styrkjamáli óheppilega:

# Endurgreiðir ákveði borgin það

**REYKJAVÍKURBORG** „Þetta var óheppilega orðað í bréfi mínu til borgarinnar,“ segir Linda Björg Árnadóttir, fagstjóri hönnunardeildar Listaháskóla Íslands, sem verst nú kröfu borgarinnar um að endurgreiða 500 þúsund króna styrk sem hún fékk í fyrra til að skapa farveg fyrir unga fatahönnuði.

Menningarsvið borgarinnar efaðist um að styrkurinn hefði farið í tilætlað verkefni og vildi fá peningana til baka en Linda segir það alrangt og að hún hafi nú sent borginni nauðsynleg gögn um málið. Féð hafi þó ekki endað í Fataverslunninni Kiosk, eins og skilja mátti af fyrra bréfi Lindu til borgarinnar. Það bréf hafi verið óheppilega orðað. Hið rétta sé að tvær stúlkur sem tóku þátt í verkefninu sem styrkt var hafi síðan komið að stofnun Kiosk. Sjálf tengist Linda versluninni ekki.

Þá segist Linda hafa varið um 300 klukkustundum af eigin tíma endurgjaldslaust í umrætt verkefni. Hún hafi af óeigingirni reynt af fremsta megni að styðja við bakið á nemendum sínum í fatahönnun.

„Allir þessar peningar og miklu meira til fóru í verkefnið. Þetta mál verður tekið fyrir á næsta fundi menningarráðs. Ef niðurstaðan verður sú að ég eigi að endurgreiða þennan styrk þá geri ég það,“ segir Linda Björg Árnadóttir. **- gar**



**LINDA BJÖRG ÁRNADÓTTIR** Fagstjóri fatahönnunardeildar Listaháskóla Íslands.

Danskir þingframbjóðendur:

# Þriðji hver skipti um flokk

**DANMÖRK** Nær þriðjungur frambjóðendanna í dönsku þingkosningunum hefur áður verið virkur í öðrum flokkum. Þótt Ny Alliance og Liberal Alliance hafi valdið miklum hrókeringum á miðjunni hafa flestar orðið milli annarra og eldri flokka. Þetta kemur fram í könnun á vegum Ugebrevet A4.

Af þeim 165 sem skipt hafa um flokk eru þeir sem voru rauðir en eru orðnir bláir í meirihluta. Flestir halda sig innan sömu hugmyndafræðilegu blokkar. **- ibs**

Aðalfundur á fimmtudag:

## Ágúst Einarsson úr stjórn

**VIÐSKIPTI** Ágúst Einarsson hefur ákveðið að gefa ekki kost á sér til áframhaldandi stjórnarformennsku í Framtakssjóði Íslands næsta starfsár, að því er fram kemur í tilkynningu.

Aðalfundur sjóðsins verður haldinn á morgun. Ný stjórn verður kjörin á fundinum.

Ágúst hefur verið formaður sjóðsins frá upphafi, en sjóðurinn er í eigu lífeyrissjóða auk Landsbanka Íslands og VÍS. **- óká**

Ekki hefur tekist að mynda ríkisstjórn í heilt ár:

# Markaðir missa trúna á efnahagslífið í Belgíu

**BELGÍA, AP** Yves Leterme, sem er forsætisráðherra Belgíu til bráðabirgða, segir að nú megi ekki dragast lengur að fá niðurstöðu í stjórnarmyndunarviðræður.

Markaðir eru farnir að missa trúna á efnahagslíf Belgíu vegna þess að leiðtogum stjórnmálaflokka landsins hefur enn ekki tekist að mynda stjórn, þótt brátt sé liðið heilt ár frá því þingkosningar voru haldnar.

„Við verðum að hraða viðræðunum og gera umheiminum ljóst hvernig við ætlum að haga fjármálastjórninni,“ sagði Leterme. **- gb**



**YVES LETERME**



**HERMAN VAN ROMPUY OG LAWRENCE GONZI** Forsætisráðherra Möltu tók á móti forseta leiðtogaráðs ESB fyrir nokkrum vikum, en Malta er eina aðildarríki ESB sem leyfir ekki hjónaskilnaði. NORDICPHOTOS/AFP

# Ákveða hvort leyfa skuli hjónaskilnaði

**Hart er deilt á Möltu um hvort leyfa eigi hjónaskilnaði á þessari 400 þúsund manna eyju í Miðjarðarhafinu. Greidd verða atkvæði um málið á laugardag. Mjótt er á munum ef marka má skoðanakannanir.**

**MALTA** Fyrir utan Páfagarð eru hjónaskilnaðir einungis bannaðir í tveimur löndum heims, á Filippseyjum og á Möltu. Bæði þessi lönd eru að miklum meirihluta byggð kaþólsku fólki.

Maltverjar hafa tækifæri til þess að breyta þessu nú á laugardaginn, þegar gengið verður til þjóðaratkvæðagreiðslu um málið. Samkvæmt skoðanakönnunum er hins vegar mjótt á mununum og vel hugsanlegt að tillagan verði felld.

Þjóðernisflokkurinn, sem hefur stjórnað landinu nánast samfleytt síðustu áratugina, er andvígur breytingunni. Verkamannaflokkurinn, sem er í stjórnarandstöðu, segist hins vegar hlutlaus.

Einungis þessir tveir flokkar eru á 69 manna þingi landsins, en þriðji flokkurinn, Lýðræðislegur valkostur, sem náði ekki inn manni á þing í síðustu kosningum, hefur lengi barist fyrir því að hjónaskilnaðir verði leiddir í lög á Möltu.

Lawrence Gonzi forsætisráðherra ákvað í sumar sem leið að efna til þjóðaratkvæðagreiðslu um málið eftir að þingmaður í flokki hans hafði lagt fram á þingi frumvarp um lögleiðingu hjónaskilnaða.

Skoðanakannanir sýna að meirihluti Maltverja vill þjóðaratkvæðagreiðslu, enda hefur málið verið endalaust tilefni til harðvítugra deilna árum og jafnvel áratugum saman.

Nokkuð traustur meirihluti mældist síðastliðið sumar fyrir því að skilnaðir yrðu leiddir í lög. Um það bil helmingur kjósenda Þjóðernisflokksins vildi þá samþykkja hjónaskilnaði og þrír fjórðu kjósenda Verkamannaflokksins voru málinu einnig fylgjandi.

Í nýjustu skoðanakönnunum hefur fylgið hins vegar snarminnkað og einungis naumur meirihluti mælist. **gudsteinn@frettabladid.is**

**Fara úr landi**

Samkvæmt lögum á Möltu geta hjón ekki fengið skilnað, hvort sem hjónaband þeirra er kirkjulegt eða borgaralegt. Þrátt fyrir það geta maltversk hjón fengið hjá stjórnvöldum þar löglega staðfestingu á hjónaskilnaði, en þá þurfa þau fyrst að leggja á sig ferðalag til annars lands og fá skilnað þar.

Tveir aðrir kostir standa þeim Maltverjum til boða sem vilja skilja við maka sinn. Annar er sá að skilja að borði og sæng, en þá eru viðkomandi áfram hjón að lögum þótt þeim beri ekki lengur skylda til þess að búa á sama stað. Hinn kosturinn er að fá hjónabandið ógilt, en það hentar ekki öllum því þá er farið með réttindi þeirra eins og þau hafi aldrei verið gift, jafnvel þótt þau eigi saman bæði börn og hús og aðrar eignir.


Microsoft Dynamics AX

HugurAx kynnir Dynamics AX Retail

Hótel Hilton Nordica, föstudaginn 27. maí frá kl. 08:00 - 11:00

Dagskrá

Húsið opnar
Kjarngóður morgunmatur að hætti hússins frá 8 - 8:30

HugurAx býður góðan dag
Jón Helgi Einarsson - framkvæmdastjóri HugarAx

AX Retail í stuttu máli
Elín Margrét Lýðsdóttir - ráðgjafi hjá HugAx

AX Retail - forskot til framtíðar
Kim Guldager - Solutions Sales Specialist hjá Microsoft

Verslunarlausnir fyrir íslensk fyrirtæki
Valgeir Smári Óskarsson - hugbúnaðarsérfræðingur hjá HugAx

Lausnir á lausnir ofan
Hrólfur P. Eggerz - ráðgjafi hjá LS Retail

Nauðsynlegt er að skrá sig í síma 545 1000 eða senda tölvupóst á edda@hugurax.is

Hlökkum til að sjá þig

HUGUR / AX




# Hvaða lyfjaform hentar þér?

## Nicorette býður mesta úrval nikótínlyfja



Nicorette lyfjatyggigúmmí
Mest notaða Nicorette lyfjaformið



Nicorette Invisi plástur
Einfaldasta lyfjaformið



Nicorette tungurótartöflur
Fyrirferðarminnsta lyfjaformið



Nicorette nefúði
Skjótvirkasta lyfjaformið



Nicorette innsogslyf
Sígarettulegasta lyfjaformið



Nicorette Freshdrops munnsogstöflur
Nýjasta lyfjaformið

**nicorette®** Auðveldar þér að hætta að reykja

nicorette nicotin ™

Nicorette nikótínlyf eru fáanleg án lyfseðils og eru notuð til meðferðar á nikótínfíkn og til að draga úr fráhvarfseinkennum þegar reykingum er hætt eða þegar dregið er úr þeim. Skammtar eru einstaklingsbundnir eftir því hve mikið er reykt en hámarksdagskammtar eru: Lyfjatyggigúmmí 24 stk, Innsogslyf 12 hylki, Nefúði 80 úðar, Forðaplástur 1 stk. Tungurótartöflur 40 stk. Munnsogstöflu 15 stk. Leitið tillæknis eða lyfjafræðings ef þörf er á frekari upplýsingum um lyfin. Þeir sem fengið hafa ofnæmi fyrir nikótíni eða öðrum innihaldsefnum lyfsins, nýlegt hjartaáfall, óstöðuga versnandi hjartaöng, alvarlegar hjartsláttartruflanir, óméðhöndlaðan háþrýsting eða nýlegt heilablóðfall eiga ekki að nota Nicorette. Börn yngri en 15 ára mega ekki nota Nicorette, og munnsogstöflurnar eru ekki ætlaðar yngri en 18 ára nema í samráði við lækni. Þungaðar konur og konur með barn á brjósti skulu eingöngu nota Nicorette í samráði við lækni. Lesið allan fylgiseðilinn vandlega áður en byrjað er að nota lyfið. Markaðsleyfishafi: McNeil Denmark ApS. Umboð á Íslandi: Vistor hf., Hörgatún 2, 210 Garðabæ.

# Fjarðarkaup

## 25. - 28. maí



**KF Íslenskt heiðarlamb**
**1.398,kr./kg**

úr kjötborði



**Lúxus svínakótilettur í mango/chilli**
**1.498,kr./kg**
verð áður 1.898,-/kg

úr kjötborði



**Svínakótilettur**
**998,kr./kg**
verð áður 1.498,-/kg



**KF Herragarðs svínakótilettur**
**1.298,kr./kg**
verð áður 1.800,-/kg




**Myllu FK brauð**
**189,kr.**
verð áður 223,-




**FK svínahnakki úrb./ svínakótilettur m/beini**
**1.398,kr./kg**



**Vínarpylsur 10 stk.**
**498,kr./pk.**
verð áður 720,-/pk.



**Myllu pylsubrauð**
**95,kr.**
verð áður 144,-



**FK Grill lambalærisneiðar**
**1.745,kr./kg**
verð áður 2.245,-/kg

úr kjötborði



**Nauta Rib-eye**
**2.998,kr./kg**
verð áður 3.998,-/kg




**KF Kofareykt bjúgu 1,26kg**
**598,kr./pk.**



**Frosnir hamborgarar 10x80g**
**1.084,kr./pk.**
verð áður 1.355,-/pk.




**KF Pizzaskinka 125g**
**113,kr./pk.**




**ALI álegg með 25% afslætti**



**Hamborgarar 4x80g m/brauði**
**576,kr./pk.**
verð áður 680,-/pk.

VISA

FK VIÐSKIPTAMANNAKORT - Tilvalið gjafakort

www.FJARDARKAUP.is



SS Caj P´s lambalærisneiðar
**2.494,kr./kg**
verð áður 3.118,-/kg



SS Grískar grísasneiðar beinlausar
**1.662,kr./kg**
verð áður 2.078,-/kg



Fjallalambs læri frosið
**1.199,kr./kg**
verð áður 1.498,-/kg




Smjörvi 300g
**198,kr.**
verð áður 258,-




Kókómjólk 6x0,25L
**298,kr.**
verð áður 428,-




Tilboðs Gotti
**1.085,kr./kg**
verð áður 1.356,-/kg




Merril kaffi nr.103
**498,kr.**
verð áður 748,-




Libero XL 52stk.
5 stærðir
**1.998,kr.**
verð áður 2.498,-




Pampers stór pk.
5 stærðir
**1.598,kr.**
verð áður 1.798,-




25% verðlækkun á HIPP barnamat




Ariel Regular/Color 2 kg
**995,kr./stk.**
verð áður 1.390,-/stk.




Nýmjólk 1L
**85,kr.**
verð áður 112,-

Léttmjólk 1L
**85,kr.**
verð áður 109,-




Fjörmjólk 1L
**99,kr.**
verð áður 136,-




Undanrenna 1L
**85,kr.**
verð áður 113,-




Stoðmjólk 1/2L
**75,kr.**
verð áður 95,-




Tropí 1L
**185,kr.**
verð áður 298,-




Cheerios twinpack 992g
**698,kr.**
verð áður 898,-




OTA Sólgrjón 950g
**298,kr.**
verð áður 429,-



Bananar
**140,kr./kg**
verð áður 279,-/kg



Epli rauð
**179,kr./kg**
verð áður 358,-/kg



Appelsínur
**98,kr./kg**
verð áður 198,-/kg

**Tilboð gilda til laugardagsins 28. maí**

FK FJARÐARKAUP

Opið mánudaga - miðvikudaga frá 09:00 - 18:00, fimmtudaga 09:00 - 18:30, föstudaga 09:00 - 19:00 og laugardaga 10:00 - 16:00, lokað sunnudag - www.fjardarkaup.is

# skoðun

greinar@frettabladid.is

Flugfélög og flugmálayfirvöld hafa margt lært af gosinu í Eyjafjallajökli en gera þarf betur.

## Askan og öryggið

Gosið í Grímsvötnum er nú í rénun og vonandi að það hafi úr þessu lítil áhrif á flugumferð í Evrópu. Truflun á flugumferð í gær var mun minni en þegar gaus í Eyjafjallajökli í fyrra; aðeins um 500 flugferðum af um 30.000 á svæði evrópsku flugmálastofnunarinnar Eurocontrol var aflýst. Í fyrra var tugum þúsunda flugferða aflýst og áhrifin á rekstur einstakra flugfélaga og raunar heilu hagkerfin voru umtalsverð.

Þær deilur, sem fram hafa farið bæði hér heima og í nágrannaríkjunum um réttmæti þess að loka loftrými vegna ösku frá eldfjallinu eru athyglisverðar.

Í Fréttablaðinu í gær gagnrýndi Jónas Elíasson, prófessor emeritus við Háskóla Íslands, að flugbannið á Íslandi væri alltof víðtækt og sagði um of byggt á spám öskumiðstöðvarinnar VAAC í Bretlandi, í stað þess að gera raunverulegar mælingar hér á landi. Fleiri, bæði vísindaog leikmenn, hafa tekið undir þessa gagnrýni. Á móti bendir Isavia, sem rekur flugvellina, að spá VAAC byggi að hluta til á gögnum, sem safnað sé hér á landi og hættulegt sé að treysta um of á staðbundnar mælingar. Á Bretlandseyjum var deilt hart á ákvarðanir flugmálayfirvalda um að loka flugvöllum. Sérstaklega var gagnrýnin frá lággjaldaflugfélaginu Ryanair harkaleg, en félagið sendi vél án farþega í loftið til að kanna hvort aska hefði einhver áhrif á hana. Svo reyndist ekki vera, en deilt er um hvort hún hafi í raun flogið um þau svæði, þar sem talið var að askan væri þéttust.


SKOÐUN



**Ólafur Þ. Stephensen**

olafur@frettabladid.is


Fyrir liggur að flugmálayfirvöld og flugfélög í Evrópu hafa lært mikið af Eyjafjallajökulsgosinu í fyrra, hvað varðar skilyrði fyrir því að loka loftrými fyrir umferð, raunveruleg áhrif ösku á hreyfla og skrokk flugvéla og síðast en ekki sízt hvernig leyst er úr vanda farþega. Þó er margt órannsakað og ýmsar þær aðgerðir, sem ákveðið var að grípa til í framhaldi af gosinu í Eyjafjallajökli, voru ekki komnar til framkvæmda og reynir því ekki á þær að þessu sinni. Þó er óhætt að fullyrða að lokanir nú hafa ekki verið eins víðtækar og þær hefðu verið ef reynslan af gosinu í fyrra hefði ekki komið til.

Alþjóðasamtök flugfélaga, IATA, hafa þrýst á að Evrópusambandið hraði áformum sínum um samræmda flugumferðarstjórn í Evrópu til að koma í veg fyrir misvísandi ákvarðanir um opnun og lokun loftrýmis og flugleiða, sem juku enn á ringulreiðina í gosinu í fyrra. Aukið alþjóðlegt samstarf er klárlega nauðsynlegt til að hægt sé að bregðast við eldgosum með sem skilvirkustum hætti.

Gagnrýnina á of hörð viðbrögð flugmálayfirvalda, bæði hér og erlendis, ber að taka alvarlega. Tvö stór eldgos með stuttu millibili sýna að full þörf er á nákvæmari mælingum, sem auðvelda yfirvöldum að ákveða viðbrögðin. Sömuleiðis er þörf á víðtækari rannsóknum á áhrifum öskunnar á flugvélar.

Hins vegar er full ástæða til að fara varlega. Reiðir strandaglópar kunna að taka í hjarta sínu undir gagnrýni forstjóra Ryanair, þegar hann formælir flugmálayfirvöldum – en hvaða yfirvöld vildu bera ábyrgð á að hafa heimilað flug, sem endaði með stórslysi? Mannslífin eiga að sjálfsögðu að njóta vafans, eins og er hin almenna regla í flugöryggismálum.


FRÉTTABLAÐIÐ

**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365 miðlar ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Ingibjörg S. Pálmadóttir **FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUSTJÓRI:** Ari Edwald **RITSTJÓRI:** Ólafur Þ. Stephensen *olafur@frettabladid.is* **AÐSTOÐARRITSTJÓRI:** Steinunn Stefánsdóttir *steinunn@frettabladid.is*
Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. Issn 1670-3871







## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Ómaklegt

Brynjar Níelsson lögmaður skrifar snöfurlegan pistil á Pressuna um hversu ómaklegt það sé að spyrða fólk við skuldbindingar maka þess. Hann tekur sem dæmi Þorgerði Katrínu Gunnarsdóttur, sem legið hefur undir ámæli vegna kúlulána eiginmanns síns, Kristjáns Arasonar. Það þykir Brynjari vond latína og spyr hvers vegna femínistaog kvenréttindasamtök hafi ekki komið Þorgerði til varnar. „Félagsmenn þessara ágætu samtaka telja greinilega ekkert athugavert við það að reynt sé að veikja stöðu kvenþingmanns með því að draga fram skuldir félags í eigu eiginmanns hennar sem hún ber enga ábyrgð á.“



### Hjá því verður ekki horft…

Ekki eru allir sammála Brynjari um að Þorgerður Katrín beri enga ábyrgð á skuldum eiginmanns síns. Þeirra á meðal er Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir, sem sagði á flokksráðsfundi Sjálfstæðisflokksins í fyrra: „Hjá þeirri staðreynd verður ekki horft að minn elskulegi eiginmaður – og þar með ég sjálf með einum eða öðrum hætti – stöndum í eitt þúsund og sjöhundruð milljón króna skuld við kröfuhafa lána sem við tókum.“



### Vísindunum fleygir fram

Þegar Eyjafjallajökull gaus í fyrra spurðu erlendir fjölmiðlar forseta Íslands hvaða áhrif mætti búast við að gosið hefði. „Samanlögð þekking vísindasamfélagsins gæti ekki svarað þessari spurningu,“ svaraði Ólafur. Í gær spurðu erlendir fjölmiðlar sömu spurningar. „Þetta verður ekki í líkingu við það sem gerðist í fyrra,“ var svarið nú. Einhver hefur skráð sig í jarðfræði 101 í millitíðinni.

bergsteinn@frettabladid.is

HALLDÓR




## Hjúkrun og ofbeldi


Ofbeldi



**Ingólfur V. Gíslason**

dósent í félagsfræði við Háskóla Íslands


Ófáum mannslífum hefur verið bjargað af starfsfólki heilbrigðiskerfisins með þeirri einföldu aðferð að spyrja fólk hvort það stundi einhvern áhættulifnað, reyki, noti vímuefni í óhófi eða éti rusl(fæði). Spurningar um slíka þætti eru víða sjálfsagðar í heilbrigðiskerfi Vesturlanda og reynslan er alls staðar sú sama. Það er enginn sem móðgast við slíkar spurningar, þær eru bara eðlilegur og sjálfsagður hluti af því ferli að heilbrigðisstarfsmaður geti myndað sér þá heildstæðu skoðun sem nauðsynleg er til að rétt sé tekið á vanda viðkomandi einstaklings.

> Slíkt ofbeldi getur skilið eftir sig ósýnileg sár sem árum saman spilla lífsgæðum…

Allt of margir einstaklingar í íslensku samfélagi hafa orðið fyrir ofbeldi, m.a. af hendi einhvers nákomins. Slíkt ofbeldi getur skilið eftir sig ósýnileg sár sem árum saman spilla lífsgæðum og leiða til kvilla og verkja sem engar skynsamlegar ástæður virðast vera á bak við. Til þess að komast að þessari rót vandans þarf að beita sömu aðferð og varðandi reykingar, það þarf að spyrja.

Þetta hefur lengi verið vitað en þrátt fyrir það er það ekki nema á einstaka stöðum eða undir vissum kringumstæðum sem fólk er spurt. Ástæðurnar eru nokkrar og meðal annars er um að ræða sömu ástæðu og hindraði í nokkur ár að farið væri að spyrja um reykingar. Óttinn við að móðga, að verið væri að fara inn á svið sem væri einka. Þar sem tilraunir hafa verið gerðar með að spyrja skjólstæðinga um reynslu af ofbeldi hafa niðurstöður þó alltaf verið þær sömu. Fólk tekur þessum spurningum á sama hátt og öðrum spurningum starfsfólks, sem tilraun til að finna hvað sé að, hvað beri að gera.

Aftur og aftur birtast okkur kannanir og rannsóknir sem sýna að afar margir Íslendingar hafa orðið fyrir ofbeldi. Margir þeirra leita sí og æ til heilbrigðisþjónustunnar með óljós einkenni án þess að fá nokkra bót. Það er mikilvægt fyrir þessa einstaklinga og það er mikilvægt fyrir heilbrigðisþjónustuna í heild að gripið sé til þess ráðs að dugar til að fá orsökina upp á yfirborðið. Það þarf að sjá til þess að starfsfólk heilbrigðisþjónustunnar geti spurt skjólstæðinga sína um reynslu af ofbeldi.

FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **SÍMI:** 512 5000, *ritstjorn@frettabladid.is* **FRÉTTASTJÓRAR:** Arndís Þorgeirsdóttir *arndis@frettabladid.is*, Kristján Hjálmarsson, *kristjan@frettabladid.is* Trausti Hafliðason *trausti@frettabladid.is* og Höskuldur Daði Magnússon (dægurmál) *hdm@frettabladid.is*
**HELGAREFNI:** Sigríður Björg Tómasdóttir *sigridur@frettabladid.is* **MENNING:** Bergsteinn Sigurðsson *bergsteinn@frettabladid.is* **ALLT OG SÉRBLÖÐ:** Roald Eyvindsson *roald@frettabladid.is* og Sólveig Gísladóttir *solveig@frettabladid.is*
**ÍÞRÓTTIR:** Sigurður Elvar Þórólfsson *seth@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Kolbrún Ingibergsdóttir *kolbrun@frettabladid.is*

# Þarfir nýrra tíma

Menntamál

Kristín Ingólfsdóttir

rektor Háskóla Íslands



Áhrif af eldgosi í Eyjafjallajökli í fyrra og Grímsvötnum nú á þessu vori knýja á um leit að nýrri þekkingu á sviði flugvélaiðnaðar, flugumferðarstjórnunar, jarðvísinda, veðurfræði og heilbrigðisvísinda. Á örfáum misserum höfum við orðið vitni að því hvernig skyndilegar breytingar af völdum þjóðfélagshræringa, veðurfarsbreytinga eða náttúruhamfara skapa fyrirvaralaust brýna þörf fyrir nýja þekkingu á fjölmörgum sviðum. Við sjáum þetta eftir náttúruhamfarir og kjarnorkuleka í Japan, fjármálakreppur víða um heim og samfélagsuppnám í Norður-Afríku og Mið-Austurlöndum sem á ekki síst rætur í matvælaverðhækkunum sem tengja má veðurfarsbreytingum. Þessi nýlegu dæmi eru góð áminning um hversu vandasamt er að spá fyrir um þarfir framtíðar í menntun og vísindum.

Við verðum vitni að því að hagkerfi heimsins tekur gífurlegum breytingum. Með undraverðum hraða er Kína orðið næststærsta hagkerfi í heimi og helsti lánardrottinn þeirra sem mest máttu sín fyrir nokkrum áratugum. Indland, Brasilía og önnur lönd Asíu og Suður-Ameríku eru á hraðri siglingu. Efnahagsleg og pólitísk þungamiðja í heiminum er að færast til austurs og suðurs. Þetta mun allt hafa gífurleg áhrif á valdajafnvægi, viðskipti, efnahag, menningu og stjórnmál.

Einn helsti mælikvarði á getu þjóða til arðbærrar þekkingarsköpunar er hlutfall ungs fólks með háskólamenntun í hverju landi. Fyrir 30 árum var þetta hlutfall hæst í Bandaríkjunum en nú eru þau í 9. sæti. Obama forseti hefur sett markmið um að Bandaríkin nái aftur forystusæti fyrir árið 2020. Þetta þýðir að hlutfall ungs fólks með háskólamenntun þar í landi þarf að aukast úr 40% í 60%. Þetta er háleitt markmið en bandarísk stjórnvöld vinna eftir aðgerðaráætlun sem á að skila þessum árangri.

Þetta er að hluta andsvar Bandaríkjanna við hraðri sókn Austur-Asíulanda á sviði mennta og vísinda. Þar hefur róðurinn verið verulega hertur í krafti hagvaxtar og langtímasýnar um gildi menntunar. Suður-Kórea hefur til að mynda á stuttum tíma þróað eitt best menntaða vinnuafl í heiminum. Í Singapore, Indlandi og Kína hefur mikil áhersla verið lögð á fjárfestingu í menntun, vísindum og nýsköpun. Það er augljóst að bandarískir og evrópskir nemendur þurfa í vaxandi mæli að keppa við stúdenta frá þessum löndum, m.a. um pláss við virtustu háskóla og síðan um störf á alþjóðavettvangi. Þar við bætist að fyrirtæki í Austur-Asíu koma til leiks á alþjóðlegum samkeppnismarkaði með sífellt betur menntað fólk.

Nágrannalönd okkar hafa mörg brugðist við breyttri heimsmynd og aukinni samkeppni með því að setja skýr markmið í mennta- og vísindamálum. Dönsk stjórnvöld undir forystu forsætisráðherranna Anders Fogh Rasmussen og Lars Lökke Rasmussen hafa sett metnaðarfulla stefnu og nýlega það markmið að Danir eigi háskóla meðal 10 bestu í heimi fyrir árið 2020. Þessu er fylgt eftir með róttækum skipulagsbreytingum og stórauknum fjárframlögum til háskóla. Annars staðar á Norðurlöndum er einnig verið að auka framlag til háskólastarfsemi.

> Einn helsti mælikvarði á getu þjóða til arðbærrar þekkingarsköpunar er hlutfall ungs fólks með háskólamenntun í hverju landi.

Ekkert bendir til annars en að sama gildi hér á landi og annars staðar, að styrkur og samkeppnishæfni Íslands í framtíðinni velti á getu til að skapa nýja þekkingu, að staða okkar í heiminum velti á því af hvaða krafti við höfum byggt upp háskólamenntun og vísindi. En hvernig stendur fámenn þjóð undir slíku?

- Í fyrsta lagi með því að átta sig á mikilvægi þess að setja skýr markmið um árangur líkt og aðrar þjóðir hafa gert. Árangur sem nær til menntunar á öllum stigum, árangur á sviði bóknáms, tækninnáms, verk- og iðnnáms og listnáms.
- Í öðru lagi með ýtarlegri aðgerðaráætlun með tímasettum og mælanlegum markmiðum.
- Í þriðja lagi með því að skilgreina hvað sókn af þessu tagi kostar og fylgja áætlunum eftir með fjárveitingu.
- Í fjórða lagi með skipulagi menntakerfis sem tekur fyrst og fremst mið af markmiðasetningu.
- Í fimmta lagi með því að meta árlega hvernig gengur að ná settum markmiðum og taka á af krafti þar sem upp á vantar.

Það er gríðarlega mikilvægt að við Íslendingar skynjum þær miklu breytingar sem eru að verða í heiminum og bregðumst við í tæka tíð. Samfélagið hefur nýjar og auknar þarfir fyrir þekkingu á nýjum tímum. Við þurfum meiri breidd og dýpt og sveigjanleika í menntun og vísindum til að búa í haginn fyrir það sem óviss framtíð býr okkur.

## ÚR ERLENDUM LEIÐURUM

### Krabbameinssjúklingar þurfa tryggingu

Sjúklingar sem eru sennilega með krabbamein eru meðal þeirra hópa sem sérstaklega þurfa á bæði skjótri greiningu að halda og meðferð. Þannig er þessu háttað við sum norsk sjúkrahús. En allt of mörgum sjúklingum er vísað til sjúkrahúsa þar sem biðtíminn er algjörlega óviðunandi.

www.aftenposten.no/meninger/leder

**Úr leiðara Aftenposten**

### Evrópusambandið svíkur

Öfugt við Grikkland var efnahagsstefnan á Spáni tiltölulega vel rekin fyrir fjármálakreppuna. Afgangur var á fjárlögum og landið skuldar enn minna en til dæmis Bretland. Spánn varð fyrst og fremst fórnarlamb bankakreppunnar og fasteignabólunnar. Í sveitarstjórnarkosningunum um helgina löðrunguðu kjósendur sósíalista Zapateros. Þeir sneru sér til íhaldsmanna í mótmælaskyni og Zapatero hefur tilkynnt að hann muni ekki bjóða sig fram aftur. Sannleikurinn er hins vegar sá að spænskir stjórnmálamenn hafa í raun enga möguleika. Þeir geta ekki fellt gengið vegna evrunnar og þeir geta ekki dælt fé út í efnahagslífið vegna fjármálamarkaðanna. Lyfið gegn spænsku veikinni er ekki til í Madríd, heldur fyrst og fremst í Berlín og Brussel. Þar hafa aftur á móti hinir evrópsku leiðtogar fyrirskipað kolranga meðferð.

www.politiken.dk/debat/ledere

**Úr leiðara Politiken**







冰岛中国贸易促进会

Íslensk kínverska viðskiptaráðið

The Icelandic Chinese Trade Council

**Viðskipti Íslands og Kína**

*Hver er staðan í Kína? Hvar liggja tækifærin?*
*Hvað gerist þegar Norðursiglingaleiðin opnast?*

Í tilefni af 40 ára afmæli stjórnmálasambands Íslands og Kína stendur Íslensk kínverska viðskiptaráðið fyrir ráðstefnu um viðskiptatengsl Íslands og Kína, fimmtudaginn 26. maí, kl. 14-17 á 20. hæð Turninum Smáratorgi.

Opnunarávörp:
*Össur Skarphéðinsson*, utanríkisráðherra
*Dr. Su Ge*, Sendiherra Kína á Íslandi

Aðalerindi:
*Kjeld Erik Brødsgaard*, Prófessor við Copenhagen Business School.
"The political and economic consequences of China's integration into the global economy - background and perspectives."

*Húni Heiðar Hallsson*, Heimskautalögfræðingur.
„Ísland í lykilhlutverki í samgönguneti framtíðar."

Aðrir mælendur:
Vala Valtýsdóttir, Deloitte.
Magnús Oddsson, Össur hf.
Kjartan Pierre Emilsson, CCP.
Magnús Björnsson, sérfræðingur í málefnum Kína.
Fundarstjóri: Elín Björg Ragnarsdóttir, verkefnastjóri ÍKV.

Skráning með tölvupósti á ift@ift.is eða í síma 588 8910.
**Enginn aðgangseyrir!**

Samstarfsaðilar:
Deloitte. ICELANDAIR ÍSLANDSSTOFA PROMOTE ICELAND IBF 北极光孔子学院 KONFÚSÍUSARSTOFNUNIN NORÐURLJÓS ÖSSUR

# Hvað veldur í Garðabæ?

**Skipulagsmál**

**Baldur Ó. Svavarsson**
aðalmaður Fólksins í bænum í skipulagsnefnd

**Auður Hallgrímsdóttir**
varamaður Fólksins í bænum í skipulagsnefnd

Með grein þessari vilja greinarhöfundar leiðrétta nokkrar rangar fullyrðingar og misskilning sem haldið hefur verið fram varðandi mögulegan göngustíg umhverfis Arnarnesið í Garðabæ.

Greinarhöfundar sitja í skipulagsnefnd bæjarins sem aðalmaður og varamaður fyrir lista Fólksins í bænum. Við höfum bæði búið í Garðabæ frá barnsaldri eða allt frá árinu 1963. Bæði höfum við því upplifað vöxt og viðgang Garðabæjar á eigin skinni og munum til að mynda Arnarnesið óbyggt. Upplifað Garðahrepp verða að Garðabæ. Jafnframt höfum við í seinni tíð upplifað þær breytingar sem orðið hafa á útivistarmöguleikum á höfuðborgarsvæðinu og víðar í takt við breytta tíma og kröfur í þéttbýli dagsins. Í dag má t.a.m. finna göngustíga um flest hverfi Garðabæjar og á milli þeirra og er það vel. Arnarnesið er hins vegar eina hverfið þar sem ekki er að finna einn einasta almenningsgöngustíg – ekki einn metra. Aðeins gangstéttir sem tilheyra íbúagötum hverfisins. Hvað veldur ?

1) Garðabær á strandlengjuna Arnarnessvogsmegin – íbúar Arnarness (allir) eiga strandlengjuna norðan megin. Þetta er skjalfest á uppdrætti. Einstaka lóðareigendur sjávarlóða hafa því ekki umráðarétt umfram aðra íbúa á Arnarnesi að ströndinni umhverfis nesið.

2) Á skipulagsuppdráttum kemur skýrt fram að enginn íbúi á lóðamörk að sjávarmáli, þó sumir þeirra hafi tekið sér það land til „eignar“.

3) Nægt rými er fyrir ofan fjöru til lagningar minniháttar göngustígs sem lagar sig að landslaginu. Ekki er nauðsynlegt að leggja meiriháttar stíg á þessu svæði, aðeins stíg sem gerir öllum fært að njóta friðlandsins við Voginn, bæði fötluðum sem ófötluðum, ungum sem öldnum.

4)Friðlýsing við Skerjafjörðinn þýðir ekki að umgengi fólks sé bönnuð. Þvert á móti þá er markmið friðlýsingar bæði að vernda lífríki á strönd, í fjöru og grunnsævi Skerjafjarðar, en einnig að vernda útivistar- og fræðslugildi svæðisins með því að tryggja möguleika til útivistar þar.

5) Fullyrðing um að lóðaeigendur sjávarlóða hafi keypt þær á þeim forsendum að bæjaryfirvöld hafi lofað því að ekki kæmi göngustígur meðfram ströndinni er alröng, að minnsta kosti samkvæmt opinberum gögnum bæjarins. Við getum að sjálfsögðu ekki fullyrt neitt um loforð gefin á öðrum vettvangi.

6) Göngustígurinn er staðfestur inni á aðalskipulagi og þá væntanlega sem stofnstígur, allt til ársins 1997. Það var ekki fyrr en að aðalskipulagi Garðabæjar var breytt 15. júlí 1997 að göngustígurinn er felldur út af skipulaginu fyrir tilverknað þáverandi meirihluta og það án kynningar fyrir bæjarbúum. Í stað göngustígs var samþykkt svokölluð útivistarleið og hefur svo verið til þessa. Það er rétt að halda því til haga að síðasta auglýsing og kynning sem haldin var af bæjaryfirvöldum fyrir íbúa Garðabæjar á þessu aðalskipulagi (1995-2015) er á íbúafundi 9. janúar 1997, en þá er göngustígur umhverfis Arnarnesið kynntur og sýndur á uppdrætti. Þrettán dögum síðar gerist það svo skyndilega á skipulagsnefndarfundi þann 22. janúar 1997 að meirihluti D-lista samþykkir að fella göngustíginn niður og setja inn í hans stað svokallaða útivistarleið. Þessi breyting meirihlutans var aldrei auglýst eða kynnt fyrir íbúum og var því líklegast ólögleg. Rétt er að geta þess að þáverandi formaður skipulagsnefndar, Sigrún Gísladóttir, var í leyfi er þessi gjörningur fór fram.

Þess má geta hér að Umhverfisstofnun hefur með bréfi nýverið krafið bæjaryfirvöld um skýringu og skilgreiningu á hugtakinu „útivistarleið“ í aðalskipulaginu, þar sem hún er ekki til í orðasafni stofnunarinnar.

> Arnarnesið er hins vegar eina hverfið þar sem ekki er að finna einn einasta almenningsgöngustíg – ekki einn metra. Aðeins gangstéttir sem tilheyra íbúagötum hverfisins. Hvað veldur?

7) Fyrsti skipulagsuppdráttur af Arnarnesi er frá árinu 1958. Þar er sýndur göngustígur umhverfis allt nesið. Skipulagsuppdráttur frá apríl 1961 sýnir hins vegar engan stíg. Sá uppdráttur var felldur úr gildi vegna formgalla og stendur því fyrsti skipulagsuppdrátturinn frá árinu 1958 eftir og skal hafa hann til hliðsjónar.

8) Ekki þarf að breyta aðalskipulagi ef leggja á göngustíg umhverfis Arnarnesið, þar sem ekki yrði nauðsynlega um stofnstíg að ræða.

Göngustígur umhverfis Arnarnesið er því aðgerð sem verið hefur í umræðunni allt frá því íbúabyggð hófst á Arnarnesi upp úr 1963. Af einhverjum ástæðum hefur honum þó ávallt verið frestað eða hann ekki settur á dagskrá, frekar en gerð annarra almennra göngstíga í þessu hverfi. En nú eru aðrir og breyttir tímar. Göngu- og hjólreiðastígar eru krafa samtímans, ekki bara í Garðabæ heldur á höfuðborgarsvæðinu öllu – einnig á Arnarnesi.

# Von óskast

**Réttindi barna**

**Petrína Ásgeirsdóttir**
framkvæmdastjóri Barnaheilla – Save the Children á Íslandi



Það getur verið auðvelt að fallast hendur í starfi eins og mínu. Þegar tölurnar og staðreyndirnar eru svo yfirgengilegar að engin von virðist til þess að hægt sé að breyta stöðunni, grípa inn í, snúa taflinu við þannig að öll börn njóti mannréttinda í samræmi við Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna sem nær allar þjóðir heims hafa staðfest.

Tölur á borð við þessar eru yfirþyrmandi: Á fjórðu hverju sekúndu deyr lítið barn í heiminum, barn sem við höfum alla burði til að bjarga. Í gagnabanka Interpol er ein milljón mynda af um 20 þúsund börnum slíkum aðstæðum og þekkt eru dæmi þess að menn nýti sér glundroðann til að misnota börn og selja þau mansali.

En þegar mesta áfallið er yfirstaðið, brettir maður upp ermarnar og hefst handa við að breyta stöðunni, grípa inn í, snúa taflinu við. Því vonina er líka að finna í tölunum. Á þriggja sekúndna fresti bjargar þjálfaður heilbrigðisstarfsmaður barni frá andláti með einföldum, ódýrum aðferðum sem virka. Á síðasta ári bárust ríflega 24 þúsund ábendingar á heimsvísu, um myndir á Netinu þar sem börn eru beitt kynferðislegu ofbeldi, í gegnum ábendingarlínur á borð við þá sem Barnaheill – Save the Children á Íslandi standa að. Á síðustu fjórum árum hefur börnum utan skóla fækkað úr 72 milljónum í 69 milljónir.

Í kjölfar rannsóknar Barnaheilla – Save the Children á Íslandi um félagsleg úrræði sem börnum, sem eru vitni að heimilisofbeldi, stendur til boða, hafa nokkrar stofnanir, sem sinna þeim málaflokki, ákveðið að taka verklag sitt til endurskoðunar. Með því að horfast í augu við þær afleiðingar sem kynferðislegt ofbeldi hefur á barn, getum við veitt öflugri stuðning og hjálp og unnið markvisst gegn slíku ofbeldi. Fumlaus viðbrögð þegar neyðarástand ríkir, þar sem verndun barna er sett í forgang, kemur í veg fyrir að hrikalegt ástand verði enn verra.

> Dagur barnsins á Íslandi er næstkomandi sunnudag. Vonin liggur í hverju barni og þar með í okkur öllum.

sem eru sýnd á kynferðislegan hátt eða beitt kynferðislegu ofbeldi, við vitum aðeins til þess að 800 þeirra hafi fundist og fengið hjálp. Um 69 milljónir barna læra ekki að lesa, skrifa og reikna þó aðeins þyrfti sem nemur eyðslu heimsins í stríðsrekstur í sex daga til að öll þessi börn fengju að njóta réttinda sinna til grunnmenntunar.

Á Íslandi er heimilisofbeldi daglegur kostur a.m.k. 2000 barna og alltof oft gleymist að taka tillit til sjónarmiða þeirra og hagsmuna í þeim erfiðu málum. Samkvæmt nýlegri rannsókn hefur rúmur fjórðungur barna hér á landi orðið fyrir kynferðisofbeldi eða kynferðisáreiti fyrir átján ára aldur. Síðustu tólf mánuði höfum við horft upp á hverjar náttúruhamfarirnar á fætur annarri víða um heim. Börn er gríðarlega berskjölduð í

Dagur barnsins á Íslandi er næstkomandi sunnudag. Vonin liggur í hverju barni og þar með í okkur öllum. Vertu heillavinur og hjálpaðu Barnaheillum – Save the Children með föstu mánaðarlegu framlagi að breyta stöðunni, grípa inn í, snúa taflinu við.

Capacent Ráðningar

STRAUMUR AUGLÝSIR EFTIR FORSTJÓRA

Straumur

**Straumur IB hf. leitar að forstjóra til að leiða uppbyggingu fjárfestingabanka á Íslandi. Leitað er að aðila sem hefur reynslu af störfum á fjármálamarkaði, er traustur, áreiðanlegur og hreinskiptinn.**

Straumur hyggst leggja megináherslu á markaðsviðskipti og fyrirtækjaráðgjöf. Hjá Straumi starfa í dag um tuttugu manns með mikla reynslu af fjárfestingabankastarfsemi og nýtur félagið hagræðis í rekstri stoðsviða vegna þjónustusamnings við ALMC hf.

Eiginfjárstaða Straums er sterk og er félagið skuldlaust. Markmið Straums er að verða leiðandi fjárfestingabanki á Íslandi. Straumur er að öllu leyti í eigu ALMC sem er nær alfarið í eigu erlendra fjárfesta.

**Starfssvið:**
- Mótun framtíðarsýnar félagsins
- Yfirumsjón með uppbyggingu félagsins
- Ábyrgð á rekstri fyrirtækisins og áætlanagerð
- Upplýsingagjöf og samskipti við stjórn

**Menntunar- og hæfniskröfur:**
- Háskólamenntun sem nýtist í starfi
- Yfirgripsmikil reynsla/þekking á fjármálamarkaði
- Reynsla af stjórnun
- Framúrskarandi leiðtoga- og samskiptahæfileikar

Umsjón með ráðningu hafa Hilmar G. Hjaltason (hilmar.hjaltason@capacent.is) og Jóna Björk Sigurjónsdóttir (jona.sigurjonsdottir@capacent.is) hjá Capacent Ráðningum. Umsóknarfrestur er til og með 29. maí nk. Umsækjendur eru vinsamlegast beðnir að sækja um starfið á heimasíðu Capacent Ráðninga, **www.capacent.is.** Umsókn um starfið þarf að fylgja ítarleg starfsferilsskrá og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og rökstuðningur fyrir hæfni viðkomandi í starfið.

Capacent Ráðningar
Borgartúni 27
Sími 540 1000

capacent



**Goð og garpar í fornum heimildum** er yfirskrift gönguferðar sem Ferðafélag Íslands og Háskóli Íslands standa fyrir á laugardaginn. Guðrún Kvaran prófessor leiðir göngu um Þingholtin og rifjar upp sögur úr norrænni goðafræði. Gangan hefst klukkan 14 á bílastæði HÍ neðan við Skeifuna.


# ;ALLT

FRÉTTABLAÐIÐ

Sölufulltrúi: Jóna María Hafsteinsdóttir jmh@365.is 512 5473













**Áslaug Rán Einarsdóttir og Aníta H. Björnsdóttir fljúga á svifvængjum um allan heim í nafni kvenfrelsis.**

# Vill hanga í himninum

**Við erum báðar með ódrepandi ferðabakteríu og sáum þarna tækifæri til að sameina tvö áhugamál," segir Áslaug Rán Einarsdóttir sem ásamt Anítu Hafdísi Björnsdóttur hefur ferðast um heiminn til að fljúga á svifvængjum á ólíkum stöðum í nafni kvenfrelsis. „Við byrjuðum á að fara til Suðausturasíu; Nepal, Indlands, Malasíu, Taílands og Indónesíu og flökkuðum þar um. Svo runnu peningarnir út, hlýtur að hafa komið gat á vasana hjá okkur, og leiðir skildi í fyrravor. Aníta varð eftir í Frakklandi en ég kom heim til Íslands og var hér um sumarið til að safna mér peningum," segir Áslaug Rán. „En við hættum samt ekkert að fljúga þótt við höfum undanfarið gert það hvor í sínu lagi. Í vetur var ég aðallega við Miðjarðarhafið og í Norður-Afríku, mest í Marokkó,**

;FRAMHALD | 2



Áslaug Rán Einarsdóttir svífandi yfir Góa á Indlandi.






**Stykkishólmur** hefur verið útnefndur EDEN-gæðaáfangastaður í Evrópu 2011 fyrir varðveislu og endurnýjun menningarminja og metnaðarfulla stefnu í sjálfbærri þróun í ferðaþjónustu.














Áslaug Rán Einarsdóttir og Aníta Hafdís Björnsdóttir ferðbúnar á leið frá Balí í Indónesíu með vængina á bakinu.

Framhald af forsíðu

en Aníta í Frakklandi og Grikklandi, þannig að við höfum ekki hist í ár.“

En hvenær hófst ævintýrið? „Aníta byrjaði 2007 og dró mig eiginlega út í þetta. Ég fór á námskeið 2009 hjá Fisfélagi Reykjavíkur og sogaðist inn í þetta af fullum krafti alveg um leið, þannig að nú vil ég helst ekkert annað gera en hanga uppi í himninum og horfa niður. Þetta er mesta frelsistilfinning sem hægt er að hugsa sér. Það nær ekkert til þín þarna uppi, ekkert áreiti, þetta er algjört frí frá öllum áhyggjum.“

En hvernig vaknaði sú hugmynd að tengja flugferðirnar við kvenfrelsi? „Við sátum einhvern tíma nokkur uppi í fjalli og biðum eftir því að vind lægði svo við gætum flogið. Við þær aðstæður skapast oft mikil stemning og umræðurnar fara á flug. Við fórum að tala um þá tilfinningu sem fylgir því að fljúga. Undantekningarlaust fannst fólki flugið



Áslaug Rán og Aníta á vespu í Taílandi.

vera frelsandi; að svífa á milli skýjahnoðranna og skilja allar áhyggjur eftir á jörðu niðri. Út frá þessum umræðum tókum við Aníta þá ákvörðun að helga flugferðir okkar frelsi kvenna.“

Meirihluti þeirra sem sækja námskeið hjá Fisfélaginu eru konur, kann Áslaug Rán einhverja skýringu á því? „Nei, það er mjög óvenjulegt. Á flestum þeim stöðum þar sem við höfum flogið er ekki mjög algengt að konur séu í þessu sporti, þetta eru oftast að meirihluta til miðaldra karlar, en íslenskar konur hafa hrifist af þessu og síðustu tvö til þrjú árin hafa þær verið í meirihluta á öllum námskeiðum. Það eru einmitt að byrja námskeið núna í vikunni og ég hvet allar konur til að fara inn á fisflug.is og skoða hvort þetta sé ekki eitthvað sem hentar þeim.“

Ævintýrinu er hvergi nærri lokið og í sumar ætla þær stöllur að fljúga yfir þvert Ísland. „Við ætlum að reyna að krossa landið þvert og endilangt á vængjunum,“ segir Áslaug Rán. „Endanlegt ferðaplan er ekki komið, en um miðbik sumarsins munum við væntanlega leggja upp frá Kerlingarfjöllum og fara yfir landið fótgangandi og á flugi eftir því hvað aðstæðurnar bjóða upp á. Við munum sem sagt annað hvort bera vængina eða láta þá bera okkur. Það hefur ekki mikið verið flogið á þessum svæðum áður svo við vitum ekki alveg hverju má búast við.“

Hægt verður að fylgjast með ferð þeirra stallsystra um Ísland í sumar á slóðinni http://theflyingeffect.com.

*fridrikab@frettabladid.is*


**KAUPMANNAHÖFN - LA VILLA**
Guesthouse á besta stað í bænum.Stúdíoíbúðir og herbergi. Geymið auglýsinguna.
www.lavilla.dk. GSM. 0045 2848 8905









# heilsa og hreyfing

MIÐVIKUDAGUR 25. MAÍ 2011








Jóhann Leó Linduson bjó til bók þar sem vandamál tengd einhverfu eru útskýrð. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

# Í spor einhverfra

„Ég gerði bók um einhverfu," segir Jóhann Leó Linduson, nemi í grafískri hönnun, um útskriftarverkefni sitt. Jóhann Leó stefnir á að útskrifast úr grafískri hönnun nú í vor. Bókin ber heitið Í annarra manna spor og Jóhann segir að tilgangurinn með henni sé að útskýra á einfaldan hátt vandamál tengd einhverfu. „Svipað efni er til á fleiri stöðum í löngum og þungum ritgerðum eða jafnvel ævisögum. Mig langaði að einfalda þetta efni og setja það nánast fram á barnamáli," útskýrir Jóhann sem segir bókina myndskreytta.

Inntur eftir því hvernig hann fékk hugmyndina að því að gera bók um einhverfu segir Jóhann: „Ég á einhverfan, yngri frænda sem ég hef passað í mörg ár," upplýsir Jóhann og bætir við að honum hafi ekki fundist hann vita nægilega mikið um einhverfu. „Þannig að ég nýtti bara tækifærið og las mér vel til."

Að sögn Jóhanns er fjallað um vanda við úrvinnslu á skynboðum í bókinni. „Margir sem eru með einhverfu eru með skynúrvinnsluvanda sem þýðir að þeir taka ekki við skynboðum eins og þeir sem ekki eru einhverfir. Þeir meðtaka upplýsingar á annan hátt."

Aðspurður segir Jóhann Leó ekki vita hvort bókin verði gefin út. „Ég er að reyna að láta gefa hana út. Ég er bara að læra inn á það ferli núna."

*- mmf*






Laugardalurinn er eitt skemmtilegasta útivistarsvæði borgarinnar í vernduðu umhverfi og hentar því barnafólki vel. NORDICPHOTOS/GETTY



Lengri hjólreiðatúrar og kvöldgöngur eru dásamleg upplifun í kvöldkyrrð við sjávarsíðu Reykjavíkur. NORDICPHOTOS/GETTY



Í sundlaugunum má gera ýmislegt fleira en að hendast í sundtökum milli sundlaugarbakka, til dæmis má fara í boltaleik. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# Út að leika í borginni

**Íslendingar sem stærstan part ársins húka innandyra í líkamsræktarstöðvum geta nú með hækkandi sól erfiðað í fjölbreyttara umhverfi utandyra, án þess þó að leggja á sig stórferðalag.**



Þingholtin, með öllum sínum fallegu húsum og stóru görðum, eru sniðin fyrir léttar fjallgöngur en hægt er að þramma upp talsverðan bratta í Þingholtunum. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

### ÞRAMM UPP BREKKUR

Aðdáendur gamalla húsa og ræktarlegra eldri garða geta gert göngutúr í Þingholtunum að erfiðisgöngu með því að þramma til skiptis upp og niður götur Þingholtanna. Ágætis halli er í brekkunum þannig að gangan getur reynt verulega á lærin og svo má skokka létt leiðina niður. Þeir sem eru að byrja geta sikksakkað göturnar. Aðrir fallegir staðir sem bjóða upp á þramm upp brekkur innan byggðar eru Breiðholt, sem er gróið og fallegt og nærri náttúrunni, og Grafarholt.

### SVÆÐI MEÐ FJÖLBREYTTUM MÖGULEIKUM

Laugardalurinn er útivistarparadís fyrir þá sem ætla sér að liðka skrokkinn, jafnt skokkara, hjólreiðafólk sem og sundfólk og þeir sem vilja koma sér fyrir á grasflöt með sippuband eða jógadýnu eiga úr nægum stöðum að velja.

Grasagarðurinn er upplagður til að dvelja í og gera teygjuæfingar og fara í létta göngutúra og gaman er að skokka frá Laugardalnum sem leið liggur upp í Laugarneshverfið.Margir göngustígar eru þar og hlauparar duglegir að nýta sér þá. Þá er svæðið draumur línuskautafólksins. Sundlaug er svo skammt undan til að kæla sig niður í og slappa af í pottunum eftir erfiðið. Líkt og Laugardalurinn er Ægisíðan útivistarsvæði sem býr yfir fjölbreyttum möguleikum en auk þess sem göngu- og hjólastíga er þar að finna er knattspyrnuvöllur við Ægisíðuna og gaman er að stikla á steinum í fjörunni.

### KVÖLDGÖNGUR

Bara til að upplifa fallegustu sólarlög ársins er kvöldganga við sjávarsíðuna, meðfram Sólfarinu og tónlistarhúsinu Hörpu til að mynda, þess virði. Fleiri góða kvöldgöngustíga má finna, til dæmis stíginn sem liggur meðfram sjávarsíðu Seltjarnarness, út að Gróttu, Elliðaárdalinn, Öskjuhlíð, og íbúar hvers hverfis þurfa yfirleitt ekki að leita langt yfir skammt því í dag eru góðir göngustígar í nær öllum hverfum á Stór-Reykjavíkursvæðinu. Kvöldgöngum er hægt að haga á mismunandi hátt eftir því hve mikið fólk vill erfiða. Þannig er hægt að sækja á brattann þar sem honum er til að dreifa og skokka létt og ganga til skiptis.

### TÚN TIL LEIKJA OG ÆFINGA

Mörgum finnst þeir finna barnið í sér aftur þegar þeir komast á stórt tún til að sletta úr klaufunum á. Enda hafa fullorðnir tekið höndum saman og stofnað brenniboltafélög þar sem stóra fólkið hittist að kvöldlagi og fer í boltaleiki. Sem dæmi um tún sem nota má í stórfiskaleik með saumaklúbbnum eða einfaldlega til að æfa kollhnís, handahlaup eða bara djassballettspor, eru stór tún eins og Klambratún og Hljómskálagarðurinn.

*- jma*

LEIÐSÖGU SKÓLINN

ALMENN LEIÐSÖGN OG GÖNGULEIÐSÖGN

MENNTASKÓLINN Í KÓPAVOGI
HÓTEL- OG MATVÆLASKÓLINN FERÐAMÁLASKÓLINN LEIÐSÖGUSKÓLINN

Draumastarf í draumalandi?



Langar þig að segja sögur af landi og þjóð? Þá er leiðsögunám eitthvað fyrir þig.

Nám í Leiðsöguskólanum er fjölbreytt og skemmtilegt og opnar dyr að áhugaverðu og krefjandi starfi.

INNRITUN STENDUR TIL 30. MAÍ

WWW.MK.IS
Leiðsöguskólinn sími: 594 4025




Nú færð þú Floridana Heilsusafa í nýjum og handhægum umbúðum. Tilvalinn fyrir alla fjölskylduna í ferðalagið, gönguferðina eða í grillveisluna. Floridana safar eru 100% hreinir safar án viðbætts sykurs.

Floridana
LIFÐU VEL!



Rútan er sérútbúin með tilliti til aðgengis fyrir hreyfihamlaða.




Langjökull tók vel á móti hópnum eftir að Ice-explorer flutti hann á toppinn.

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

# Bauð stuðningshóp Eddu í ævintýraferð

**Ný jöklarúta var tekin í notkun af Ice-ferðum um síðustu helgi og í jómfrúrferðina var Eddu Heiðrúnu Backman leikkonu og stuðningshópi hennar boðið. Enda er rútan sérútbúin með tilliti til aðgengis fyrir hreyfihamlaða.**

„Við vorum að láta smíða fyrir okkur nýjan trukk sem er sérstaklega útbúinn fyrir ferðir á snjó og jökli,“ segir Arngrímur Hermannsson, forstjóri Ice, um tildrög ferðarinnar á Langjökul. „Þetta er fjörutíu manna jöklarúta og þegar verið var að smíða hana ákváðum við að hafa aðgengi fyrir hjólastóla og smíðuðum lyftu aftan á bílinn. Um helgina vorum við að taka hana í notkun í fyrsta skipti.

Ég hafði frétt af því að Edda Heiðrún Backman leikkona væri mikið hreyfilömuð og að í kringum hana væri stuðningshópur sem héldi utan um hana allan sólarhringinn í sjálfboðavinnu. Mér fannst þetta merkilegt framtak og ákvað að bjóða Eddu og hópnum hennar með okkur í dagsferð upp á Langjökul. Eddu fannst þetta mjög spennandi, sérstaklega að geta boðið hópnum í svona ævintýri, enda er hún dálítill grallari og hafði gaman af furðusvipnum sem kom á stuðningsaðilana þegar hún bauð þeim í jöklaferð.“

Arngrímur segir ferðina hafa tekist vel í alla staði. „Við lögðum af stað frá Reykjavík klukkan níu um morguninn og vorum komin upp á topp á Langjökli klukkan hálf tvö. Þar uppi var hávetur en um leið og við tókum Eddu úr lyftunni braust sólin fram og við sáum til allra átta. Þetta var mögnuð upplifun.“

Ice býður upp á ferðir á Langjökul á hverjum degi í allt sumar á jöklarútunni sem hlotið hefur nafnið Ice-explorer og er ýmist hægt að fara um borð í Reykjavík eða við jökulröndina og ferðast upp á topp jökulsins. Arngrímur segist þó áhyggjufullur vegna eldgossins, enda hafi eldgosið í fyrra komið illa niður á fyrirtækinu. „Það þarf að fara varlega í að segja í fjölmiðlum að hér séu náttúruhamfarir. Eins þarf að koma greinilega fram að þetta sé staðbundið og menn þurfa að vera snöggir að láta vita um leið og gosið er búið eða orðið mjög lítið og koma þeim skilaboðum á framfæri að þetta sé skaðlaust. Við getum bjargað málunum með því að gera eins lítið úr þessu og hægt er.“ *- fsb*







„Þetta var eins og kraftaverk,“ segir Edda Heiðrún um sólskinið á Langjökli.

# Ólýsanleg upplifun

Þetta var alveg stórkostlegt,“ segir Edda Heiðrún Backman um ferðina upp á Langjökul með Ice-ferðum. „Bíllinn er á tveimur hæðum og gler allan hringinn, þannig að maður situr eins og í fiskabúri og sér allt í kringum sig. Orð fá engan veginn lýst þessari upplifun. Og það skipti engum togum að um leið og við komum upp þá dró frá sólu og allur fjallahringurinn opnaðist. Þetta var eins og kraftaverk.“

Edda hafði aldrei áður komið upp á jökul, enda segist hún vera álíka hrædd við jökla og hákarla, en hún sjái sko alls ekki eftir því að hafa þegið boðið í ferðina. „Og að fá að bjóða öllum vinunum með mér var bara yndislegt. Ég hef nefnilega svona hring af vinum í kringum mig, sem heita Heiðrúnardropar, og ég fékk að taka þau öll og maka þeirra með og svo auðvitað börnin mín og systkini.“

Edda segir jöklarútuna opna nýjan heim fyrir fatlaða, þar sem öll aðstaða sé til fyrirmyndar. „Mér finnst að fólk eigi alveg endilega að nýta sér þennan möguleika. Þetta er bara frábær reynsla í alla staði.“ *- fsb*



**● HEIMAGERT KORNAKREM** Snyrtifræðingar mæla margir hverjir með því að nota kornakrem með reglulegu millibili en þannig má fjarlægja dauðar húðfrumur og jafnvel leifar af brúnkukremi og farða sem eiga það til að festast í hársverðinum og andlitsjaðrinum.

Ódýrasta leiðin er að blanda saman sítrónusafa og sykri og nudda blöndunni inn í andlitið með léttum strokum. Hún er svo fjarlægð með volgu vatni og er gott að setja mýkjandi rakakrem á húðina á eftir.

**● KOSTIRNIR ERU ÓTVÍRÆÐIR** „Það eru til tvær týpur af fólki. Þær sem hlaupa og þær sem ættu að hlaupa,“ segir í góðu spakmæli og er mikið til í því. Kostir þess að hlaupa, þó ekki sé nema nokkra kílómetra á nokkurra daga fresti, felast meðal annars í þyngdartapi og jákvæðum áhrifum á hjarta- og æðakerfi, bein, andlega líðan og samhæfingu svo eitthvað sé nefnt.

Hlaup er ein besta aðferðin til að léttast og er sú íþróttaiðkun sem brennir hlutfallslega flestum kaloríum á mínútu. Ekki er því að undra þó í kringum sextíu prósent þeirra sem byrja að hlaupa geri það til að léttast.

Með því að hlaupa er auk þess hægt að lækka blóðþrýstinginn umtalsvert og draga úr líkum á hjartaáfalli og blóðtappa. Það hefur verið sýnt fram á að þeir sem hlaupa reglulega geta dregið úr beinþynningu og vöðvarýrnun sem oft fylgir hækkandi aldri auk þess sem flestir hlauparar upplifa minni streitu en aðrir. Þá hefur verið sýnt fram á betri skapsmuni og samhæfingu hjá hlaupurum en öðrum.



**● BRJÓTTU UPP MATARMUNSTRIÐ** Gengur illa að grennast á megrunarkúrum? Þá er kominn tími til að taka á vandanum af skynsemi og endurmeta matarvenjurnar.

- Haltu dagbók yfir allt sem þú borðar; hvenær þú borðaðir, hvernig þér leið þá stundina og hvað þú varst að gera á meðan þú borðaðir. Skoðaðu dagbókina eftir nokkra daga og leitaðu að mynstri í matarvenjum þínum.
- Skrifaðu niður atriði eins og hversu hratt þú borðaðir, hversu mikið, hvort þú slepptir úr máltíðum, hvenær þú borðaðir eftirrétt og hvenær þú borðaðir án þess að finna til hungurs.
- Íhugaðu hvers vegna matarvenjur þínar eru eins og þær eru og skoðaðu hverju þú vilt breyta.
- Notaðu dagbókina til að uppgötva hvers vegna þú borðar án þess að finna til svengdar (er það kannski til að slá á streitu, á meðan horft er á sjónvarpið eða vegna leiða?) og reyndu að finna leið til að borða ekki undir kringumstæðum sem annars kalla á slæmar matarvenjur.
- Haltu þig staðfastlega við nýjar matarvenjur og gerðu þér grein fyrir að góðir hlutir gerast hægt.





# Góð þátttaka foreldra skiptir mestu

**Landlæknisembættið stendur um þessar mundir fyrir rannsókn á heilbrigði og líðan barna og unglinga. Þar er heilsa barna og unglinga metin í ljósi félagslegrar og efnahagslegrar stöðu foreldra.**

„Heilsa barna á Norðurlöndunum er almennt talin mjög góð í samanburði við önnur lönd. Það útilokar hins vegar ekki að ýmis vandamál séu til staðar,“ segir Geir Gunnlaugsson landlæknir þegar hann er inntur eftir tilgangi norrænnar samanburðarrannsóknar sem nú stendur yfir. Rannsókninni er ætlað að kanna heilbrigði og líðan barna og unglinga, sérstaklega í ljósi félagslegrar og efnahagslegrar stöðu foreldra.



**Geir Gunnlaugsson landlæknir.**

„Þessi rannsókn nær yfir langan tíma en sú fyrsta var gerð árið 1984, önnur árið 1996 og nú stendur sú þriðja yfir,“ segir Geir og telur athyglisvert að geta horft á þróunina yfir árin, hvort þættir sem ekki voru í lagi hafi batnað og hvort heilbrigðisvandamálin séu þau sömu eða hvort ný bætist við.

Hann segir margt áhugavert hafa komið í ljós í rannsókninni árið 1996. Til dæmis hafi komið fram að ójöfnuður var nokkur. „Þeir sem voru í efnaminni fjölskyldum sóttu síður þjónustu lækna,“ segir Geir. Hann bendir á að þessar rannsóknir séu þær einu sem snerti ójöfnuð hjá íslenskum börnum. „Niðurstöður rannsóknarinnar sem fram fór 1996 voru síðan notaðar í heilbrigðisáætlun fyrir 2000 til 2010,“ upplýsir hann og bendir á að þekking sem verði til í slíkum rannsóknum sé mikils virði fyrir stefnumótun heilbrigðismála er varða heilsu barna.

En er ástæða til að ætla að ójöfnuður sé orðinn meiri í dag? „Ég vil ekki gefa mér niðurstöðu fyrir fram, en hins vegar hefur samfélagið þurft að ganga í gegnum efnahagslegar þrengingar og því er ekki útilokað að þrengt sé að barnafjölskyldum,“ segir Geir, sem gerir ráð fyrir að fyrstu niðurstaðanna sé að vænta í haust. Það byggi þó á því að svörun foreldra í rannsókninni verði góð.



**Með því að svara spurningalistanum fá foreldrar tækifæri til að segja landlækni hvað þeir upplifa sem vandamál.** NORDICPHOTOS/GETTY

„Spurningalistinn um heilsufar og aðstæður barna var sendur til foreldra 3.200 barna á aldrinum tveggja til sautján ára. „Það er mjög mikilvægt að fá sem besta svörun til að rannsóknin verði sem marktækust. Þarna hafa foreldrar í raun tækifæri til að segja okkur hvað þeir upplifa sem vandamál og fyrir okkur að finna lausnir. Þannig getum við unnið saman að því að bæta þjónustu okkar við veik börn.“ *- sg*

HLEÐSLA ÍÞRÓTTADRYKKUR | 100% HÁGÆÐA MYSUPRÓTEIN

PRÓTEINDRYKKURINN SEM ÍSLENDINGAR FÁ ALDREI NÓG AF

NÚ EINNIG MEÐ KÓKOS OG SÚKKULAÐI




HLEÐSLA ER KJÖRIN FYRIR ALLA ÞÁ SEM TREYSTA Á HOLLA OG UPPBYGGILEGA NÆRINGU EFTIR GÓÐA ÆFINGU, LANGT HLAUP EÐA MILLI MÁLA. ÞAÐ ER ENGIN TILVILJUN AÐ HLEÐSLA ER EINN VINSÆLASTI PRÓTEINDRYKKUR Á ÍSLANDI. HENTAR VEL FÓLKI MEÐ MJÓLKURSYKURSÓÞOL.

MJÓLKURSAMSALAN WWW.MS.IS



**Brosmildar golfkonur sem styrktu námskeiðin með þátttöku sinni í fyrra.**
MYND/GUÐRÚN HELGA GYLFADÓTTIR

# Golf fyrir unglingana

Soroptimistaklúbbur Reykjavíkur stendur fyrir opnu golfmóti kvenna laugardaginn 4. júní í golfklúbbnum Oddi. Mótið er haldið til styrktar sumarnámskeiðum fyrir unglinga með fötlun á einhverfurófi, en Soroptimistaklúbbur Reykjavíkur og Umsjónarfélag einhverfra standa saman að verkefninu.

„Það voru engin sumarnámskeið í boði fyrir þennan hóp svo þörfin var brýn. Við ákváðum því á fimmtíu ára afmæli Soroptimistaklúbbs Reykjavíkur að styrkja þetta verkefni og til þess að geta gert það veglega héldum við opið kvennagolfmót í fyrra,“ segir Emilía Sigmarsdóttir, formaður fjáröflunarnefndar Soroptimistaklúbbs Reykjavíkur, en öllum ágóða mótsins verður varið til styrktar námskeiðunum.

Mikil ánægja var með námskeiðin í fyrra, bæði hjá þátttakendum og foreldrum, en Emilía segir námskeiðin ekki síður ætluð til að létta undir með þeim.

„Mörg þessara krakka voru mikið föst heima við og vildu ekki fara eitt né neitt. Á námskeiðunum eignuðust þau vini og þátttakan hvatti þau til að vera meira á ferðinni sjálf,“ segir Emilía og Sigrún Birgisdóttir, framkvæmdastjóri Umsjónarfélags einhverfra, tekur í sama streng.

„Námskeiðin eru byggð upp líkt og önnur leikjanámskeið, til dæmis er farið í sund, keilu og klifur, en þau eru sérstaklega sniðin að þörfum einstaklinga með fötlun á einhverfurófi. Til dæmis er keypt í matinn og skipst á að elda og hóparnir fara allra sinna ferða í strætó innanbæjar. Það eflir krakkana til að taka sjálf strætó þess utan,“ segir Sigrún.

Þrjú námskeið voru haldin í fyrra og er stefnt á að þau verði jafnmörg í sumar eða fleiri. Skráning á golfmótið fer fram á www.golf.is en nánari upplýsingar er að finna á www.soroptimist.is. *- rat*

# REGENOVEX

**Regenovex** hentar öllum sem leita að bættri heilsu í liðum en kjósa náttúrulegar lausnir fram yfir lyf m.a. vegna mögulegra aukaverkana þeirra.




# Hreyfing á að veita unað ekki sársauka





*„Ég hef prufað ýmis náttúrulyf til að minnka verki eftir langar keppnir og æfingar en ekki fundið neitt sem skipti sköpum fyrir mig. Eftir að ég byrjaði að nota Regenovex finn ég stóran mun á líkamanum og líður mér miklu betur í hnjám og ökklum eftir erfiðar æfingar. Ég tek Regenovex töflur á morgnana og ber gel á hnjáliði þegar ég er að æfa mikið og ég fullyrði að munurinn er ótrúlegur“* (Steinn Jóhannsson)

## Góð ráð fyrir hlaupabyrjendur

frá Steini Jóhannssyni, þríþrautamanni ársins 2009 og 2010 og Íslandsmethafa í Iron Man (járnkarli).

- Settu þér raunhæf markmið sem hæfa þínum bakgrunni
- Byrjaðu rólega, þ.e. hlaupa og ganga til skiptis, t.d. hlaupa 2 mín, ganga 1 mín, o.s.frv.
- Einblíndu fremur á tíma (hversu margar mínútur) en vegalengd í upphafi
- Í upphafi er gott að hlaupa hring sem þú þekkir vel
- Þegar þú hefur náð ákveðnum grunni er gott að taka hraðabreytingar inn í hlaupaæfingar
- Teygðu vel á eftir æfingar
- Reyndu að gera hlaupin að reglulegri hreyfingu til að byggja upp þol og þrek
- Vertu klæddur eftir veðri, mundu að vera í endurskinsvesti yfir háveturinn
- Vertu vel nærður þegar er farið á æfingu
- Finndu hlaupafélaga eða hlaupahóp til að æfa með – félagsskapur er hvetjandi og skemmtilegur

Steinn, sem æfir sjálfur mikið notar Regenovex mikið við hlaupin.
Regenovex er einstök vara sem hentar íþróttafólki og fólki sem stundar mikla hreyfingu einkar vel.
Algengt er að fólk sem stundar mikla hreyfingu, s.s. hlaup, lyftingar o.þ.h. finni fyrir verkjum í hnjám hrygg og á fleiri stöðum vegna mikillar áreynslu á liðamót. Regenovex er árangursrík og fljótleg leið til þess að vinna gegn eymslum og óþægindum vegna þessa.

**Kynntu þér málið á regenovex.is** **Fæst í apótekum**

**● LANDSMÓT UMFÍ 50+** Búið er að opna fyrir skráningu á fyrsta Landsmót UMFÍ fyrir 50 ára og eldri sem haldið verður á Hvammstanga 24. til 26. júní í sumar.

Keppnisgreinar á mótinu í sumar eru fjölbreyttar, allt frá badminton, blaki, boccia og briddsi til fjallaskokks, golfs, hestaíþrótta og línudans.



Skráning og aðrar upplýsingar um mótið eru á vefsíðunni www.landsmotumfi50.is. Þátttökugjald er 6.000 krónur. Innifalið í verðinu er keppnisgjald, tjaldsvæði og afþreying meðan á mótinu stendur.

**● LISTELSKIR KARLAR ERU HAMINGJUSAMARI** Karlmenn sem njóta þess að sækja tónleika, listasöfn og leikhús eru líklegri til að vera lífsglaðari og heilsuhraustari en þeir sem eru óvirkir í menningarlífinu. Þetta kemur fram í nýrri rannsókn Norges teknisk-naturvitenskapelige universitet sem náði til fimmtíu þúsund Norðmanna. Niðurstöður rannsóknarinnar sýndu að bæði karlar og konur sem taka virkan þátt í íþróttum, kirkjustarfi og hvers kyns menningarviðburðum eru við betri heilsu og lukkulegri með lífið. Munurinn var mun meiri hjá körlum, sem eru níu prósentum líklegri en aðrir til að vera hraustari, fjórtán prósentum líklegri til að vera hamingjusamari og tólf prósentum ólíklegri til að verða þunglyndi að bráð.





**● JÓGA Í BARÁTTU VIÐ BRJÓSTAKRABBAMEIN** Jóga hefur jákvæð áhrif á konur með brjóstakrabbamein. Það hefur í för með sér minna stress og meiri vellíðan. Kemur þetta fram í nýrri rannsókn sem gerð var í Háskóla Texas í Bandaríkjunum.

Rannsóknin var gerð á konum sem voru í geislameðferð við brjóstakrabbameini. Konunum var raðað handahófskennt í hópa. Einn hópurinn var látinn æfa jóga, annar gerði venjulegar teygjuæfingar og sá þriðji gerði engar æfingar. Eftir geislameðferðina voru þær beðnar um að svara spurningum um heilsu sína. Konunum í jógahópnum og þeim sem gerðu teygjuæfingar leið betur heldur en þeim sem gerðu engar æfingar. Þó leið konunum sem stunduðu jóga sýnu betur í heildina.



**● ÁHERSLA Á HEILBRIGÐA LÍFSHÆTTI** Sumarstarf Ferðafélags barnanna er að hefjast. Í starfi félagsins er áhersla lögð á að bjóða upp á ferðir og uppákomur fyrir börn sem víkka sjóndeildarhring þeirra og upplýsa þau um heilbrigða lífshætti úti í náttúrunni.

Ferðunum er skipt í þrjá aldursflokka, upp að tólf ára aldri. Börn á leikskólaaldri fara meðal annars í fjöruferðir, hestaferðir og stuttar fjallgöngur. Í næsta aldursflokki, frá sex til níu ára, er farið í göngur og ratleiki og rifjaðir verða upp íslenskir leikir. Börn á aldrinum tíu til tólf ára fara meðal annars í skipulagðar dagsferðir þar sem farið verður í fjallgöngur.

Nánari upplýsingar um starfsemi Ferðafélags barnanna og skráningu er að finna á vefsíðunni www.allirut.is. *- mmf*







**Veitingahúsið Argentína er í húsnæði hjá Eik fasteignafélagi** sem sérhæfir sig í rekstrarleigu atvinnuhúsnæðis. Við bjóðum m.a. húsnæði sem hentar vel til að kokka kræsingar. Einnig er í boði húsnæði fyrir verkstæði, verslanir, lagerhald, skrifstofur og margt fleira. **Ef þú ert að efla starfsemina, flytja, stækka, endurskipuleggja eða hefja rekstur er Eik með rétta kostinn fyrir þig.**

Hafðu samband við sérfræðinga okkar í síma 590 2200 eða utleiga@eik.is.

EIK
FASTEIGNAFÉLAG

## Tilkynningar

### Auglýsing tillögu að breyttu deiliskipulagi - hafnarsvæði Þórshafnar - Langanesbyggð

Tillaga að breyttu deiliskipulagi hafnarsvæðis á Þórshöfn auglýsist hér með skv. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Breytingin felur m.a. í sér breytta skilgreiningu byggingarreita úr 4 í 6 þar sem gert er ráð fyrir fjórum sílóum allt að 40 m háum og tveimur strompum við áætlað ketilhús. Aðkoma inn Eyrarveg hefur verið einfölduð.

Tillagan verður til sýnis á skrifstofum Langanesbyggðar, Fjarðarvegi 3 á Þórshöfn kl. 9:00-15:00 alla virka daga og í Skólagötu 5 á Bakkafirði frá kl. 10:00 til 14:00 alla virka daga frá miðvikudeginum 25. maí 2011 til miðvikudagsins 6. júlí 2011. Tillagan verður einnig aðgengileg á heimsíðu sveitarfélagsins:
- *www.langanesbyggd.is* -

Skriflegar athugasemdir og ábendingar skulu hafa borist sveitarstjóra Langanesbyggðar eigi síðar en kl. 16.00 þriðjudaginn 5. júlí 2011.

Þeir sem ekki gera athugasemdir innan tilskilins frests, teljast samþykkir tillögunni.

Sveitarstjóri Langanesbyggðar

---

**Reykjavíkurborg**
Skipulags- og byggingarsvið

### Auglýsing um breytingar á deiliskipulagi í Reykjavík

**Í samræmi við 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, eru hér með auglýstar tillögur að breytingum á deiliskipulagi í Reykjavík.**

**Kvistaland 26, Kvistaborg**
Tillaga að breytingu á deiliskipulagi Fossvogshverfis vegna lóðar leikskólans Kvistaborgar að Kvistalandi 26. Í breytingunni felst að að afmarkaður er byggingarreitur fyrir færanlega leikstofu, fjölgun á bílastæðum, kvöð um aðkeyrslu er felld út ásamt því að afmörkuð, samþykkt lóð fyrir fjarskiptabúnað er felld út og bætt við leikskólalóð.
Nánar um tillöguna vísast til kynningargagna.

**Kirkjuteigur 24, Hof**
Tillaga að breytingu á deiliskipulagi Teigahverfis vegna lóðar leikskólans Hof og Laugarnesskóla að Kirkjuteig 24. Í breytingunni felst að gerður er byggingarreitur fyrir færanlega leikstofu með tengi-byggingu austan megin við núverandi færanlega kennslustofu.
Nánar um tillöguna vísast til kynningargagna.

**Boðagrandi 9, Grandaborg**
Tillaga að breytingu á deiliskipulagi lóðar Lýsis við Grandaveg vegna lóðar leikskólans Grandaborgar að Boðagranda 9. Í breytingunni felst að gerður er byggingarreitur fyrir færanlega leikstofu á norð-austurhluta lóðarinnar.
Nánar um tillöguna vísast til kynningargagna.

Tillögurnar liggja frammi í þjónustuveri Reykjavíkur-borgar að **Borgartúni 12-14**, 1. hæð, virka daga kl. 8:20 – 16:15, **frá 25. maí 2011 til og með 11. júlí 2011**. Einnig má sjá tillögurnar á heimasíðu sviðsins, ***www.skipbygg.is***. Eru þeir sem telja sig eiga hagsmuna að gæta hvattir til að kynna sér tillögurnar. **Ábendingum og athugasemdum við tillögurnar skal skila skriflega eða á netfangið *skipulag@reykjavik.is*, til skipulags- og byggingarsviðs eigi síðar en 11. júlí 2011. Vinsamlegast notið uppgefið netfang fyrir innsendar athugasemdir með tölvupósti**. Þeir sem eigi gera athugasemdir innan tilskilins frests, teljast samþykkja tillögurnar.

Reykjavík, 25. maí 2011
Skipulagsstjóri Reykjavíkur

BORGARTÚNI 12-14 - 105 REYKJAVÍK - SÍMI 411 1111 - MYNDSENDIR 411 3071

## Heilsuvörur




Lyfjalaus verkjastilling, 50%-100% árangur á nokkrum mínútum. Sími: 564 5959

Árangur með Herbalife í 30 ár. Hringdu og fáðu frían prufupakka. Edda Borg S. 896 4662 www.lifsstill.is

## Nudd



**TANTRA MASSAGE**
Authentic initiation into the tantric mysteries with tantra massage. Unique experience for men, women and couples. Tel: 698 8301 www.tantra-temple.com

**NUDD - DEKUR - ÍÞRÓTTANUDD**
Íþróttanudd, Gigtarnudd (krepptir fingur), Svæðanudd, Dekur f. pör, vini og hópa, skrúbb, pottur, nudd og máltíð. Góð tilboð. JB Heilsulind. S. 823 8280.

## Þjónusta



**Frelsi frá streitu og kvíða s:694 5494**
Viðar Aðalsteinsson dáleiðslufræðingur og sérfræðingur í EFT www.theta.is

## Flug



**Einkaflugmannsnám 30.**
Viltu starfa í flugi? Einkaflugmannsnám er fyrsta skrefið í átt að atvinnuflugmannsprófi. Skráning á www.flugskoli.is.

## Fasteignir

**Fasteignasala Mosfellsbæjar**
KJARNA - ÞVERHOLTI 2
• 270 MOSFELLSBÆ
• SÍMI: 586 8080
• FAX: 586 8081
WWW.FASTMOS.IS

### Úlfarsbraut 48 - 113 Reykjavík



Þriggja hæða lyftuhús með 9 íbúðum í byggingu, auk bílakjallara rétt fyrir ofan nýjan leikskóla á fallegum stað við Úlfars-braut í Úlfarsfellsdalnum. Þrjár þriggja herbergja íbúðir eru á hverri hæð, en auk þess er bílakjallari undir húsinu með 9 bílastæðum og geymslum. Húsið er samtals 1,230 fm og er ca fokhelt í dag. Eignin selst aðeins í heilu lagi. Verð kr. 103.000.000,- **Allar nánari upplýsingar gefur Einar Páll, löggiltur fasteignasali í síma 586 8080.**

## Atvinna

**BORGARBYGGÐ**

### STARF FJÁRMÁLAFULLTRÚA BORGARBYGGÐAR

**Starf fjármálafulltrúa á skrifstofu Borgarbyggðar er laust til umsóknar.**

**Helstu verkefni fjármálafulltrúa eru:**

- Umsjón með fjármálum sveitarfélagsins
- Gerð greiðsluáætlana
- Samskipti við bankastofnanir
- Gerð fjárhagsáætlana og eftirfylgni með þeim
- Umsjón með innheimtu
- Umsjón með innkaupum

**Hæfniskröfur:**

- Menntun sem nýtist í starfinu en góð reynsla af sambærilegu starfi kemur einnig til greina
- Þjónustulund, áhugi og metnaður
- Reynsla af umsýslu með fjármál æskileg
- Hæfni í mannlegum samskiptum

Laun skv. kjarasamningum launanefndar sveitarfélaga við viðkomandi stéttarfélag.
Umsækjendur þurfa að geta hafið störf í síðasta lagi 01. ágúst 2011.
Umsóknir skulu berast undirrituðum á skrifstofu Borgarbyggðar að Borgarbraut 14 í Borgarnesi í síðasta lagi 31. maí 2011.
**Nánari upplýsingar gefa Eiríkur Ólafsson skrifstofustjóri eirikur@borgarbyggd.is s: 433-7100 eða Páll S. Brynjarsson sveitarstjóri pall@borgarbyggd.is s: 433-7100.**

**Skrifstofustjóri**

## Ökukennsla

**www.aksturinn.is S. 694 9515**
**Öku og bifhjólakennsla. Tek einnig að mér akstursmat. Uppl. í s. 694 9515 Haukur Vigfússon.**

## Húsgögn

Tökum húsgögn og heimilistæki í umboðssölu. Umboðssalan Korputorgi, s. 8670177 opið 12- 18.30

## Dýrahald

Þrír 8 vikna fallegir, skemmtilegir og gæfir kettlingar fást gefins á gott heimili. Þeir eru kassavanir og geta farið heiman í næstu viku Sími 517 7077 og 616 6368.

## Ýmislegt




## Leigumiðlanir

**Leiguliðar ehf Fossaleyni 16**
Skrifstofa Leiguliða auglýsir lausar íbúðir, leiguverð frá kr. 87.000. Reykjavík, Selfoss, Þorlákshöfn, Akranes, Hafnarfjörður. Gæludýr leyfð.
Sjá www.leigulidar.is eða 517 3440

## Húsnæði í boði

**www.leiguherbergi.is**

**1-2 manna herb.Funahöfða 17a -19 Rvk og Dalshraun 13 Hfj M/ baði. eldh., þurrkara og þvottavél. 824 4535.**

**Room for rent 1-2 person,. Funahöfða 17a -19 Rvk and Dalshraun 13 Hfj Whith Bath, kitch, washing room incl. Uppl/info í S. 824 4535. www.leiguherbergi.is**

**Leigjendur, takið eftir!**
Þið eruð skrefi á undan í leit að réttu íbúðinni með hjálp Leigulistans. Kíktu inn á www.leigulistinn.is eða hafðu samb. við okkur í s. 511 1600.

Herb. til leigu á svæði 201. Með aðgangi að eldh., baðherb. og þvottavél. Uppl. í síma 893 3475.

Til leigu 45fm kj.íbúð í 108, ný uppgerð, án eldhús V.65Þ m. hita og raf. S. 693-8497.

Til leigu 2ja herb. íb. í Smáíb. hv.(108). Sérinng. Laus 1. júní. Reglusemi. Uppl. í s. 553 7768.

15 fm herbergi + geymsla við Miklubraut. Sameiginleg snyrtiaðstaða. Leiguverð 40 þ. per mán. S. 867 0143 eða 893 1477.

3 herb. íbúð til leigu, í nágrenni Rvk. 20 mín. keyrsla til Rvk. Ásamt hesthúsi. S. 869 5212.

## Sumarbústaðir



Framleiðum sumarhús, 20 ára reynsla, sjá heimasíðu: sumarhus.com s. 615-2500.

## Geymsluhúsnæði

**geymslur.com**
Geymslur frá 3990.- kr á mán. Í Garðabæ (hjá Ikea) og Reykjavík (Fiskislóð) Upphitað, vaktað & öryggismyndavélar. S. 555 3464.

**www.geymslaeitt.is**
Sér geymslur frá 4 til 17 m2. Lágt verð. Opið 8-22. Búslóðir, lagerar, bókhald, iðnaðarmenn. Upphitað og vaktað. S: 564-6500

## Gisting




Íbúðargisting við Nyhavn í Kaupmannahöfn. 80 fm. Facebook: Kbh. Uppl. í s. 004550127560.

## Atvinna í boði

**Devitos pizza**
**Óskar eftir starfsfólki í afgreiðslu. Dagvinna og næturvinna. Um helgar.**
**Upplýsingar í síma 692 4327.**

**115 SECURITY**

**RÆSTING.**
Starfsfólk óskast í ræstingu. Unnið er að næturlagi Skilyrði: Hreint sakavottorð og lágmarksaldur 20 ár. 115 Security. Askalind 2, 201 Kópavogur. Umsóknir aðeins á staðnum. www.115.is

Vátryggingamiðlun óskar eftir úthringifólki. Vinnutími frá kl. 18-22. Þjálfun og góð laun í boði fyrir dugmikið fólk. Umsóknir og fyrirspurnir sendist á: vatryggingamidlunin@gmail.com

Okkur vantar duglegt fólk í kvöldstarf. góð laun. uppl gefur Atli í 553-6688 eða atli@tmi.is

Beitningamenn óskast á 15 tonna bát sem rær frá Tálknafirði. S. 861 0381 og 846 3526

Kona óskast til starfa í eldhúsi við matargerð. Dagvinna , vinnutími eftir samkomulagi. Uppl í s. 843 9950

## Einkamál



# SUMAR-VÖRUR FRÁ ADIDAS!



**ADIDAS ESS 3S TEE**
Stuttermabolur úr teygjanlegu bómullarefni. Litir: Blágrænn, fjólublár, grár, hvítur, bleikur, svartur. Dömustærðir.

**2.990**
(fullt verð 4.490)



**7.490**

**ADIDAS ESS 3S 3/4 PANT**
Kvartbuxur úr teygjanlegu bómullarefni.
Litir: Gráar, svartar. Dömustærðir.



**6.490**
(fullt verð 8.990)

**ADIDAS ESS 3S PANT**
Buxur úr teygjanlegu bómullarefni.
Litir: Gráar, svartar. Dömustærðir.



**8.990**

**ADIDAS ESS 3S HOOD JACKET**
Rennd hettupeysa úr bómull. Litir: Bleik, fjólublá, grá, svört. Dömustærðir.

www.intersport.is

ÞÆGILEGUR SUMARFATNAÐUR Á FRÁBÆRU VERÐI!



**9.990**
(fullt verð 11.990)

**ADIDAS NALOA III**
Leðurskór. Litur: Svartir. Dömustærðir.



**6.990**
(fullt verð 9.990)

**ADIDAS ESS 3S TRACTOP**
Rennd peysa úr bómull. Litir: Blágræn, bleik. Dömustærðir.



**3.990**

**ADIDAS ESS 3S TANK**
Hlýrabolur úr teygjanlegu bómullarefni.
Litir: Bleikur, svartur, hvítur. Dömustærðir.

INTERSPORT

**AKUREYRI** SÍMI 460 4890 OPIÐ: mán. - fös. 10 - 18. lau. 10 - 16 **BÍLDSHÖFÐA** SÍMI 585 7220 OPIÐ: mán. - fös. 10 - 19. lau. 10 - 18. sun. 12 - 18 **LINDUM** SÍMI 585 7260 OPIÐ: mán. - fös. 11 - 19. lau. 11 - 18. sun. 12 - 18
**SELFOSSI** SÍMI 480 4611 OPIÐ: mán. - fös. 10 - 18. lau. 10 - 16 **SMÁRALIND** SÍMI 585 7240 OPIÐ: mán. - mið. 11 - 19. fim. 11 - 21. fös. 11 - 19. lau. 11 - 18. sun. 13 - 18

EXPO • www.expo.is

# tímamót

timamot@frettabladid.is

## Merkisatburðir

1420 Hinrik sæfari verður stórmeistari Kristsreglunnar.

1920 Guðjón Samúelsson er skipaður húsameistari ríkisins.

1929 Sjálfstæðisflokkurinn er stofnaður af þingmönnum Íhaldsflokksins og Frjálslynda flokksins. Fyrsti formaður var Jón Þorláksson.

1946 Jórdanía verður til sem sjálfstætt ríki.

1977 Kvikmyndin Stjörnustríð er frumsýnd í Bandaríkjunum.

1987 Mesti jarðskjálfti á Suðurlandi síðan 1912 verður í Vatnafjöllum, suður af Heklu, 5,7 stig.

1991 Erik Weihenmayer er fyrsti blindi maðurinn til að ná tindi Everestfjalls.

MS FÉLAG ÍSLANDS: HELDUR UPP Á ALÞJÓÐADAG MS Í DAG

# Sjúkdómur unga fólksins

Um tuttugu manns eru greindir árlega með MS á Íslandi og lifa um 430 Íslendingar með sjúkdóminn í dag. „Sjúkdómurinn er nefndur sjúkdómur unga fólksins enda eru flestir greindir fyrir 35 ára aldur," segir Berglind Guðmundsdóttir, formaður MS félagsins sem heldur upp á alþjóðadag MS í dag. „Við leggjum á þessum degi áherslu á að fræða og upplýsa atvinnurekendur um sjúkdóminn til að auka atvinnuþátttöku þeirra sem þjást af MS, því sjúkdómurinn er ekki hættulegur eða smitandi og vel mögulegt fyrir fólk að vinna ef vinnuumhverfi þess er aðlagað," segir Berglind ákveðin.

Hún er beðin að lýsa sjúkdómnum í stuttu máli. „MS er sjúkdómur í heila og mænu. Af einhverjum ástæðum ruglast líkaminn og hvítu blóðkornin fara að áreita mýelín svo myndast bólga, en mýelín er hvíta efnið sem umlykur taugafrumur og flytur næringu til þeirra. Við þetta myndast skemmd sem veldur því að taugaboðin verða ekki eins greið," lýsir Berglind en ástandið getur lýst sér í doða, máttleysi, sjóntruflunum, úthaldsleysi og þreytu.

En hverjar eru batahorfurnar? „Allri þekkingu og rannsóknum hefur fleygt fram. Þegar ég greindist fyrir þrjátíu árum var engin lyfjameðferð til en alltaf verið að tala um að lækningin væri handan við hornið. Hún hefur enn ekki verið fundin enda ekki búið að finna ástæðuna fyrir sjúkdómnum," segir Berglind. Fyrir fimmtán árum var byrjað að nota bremsulyf sem áttu að hamla því að fólk fengi köst sem síðan valda fötlun. „Þau voru ekki mjög öflug en árið 2008 var farið að nota lyfið tisabri, sem hefur valdið byltingu. Þá er væntanlegt lyf í töfluformi sem við bindum miklar vonir við," segir hún.

Helsta baráttumál MS félagsins er að stuðla að fræðslu og þjónustu með því að halda námskeið en einnig að berjast fyrir því að fólk fái bestu lyfjameðferð á hverjum tíma. Félagið er til húsa að Sléttuvegi 5, þar sem einnig er rekin dagvistunarstofnunin Setrið sem MS sjúklingar geta nýtt sér. Þar hefst í dag klukkan 16 vegleg dagskrá í tilefni alþjóða MS dagsins. „Guðbergur Hannesson velferðarráðherra flytur ávarp og síðan verða tónlistar- og skemmtiatriði og boðið upp á veitingar," segir Berglind glaðlega.

Símasöfnun stendur nú yfir til styrktar MS félaginu. Berglind þakkar öllum þeim sem hafa styrkt félagið enda skiptir hver króna máli.

solveig@frettabladid.is



**FORMAÐURINN** „Sjúkdómurinn er nefndur sjúkdómur unga fólksins enda eru flestir greindir fyrir 35 ára aldur," segir Berglind Guðmundsdóttir. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA




LEGSTEINAR

Fallegir legsteinar úr graníti, grágrýti, blágrýti, gabbró, líparíti og marmara.

Hjá okkur finnur þú það sem hentar þér og þínum.

Hafðu samband eða komdu við í verslun okkar.

www.shelgason.is

S·HELGASON

Skemmuvegi 48 200 Kóp. sími 557 6677


†



*Hjartans þakkir til allra þeirra sem sýndu okkur samúð og hlýhug við andlát og útför föður okkar, tengdaföður, afa og langafa,*

**Halldórs Kristins Magnússonar**

Vesturgötu 19, Akranesi.

**Ásta Ágústa Halldórsdóttir**
**Jóhanna Halldórsdóttir**
**Sigurður Teitur Halldórsson Watinee Chompoopetch**
**barnabörn og langafabörn.**

†



*Einlægar þakkir færum við öllum þeim sem sýndu okkur samhug, hlýju og vinarhug við fráfall elskulegs sonar okkar og bróður,*

**Tryggva Jóns Jónatanssonar**

Eyrarvegi 18, Akureyri.

Sérstakar þakkir færum við starfsfólki Oddeyrarskóla og öllum þeim sem studdu hann og styrktu.
Megi blessun Guðs fylgja ykkur öllum.

**Jónatan S. Tryggvason** **Sigurósk R. Aðalsteinsdóttir**
**Ásta F. Reynisdóttir** **Heimir F. Heimisson**
**Eygló Jóhannesdóttir**
**Freyja P. Jónatansdóttir** **Ísak Már Friðriksson**

†



*Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, stjúpmóðir og amma,*

**Þóranna Tómasdóttir Gröndal**

menntaskólakennari,

lést á Landspítalanum þann 16. maí sl. Útför hennar fer fram frá Digraneskirkju föstudaginn 27. maí kl. 15. Sérstakar þakkir til starfsfólks krabbameinsdeildar, heimahlynningar, skilunardeildar og gjörgæsludeildar Landspítala fyrir frábæra umönnun.

**Gerður Gröndal** **Þórður Þórðarson**
**Sigríður Gröndal** **Ingólfur Bender**
**Gylfi Freyr Gröndal** **Íris Arnardóttir**
**Jóhann Gröndal**
**og barnabörn**

†



*Okkar ástkæra*

**Soffía S.Ó. Axelsdóttir (Didda)**

fyrrverandi bankamaður,

lést á Hjartadeild Landspítalans 17. maí síðastliðinn. Hún verður jarðsungin frá Fossvogskirkju föstudaginn 27. maí klukkan 13.00.

**Pétur Axel Pétursson** **Þuríður Elísabet Pétursdóttir**
**Pétur Jökull Pétursson** **Guðmundur Ketill Guðfinnsson**
**Stefán Björn Pétursson** **Védís Guðjónsdóttir**
**María Pétursdóttir** **Auður Alfífa Ketilsdóttir**
**Ásta Soffía Pétursdóttir**
**og barnabarnabörn.**


GL GRANÍT OG LEGSTEINAR

Frí áletrun

Fallegir legsteinar á einstöku verði



Gjótuhrauni 8, 220 Hafnarfirði Sími 571 0400 granit@granit.is


†



*Elskulegur faðir minn, tengdafaðir og afi,*

**Júlíus Arnarson**

íþróttakennari og formaður Íþróttafélags fatlaðra í Reykjavík (ÍFR),

lést á Landspítalanum við Hringbraut laugardaginn 21. maí. Útför hans fer fram frá Digraneskirkju föstudaginn 27. maí kl. 11.00. Þeir sem vilja minnast hans eru vinsamlega beðnir um að láta ÍFR njóta þess. Sími 561-8226, Rn. 515-26-700075 og kt. 500775-0339.

**Óli Þór Júlíusson** **Eva Hrund Harðardóttir**
**Lóa Lind Óladóttir**
**og aðrir aðstandendur**

†



*Okkar ástkæri eiginmaður, faðir, tengdafaðir, afi og langafi,*

**Guðjón Jónsson**

bifreiðarstjóri,
Víðivöllum 26, Selfossi,

lést af slysförum þriðjudaginn 17. maí. Útför hans fer fram frá Selfosskirkju föstudaginn 27. maí kl. 13.30.

**Guðmunda Ólafsdóttir**
**Jón Viðar Guðjónsson** **Carola Ida Köhler**
**Steinþór Guðjónsson** **Sigríður Garðarsdóttir**
**Reynir Guðjónsson** **Soffía Stefánsdóttir**
**Guðbjörg Guðjónsdóttir** **Sigurður Gunnarsson**
**barnabörn og barnabarnabarn**

†



*Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,*

**Guðbjörg Fanney Valdimarsdóttir**

Einilundi 8c, Akureyri,

lést föstudaginn 13. maí sl. Útför hefur farið fram í kyrrþey. Fjölskyldan þakkar öllum þeim sem önnuðust hana af alúð og hlýju.

**Finnur Finnsson** **Sigrún Jóna Daðadóttir**
**Vésteinn Finnsson** **Guðbjörg Huld Grétarsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn**

†



*Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,*

**Lárus Árnason**

frá Ási, Skagaströnd,

lést á Heilbrigðisstofnuninni á Blönduósi laugardaginn 21. maí. Útförin fer fram frá Hólaneskirkju á Skagaströnd mánudaginn 30. maí klukkan 13.00.

**Sigurlaug Jónsdóttir**
**Kári Sigurbjörn Lárusson** **Kristín Sigurðardóttir**
**Guðrún Ásdís Lárusdóttir** **Ingimundur Bernharðsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**


BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS
BÓNUS VÍNARPYLSUR
U.Þ.B. 290 KR.PAKKINN
5stk. FÍN & SKORIN BÓNUS PYLSUBRAUÐ 260g
BÓNUS PYLSUR 10 STK 599 kr.kg
BÓNUS PYLSUBRAUÐ 5 STK 129 kr.
EURO SHOPPER
ENERGY DRINK
500ml
jordbær
Mango
498 KR.PK
FROSIN JARÐARBER 1200g
FROSNIR MANGÓBITAR 1000g
WHEAT ROLLS
198 KR.PK
FROSIN SMÁBRAUÐ 9 STK.
OS GOTTI OSTUR
25%
AFSLÁTTUR
VIÐ KASSA
GOTTI
1017 KR.KG
MERKT VERÐ 1356 KR.KG.
Smyrill
129 KR.DS
BÓNUS SMYRILL 300g
EUROSHOPPER
ORKUDRYKKUR
HÁLFUR LÍTRI
98 KR.
25000
DÓSIR Í BOÐI Á
ÞESSU VERÐI
Buffalo vængir
AÐEINS AÐ HITA
SPARAR BÆÐI
TÍMA OG GAS
129 KR.385g
MYLLU
HEIMILISBRAUÐ HÁLFT
459 KR.960g
HOLTA ELDAÐIR
KJÚKLINGAVÆNGIR
Mountain Dew
mix
Egils APPELSÍN
pepsi
pepsi MAX
Gosdrykkir í 33cl dósum 69 kr.stk
1298 KR.KG
K.S FROSIÐ LAMBALÆRI Í SNEIÐUM
Caj-P.
GRILLOLÍA
500ml
ÓMISSANDI
Á LAMBAKJÖTIÐ
398 KR.
1198 KR.KG
K.S FROSNAR LAMBA SIRLOIN-SNEIÐAR
1398 KR.KG
ÞÝSKAR GRÍSALUNDIR FROSNAR
ENGINN AFSLÁTTUR BARA GOTT VERÐ
X-Large HAMBORGARA BRAUÐ
BÓNUS 4 STK.
STÓR HAM-
BORGARABRAUÐ
159 KR.
KJARNAFÆÐI FROSNIR
10 x 120g UNGNAUTA
HAMBORGARAR
1598 KR.
FABRIKKU SÓSAN
FABRIKKU
SÓSA 300ml
359 KR.
PRÓTEINRÍKAR OG FITULITLAR
1998 KR.KG
ÞÝSKAR KALKÚNABRINGUR FROSNAR
ENGINN AFSLÁTTUR BARA GOTT VERÐ
Góður tilbúinn matur fyrir 3-4 aðeins 998 kr.bakkinn
BÓNUS HEILSURÉTTUR
BÓNUS BURRITOS 4 STK
ÓDÝRT -FLJÓTLEGT
ÞÆGILEGT
ÞARF
AÐEINS
AÐ HITA!
BÓNUS ÍTALSKT LASAGNE
BÓNUS ÍTALSKAR KJÖTBOLLUR
527 9000
UPPLÝSINGA OG ÞJÓNUSTUSÍMI
BÓNUS BÝÐUR BETUR
Hér færðu vildarpunkta
VILDARPUNKTA
VISA Vildarklúbbur

## krossgáta



**LÁRÉTT**
**2.** svaka, 6. frá, 8. starfsgrein, 9. gagn, 11. í röð, 12. slæm skrift, 14. raup, 16. tveir eins, 17. vitfirring, 18. for, 20. til, 21. könnun.

**LÓÐRÉTT**
**1.** létt högg á dyr, 3. ógrynni, 4. ómerkilegur samsetningur, 5. beita, 7. einn, 10. hald, 13. útsæði, 15. sigta, 16. missir, 19. kyrrð.

**LAUSN**
**LÁRÉTT:** 2. rosa, 6. af, 8. fag, 9. nýt, 11. mn, 12. krafs, 14. skrum, 16. tt, 17. æði, 18. aur, 20. að, 21. próf.
**LÓÐRÉTT:** 1. bank, 3. of, 4. samsuða, 5. agn, 7. fyrstur, 10. tak, 13. fræ, 15. miða, 16. tap, 19. ró.


EIGNAMIÐLUN Reykjavík



Sverrir Kristinsson lögg. fasteignasali

Frá 1957 Elsta starfandi fasteignasala landsins

Sími: 588 9090 · Síðumúla 21 · 108 Reykjavík · www.eignamidlun.is

Tómasarhagi 44 - endurnýjuð




Mjög góð og björt 4ra til 5 herbergja útsýnishæð við Tómasarhaga í vesturbæ sem hefur töluvert verið endurnýjuð. Svefnherbergin á hæðinni eru 3 en skráð geymsla í rishæð hefur verið innréttuð sem íbúðarrými og nýtist í dag sem herbergi. Eignin er á þriðju hæð.
**OPIÐ HÚS Í DAG (MIÐVIKUDAG) FRÁ KL 17:00 - 18:00.**
**V. 33,0 m.** 6692


# Hver sængaði hjá hverjum?

**BAKÞANKAR**
**Sifjar Sigmarsdóttur**



Tvö nöfn eru á allra vörum í Bretlandi um þessar mundir; annars vegar nafn heimsfrægs bresks leikara sem hélt framhjá eiginkonu sinni með sömu vændiskonu og sögð er hafa þjónustað Wayne Rooney; hins vegar nafn fótboltahetju sem hélt framhjá konu sinni með þátttakanda úr Big Brother raunveruleikaþættinum. En hverjar eru þessar breysku stjörnur?

**ÞÓTT** fréttirnar gerist ekki mikið stærri en feilspor frægs fólksins er þögn fjölmiðla um þessa tilteknu skandala ennþá stærri frétt. Komið hefur upp á yfirborðið að breskir dómstólar hafa veitt fjölda frægra og auðugra einstaklinga og fyrirtækja „ofur-lögbann“ (e. super-injunction) sem bannar alla umfjöllun um tiltekin mál sem að þeim snúa í þarlendum fjölmiðlum. Meira að segja sjálf tilvist lögbannsins fellur undir þagnarkröfuna. Breskum almenningi er ofboðið. Titringur er milli dómstóla og þingsins. Forsætisráðherra Breta, David Cameron, segir það þingsins en ekki dómara að ákvarða mörk fjölmiðlafrelsis og friðhelgi einkalífsins.

**Í FEBRÚAR** síðastliðnum dæmdi Héraðsdómur Reykjavíkur blaðamann og ritstjóra DV til að greiða Eiði Smára Guðjohnsen miskabætur vegna umfjöllunar um fjármál hans því málið hefði ekki fréttagildi. Niðurstaðan var umdeild. Vildu margir meina að dómarinn hefði mjög þrengt að frumskyldu fjölmiðla til að upplýsa almenning og að tjáningarfrelsinu.

**MÁL** á borð við hver sængaði hjá hverjum eða í hvað Eiður Smári eyddi peningunum sínum kunna að virðast léttvæg. En að þagga niður í fjölmiðlum er hættulegur leikur. Þegar óprúttnir baráttumenn fyrir tjáningarfrelsinu í Bretlandi notuðu meðal annars veraldarvefinn til að upplýsa það sem ekki mátti birta á prenti eða segja í sjónvarpi kom upp úr kafinu að ófá málanna vörðuðu almannahagsmuni; má þar nefna meinta losun olíufélagsins Trafigura á eitruðum úrgangi á Fílabeinsströndinni. Alþingi samþykkti nýverið ný fjölmiðlalög. Er þeim meðal annars ætlað að tryggja tjáningarfrelsi. Hvort sú verður hins vegar raunin á enn alveg eftir að koma í ljós.

**EFTIR** að 75.000 Twitter notendur upplýstu nafn fótboltastjörnunnar sem ekki mátti nefna braut breski þingmaðurinn John Hemming ofurlögbannið í skjóli þinghelgi. Nafn föllnu hetjunnar er ekki aðeins á allra vörum heldur líka á forsíðum allra blaðanna: Ryan Giggs. Ég býð hins vegar lesendum að leysa sjálfir vinsælustu þraut Bretlandseyja um þessar mundir, „Hver er leikarinn?“, með aðstoð Google. Ef fjölmiðlalög verða ekki til að vernda tjáningarfrelsið mun internetið gera það.

## myndasögur

**Pondus** — Eftir Frode Øverli




**Gelgjan** — Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




**Handan við hornið** — Eftir Tony Lopes




**Barnalán** — Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman





Mið-Ísland yfirheyrir Margréti Björns
– fyndnasta Verzlinginn og nýju stelpuna á FM 957

Emmsjé Gauti og nýja platan

FM Belfast opnar græjukistuna

Er Leoncie velkomin í Kópavog?



POPP
FYLGIRIT MEÐ FRÉTTABLAÐINU Á MORGUN

FRÉTTIR VIÐSKIPTI ÍÞRÓTTIR LÍFIÐ UMRÆÐAN
MEIRI FRÓÐLEIKUR
Meiri Vísir.
vísir




# DOKTORSNÁM MEISTARANÁM GRUNNNÁM

## VIÐ VIÐSKIPTADEILD HR

Háskólanám er góð fjárfesting. Í Háskólanum í Reykjavík leggjum við áherslu á að skapa og miðla þekkingu í greinum þar sem stærstu tækifæri framtíðarinnar liggja; í viðskiptum, tækni og lögum.

**DOKTORSNÁM**
- PhD í viðskiptafræði

**MEISTARANÁM**
- MABI | stjórnunarreikningsskil og viðskiptafærni
- MACC | reikningshald og endurskoðun
- MBA
- MCF | fjármál fyrirtækja
- MSc í alþjóðaviðskiptum
- MSc í OBTM
  *Organisational Behaviour and Talent Management*
- MSIM | fjárfestingarstjórnun

**GRUNNNÁM**
- BSc í viðskiptafræði
  – dagskóli eða háskólanám með vinnu
- BSc í sálfræði
- Diplómanám í viðskiptafræði

**UMSÓKNARFRESTUR ER TIL 5. JÚNÍ**

HÁSKÓLINN Í REYKJAVÍK
**SAMAN LÁTUM VIÐ HJÓLIN SNÚAST**

**www.hr.is**

# menning

menning@frettabladid.is

**! LISTAHÁTÍÐ FÆR FULLT HÚS STIGA** Blaðamaður breska dagblaðsins Daily Telegraph gefur opnun Listahátíðar í Reykjavík fimm stjörnur af fimm mögulegum í dómi sem birtist í gær. Rýnirinn, Paul Gent, hrósar útliti Hörpu og segir að spennan og áhuginn hafi ekki leynt sér í flutningi Sinfóníuhljómsveitar Íslands á tónleikum þýska tenórsins Jonas Kaufmann, sem hafi verið magnaður. Gent klykkir út með að bergmál hafi gert vart við sig í salnum en það mætti laga.

Bækur ★★★★

**Skrælingjasýningin**

Kristín Svava Tómasdóttir

**Bjartur**

## Örlög smáblóma í írónískum heimi



Kristín Svava Tómasdóttir ruddist inn á ljóðasviðið með brauki og bramli árið 2007 þegar fyrsta ljóðabók hennar, Blótgælur, kom út. Henni var umsvifalaust skipað á bekk okkar efnilegustu ungskálda, enda átti þessi kjaftfori töffari sem ekkert var heilagt ágætlega heima þar. Skrælingjasýningin er rökrétt framhald af Blótgælum, þroskaðri ljóð og tónninn lágstemmdari þótt fyrrgreindur töffari sé aldrei langt undan.

Tónninn er sleginn strax í upphafsorðum fyrsta ljóðs bókarinnar: „Krass! Búmm! Harmafregn! Stríð á okkar tímum!" og það stríð er ekki einungis háð á vígvöllum, það er háð innra með okkur hverju og einu, allan daginn alla daga og ekki von til að það endi í bráð:

Sameinuð skríðum vér
sundruð skrimtum vér
og til hvers erum við hér
ef ekki til að níða það sem er ranglega heilagt?
(tímgast og rotna) *( bls. 11)*

Kristínu Svövu er enn ekkert heilagt. Hún yrkir um samskipti kynjanna, stríðsrekstur heiman og heima, skrifar bréf til herra Brown, skilur ekki hví Karli Blöndal berast aldrei bréf, gagnrýnir samfélagið og gerir grín að skáldaspírum og sjálfskipuðum réttlætisbaráttumönnum. En þótt húmorinn sé oftar en ekki hnífskarpur og nístandi liggja undir einhver djúpur tregi og þrá sem raska ró lesandans. Það er ógn í andrúmsloftinu og órói í hjörtunum, ástin aðeins tímabundin afþreying, öll landamæri lokuð og maður kannski ekki einu sinni manns gaman þegar allt kemur til alls:

Þessar manneskjur sem villast inn í líf þitt
stíga steypuna í æðum þér og hverfa svo aftur
út í þýðingarleysið
Hversu mörgum hefur maður ekki týnt
og hversu innilega hefur manni ekki staðið á sama
þegar allt kemur til alls *(bls. 13)*

Seinni hluti bókarinnar kallast – Viðauki – Lyklar að túlkun 22 ljóða – syrpa handa kennurum. Þar eru „greind" 14 ljóð með tungutaki bókmenntafræðinnar á óborganlega skemmtilegan hátt. Lesandinn bókstaflega veltist um af hlátri og verður að viðurkenna að klisjusafnið hittir oftar en ekki beint í mark:

Ljóðið er írónísk ádeila á yfirborðskenndan neysluheim
póstmódernískrar menningarelítu sem telur sig taka
upplýstar sjálfstæðar ákvarðanir en er ekki síður
á valdi
samfélagshugmyndanna en pöpullinn …
*( bls. 43)*



Í heild er Skrælingjasýningin án efa skemmtilegasta ljóðabók sem út hefur komið lengi, en um leið rær Kristín Svava á dýpri mið en áður og þótt kjaftshöggin séu kannski ekki eins beinskeytt og í Blótgælum er undiraldan sterkari og áhrifameiri.

**Friðrika Benónýsdóttir**

**Niðurstaða:** Skemmtilegasta ljóðabók sem út hefur komið lengi, en um leið hárbeitt og ögrandi samfélagsmynd sem sest að í minninu og vekur óróa.



# GLEÐIN HÖFÐ Í FYRIRRÚMI

Dans ★★★

**Opening Night**

Les SlovaKs

**Sýnt í Borgarleikhúsinu**

Sunnudagskvöldið 22. lá leiðin á sýningu Les SlovaKs, Opening Night, í Borgarleikhúsinu. Þegar inn í stóra salinn var komið stóðu á sviðinu sex karlmenn í mismunandi stærðum og gerðum, allir frjálslega til fara. Einn mannanna hélt á fiðlu og hlaut því að vera tónsmiðurinn og fiðluleikarinn Simon Thiery. Sviðsmyndin var engin og lýsingin mjög hógvær. Eftir þó nokkra bið, fyrst á meðan dansararnir biðu eftir því að áhorfendur kæmu sér fyrir í sætunum og síðan á meðan áhorfendur biðu eftir því að verkið hæfist, hófu dansararnir upp raust sína og sungu fyrir salinn. Eftir fagran söng drógu dansararnir sig út í horn, þaðan sem þeir lögðu af stað í dansinn ýmist einn og einn eða fleiri saman við undirleik fiðlunnar. Allar hreyfingar voru léttar og leikandi eins og þeir hefðu ekkert fyrir því að hoppa og rúlla eða hendast yfir gólfið með svo hröðum fótahreyfingum að augað varð á festi.

Stemningin í þessum fyrsta hluta sýningarinnar minnti meira á þjóðdansamót eða götudanssýningu heldur en sviðslistaverk. Eitt af því fyrsta sem kom upp í hugann var hópur glaðhlakkalegra hipphoppara á göngugötu á góðviðrisdegi að skemmta sér og áhorfendum með líkamsfærni sinni. Á sama hátt mátti greina fjársjóði sem faldir eru í mörgum þjóðdansahefðum. Fiðlan er mjög mikið notuð til undirleiks í þjóðdönsum í gervallri Evrópu. Hröð fótavinna og stuttar og snöggar hreyfingar eru algengar, ekki síst hjá karlpeningnum, auk þess sem það hvernig dansararnir báru sig á sviðinu minnti mjög á færa dansara þjóðdansa. Í danshefð margra landa er gert ráð fyrir sólódansi og spuna innan annars formaðri dansa og þá ekki síst fyrir karlmennina til að sýna færni sína og styrk. Leikurinn og grínið sem einkenndi alla sýninguna, sem fólst ekki síst í því að dansararnir tengdu bæði hver við annan og við söng nú með. Samkvæmt leikskrá er það mikilvægur þáttur í vinnu hópsins að allir fái að njóta sín bæði sem sólóistar og sem hluti af hópnum. Tónlistarmaðurinn var þar greinilega engin undantekning.

Um biðbik sýningarinnar fékk fiðluleikarinn tækifæri til að láta ljós sitt skína. Dansararnir drógu sig í hlé út í horn á meðan fiðlutónar fylltu salinn. Eftir að hafa leikið eitt lag spilaði hann annað og áhorfendur úti í sal, er líka algengt að finna innan þjóðdansaformsins.

Seinni hluti sýningarinnar hafði yfir sér aðeins öðruvísi blæ. Hreyfingarnar urðu allar meira flæðandi, sem og samskipti og samspil dansaranna, og á köflum var eins og dansararnir væru staddir á snertispunadjammi, án þess þó að snertispuni væri það sem dansinn gengi út á. Ekki var hægt að greina neinn söguþráð né málefni sem kryfja þyrfti til mergjar frekar en í fyrri kaflanum. Dansararnir buðu ásamt fiðluleikaranum áhorfendum áfram upp á einlægt og flott hreyfiljóðaslamm. Ennþá var stutt í grínið og nokkur atriði hreinlega til þess gerð að fá áhorfendur til að hlæja. Áhorfendur kunnu að meta skemmtilegheitin og þökkuðu fyrir sig í lok sýningar með kröftugu klappi.

Opening Night bar sterk einkenni þess að vera samin og sýnd af karlmönnum, bæði hvað varðar hreyfiforðann og form sýningarinnar. Í gegnum tíðina hefur það verið hluti af þróun dansformsins að kynin hafa leitað að leiðum til að tjá sjálfsmynd sína. Karldansarar hafa þar haft tilhneigingu til að leggja áherslu á kröftugar og snarpar hreyfingar sem krefjast mikils líkamlegs styrks, á meðan konur hafa meira nýtt sér samspil liðleika og styrks. Karldansarar hafa einnig sótt meira í þau dansform sem gefa færi á samvinnu og sjálfstæðri vinnu eins og snertispuna, hipphopp og þau félagslegu dansform sem bjóða upp á leik að líkamlegri færni.

**Sesselja G. Magnúsdóttir**

**Niðurstaða:** Í heild var sýning Les SlovaKs skemmtileg upplifun full af krafti og leik. Listrænt séð flokkast hún ekki undir meistaraverk en hún kætti áhorfendur.


# SÍGILD DÆGURLÖG

**Tónleikar Árnesingakórsins í Reykjavík**



**Vortónleikar í Langholtskirkju 25. maí kl. 20.00.**

Sígild dægurlög sem ástsælustu dægurlagasöngvarar okkar gerðu vinsæl á sínum tíma útsett fyrir blandaðan kór og hljómsveit:
Leyndarmál, Litla sæta ljúfan góða, Næturkoss, Sólbrúnir vangar o. m. fl.

Árni Heiðar Karlsson, Einar Scheving og Þorgrímur Jónsson annast hljóðfæraleik.
Kórstjóri er Gunnar Ben.

Miðar seldir við innganginn á 2.000 kr.


# Önnur upprisa Fönixins í kvöld

Seinni sýning Ferðalags fönixins verður á Stóra sviði Borgarleikhússins á Listahátíð í Reykjavík í kvöld. Í sýningunni fást Eivör Pálsdóttir söngkona, Reijo Kela nútímadansari og María Ellingsen leikkona hver á sinn hátt við hina táknrænu goðsögu um Fönixinn.

Á vef Listahátíðar segir að sagan um Fönixinn gefi áhorfandanum færi á að spegla eigin lífsreynslu, ferðast með fuglinum inn í eldinn þar sem hann brennur upp, umbreytist og tekur flugið á ný.

Listamennirnir sem standa að verkinu eru þeir sömu og gerðu Úlfhamssögu, sem hlaut tvenn Grímuverðlaun 2007. Snorri Freyr Hilmarsson hannar leikmynd, Filippía Elísdóttir búninga og Björn Bergsteinn Guðmundsson ljósameistari skapar myndheim sögunnar. Verkið var frumsýnt í gær.



Ferðalag Fönixins verður sýnt í Borgarleikhúsinu á Listahátíð í Reykjavík í kvöld.






Meðalþyngd nýfæddra íslenskra barna er 4 kg en 2 ára barna 13 kg. Heilsugæslustöð Barnaheilla – Save the Children í Níger er ætluð börnum sem eru alvarlega vannærð eða þjást af öðrum kvillum. Þar eru mæður barnanna fræddar um brjóstagjöf, hreinlæti, almenna heilsuvernd og að þekkja merki vannæringar. Taktu þátt í að efla mannréttindi barna með því að vera heillavinur.

**Farðu á barnaheill.is og vertu heillavinur með 1.000 kr. framlagi eða meira á mánuði.**

Álfrún Helga Örnólfsdóttir **heillavinur**

Barnaheill
Save the Children Iceland

HVÍTA HÚSIÐ / SÍA

# Söngvararnir stela senunni

Tónlist ★★★★

**Arabian Horse**
Gusgus




**ARABIAN HORSE** Aðgengilegri og skemmtilegri plata en sú síðasta.

Ferill hljómsveitarinnar Gusgus hefur verið fjölbreytilegur þau fimmtán ár sem hún hefur verið starfandi. Hún byrjaði sem stórt poppband sem gaf út hjá 4AD í Bretlandi og spilaði í tónleikahöllum víða um heim. Svo skrapp hún saman í lítið en þétt danstónlistarkombó og hvarf inn í klúbbana. Undanfarið hefur sveitin verið að stækka aftur og tónlistin hefur þróast líka. Arabian Horse er dansvæn plata en um leið poppaðasta Gusgus-platan frá því að This Is Normal kom út fyrir tólf árum.

Arabian Horse byrjar á eins konar forspili, laginu Selfoss, sem stigmagnast hægt og rólega, en brotnar upp í lokin og við tekur harmonikkutónlist leikin af ónefndu sígaunabandi! Mjög skrýtin byrjun, en svo taka poppsmellirnir við hver af öðrum, Be with Me, smáskífulagið Deep Inside og svo lögin tvö sem sveitin tók á opnunartónleikum Hörpunnar, Over og Within You. Allt dúndurlög sem einkennast af flottum hljómi, fínum melódíum og góðum söng. Gusgus hefur sennilega aldrei verið skipuð betri söngvurum. Daníel Ágúst fer á kostum en Urður syngur líka í þremur lögum og Högni Egilsson úr Hjaltalín kemur við sögu í Deep Inside, When Your Lover's Gone og hinu frábæra Within You. Það má segja að söngvararnir steli senunni. Næstu lög eru ekkert slor heldur, Arabian Horse og Magnified Love. Síðasta lagið, Benched, er svo án söngs, rétt eins og upphafslagið.

Gusgus hefur tekist það sem fáum íslenskum tónlistarmönnum virðist takast. Nefnilega að einbeita sér samtímis að innlendum markaði og erlendum. Sveitin hefur stækkað íslenskan aðdáendahóp sinn jafnt og þétt, en samt aldrei misst sjónar af útlandinu. Hún er nú á samningi hjá þýsku gæðaútgáfunni Kompakt og það verður gaman að sjá hvernig nýju plötunni verður tekið á alþjóðavettvangi. Arabian Horse er mjög sterk og sannfærandi Gusgus-plata og mun aðgengilegri og skemmtilegri en sú síðasta. Hún ætti að geta stækkað áheyrendahóp sveitarinnar enn frekar, bæði hér á landi og erlendis.

**Trausti Júlíusson**

**Niðurstaða:** Góðir söngvarar og flottur hljómur einkenna poppuðustu Gusgus-plötuna í langan tíma.

# Shriver ræður spæjara

Maria Shriver hefur ráðið einkaspæjara til að rannsaka þær fullyrðingar að fyrrverandi eiginmaður hennar, Arnold Schwarzenegger, eigi fleiri en eitt barn utan hjónabands þeirra. Þetta kom fram á fréttasíðunni RadarOnline.com.

Í bandarískum fréttum hefur mikið verið fjallað um að Schwarzenegger eigi jafnvel tvö börn til viðbótar við soninn sem hann eignaðist með Mildred Patriciu Baena, þernu þeirra hjóna. Leikkonan Jane Seymour fullyrti þetta við bandarísku pressuna og upplýsti jafnframt að allt þetta havarí í kringum Schwarzenegger hafi síður en svo komið henni á óvart, hún hefði alltaf vitað að hann væri ekki við eina fjölina felldur. Seymour baðst seinna meir afsökunar á þessum ummælum, sagði að hún hefði enga vitneskju um fjölskyldulíf Schwarzenegger-fjölskyldunnar og að hún hefði bara verið að vísa í umræðu fjölmiðla.

Skilnaður Schwarzeneggers og Shriver hefur vakið mikla athygli í Bandaríkjunum og þær sögusagnir hafa verið á kreiki að Shriver sjálf hafi lekið fréttinni um lausaleikskróga eiginmannsins í Los Angeles Times. Slíkt hefur hins vegar ekki fengist staðfest. Shriver hefur hins vegar ráðið sér lögfræðing af dýrari gerðinni, sjálfa Lauru Wasser, og hyggst ekki gefa neitt eftir í skilnaðarmálinu sjálfu.



**Í VONDUM MÁLUM** Arnold Schwarzenegger má eiga von á því að innlend mjölið í pokahorninu verði dregið fram í dagsljósið.


midi.is
Miðasala og nánari upplýsingar

LAUGARÁS BÍÓ
www.laugarasbio.is
-bara lúxus sími 553 2075




| LAUGARÁSBÍÓ | Sýningartímar |
|---|---|
| DYLAN DOG: DEAD OF NIGHT | 8 og 10.10 |
| PAUL | 5.50, 8 og 10.10 |
| GNÓMÍÓ OG JÚLÍA 3D - ISL TAL | 5 |
| GNÓMÍÓ OG JÚLÍA 2D - ISL TAL | 5 |
| FAST & FURIOUS 5 | 7 og 10 |

tryggðu þér miða á SAMbio.is




| SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA | | |
|---|---|---|
| PIRATES OF THE CARRIBEAN 4 | kl. 5 - 7 - 8 - 10 | 10 |
| PIRATES OF THE CARRIBEAN 4 | kl.9:20 (2D) | 10 |
| PIRATES OF THE CARRIBEAN 4 Luxus VIP | kl. 5 - 8 | VIP |
| DÝRA FJÖR (ANIMALS UTD) M/ ísl. Tali | kl. 6 | L |
| FAST FIVE | kl. 5:20 - 8 - 10:40 | 12 |
| SOMETHING BORROWED | kl. 5:50 - 8 - 10:20 | L |

| SAMBÍÓIN AKUREYRI | | |
|---|---|---|
| PIRATES OF THE CARRIBEAN 4 | kl. 5 - 8 - 10:50 | 10 |
| ANIMALS UNITED ísl tal | kl. 6 | L |
| DRIVE ANGRY | kl. 8 - 10:20 | 16 |

| SAMBÍÓIN SELFOSS | | |
|---|---|---|
| PIRATES OF THE CARRIBEAN 4 | kl. 8 - 10:50 | 10 |
| FAST FIVE | kl. 8 | 12 |
| PRIEST | kl. 10:50 | 16 |

| SAMBÍÓIN EGILSHÖLL | | |
|---|---|---|
| PIRATES OF THE CARIBBEAN 3D | kl. 4 - 5 - 8 - 10 - 11 | 10 |
| DÝRAFJÖR (ANIMALS UTD) M/ ísl. Tali | kl. 5:30 | L |
| DRIVE ANGRY 3D TEXTALAUS | kl. 10.30 | 16 |
| THOR 3D | kl. 8 - 10 30 | 12 |
| SOMETHING BORROWED | kl. 5.30 - 8 | L |

| SAMBÍÓIN KRINGLUNNI | | |
|---|---|---|
| PIRATES OF THE CARRIBEAN 4 | kl. 6 - 7 - 9 - 10 | 10 |
| FAST FIVE | kl. 5:30 - 10:20 | 12 |
| THE LINCOLN LAWYER | kl. 8 | 12 |

tryggðu þér miða á SAMbio.is




| SMÁRABÍÓ (GLERAUGU SELD SÉR) | NÁNAR Á MIÐI.IS | |
|---|---|---|
| PIRATES 4 3D | KL. 4 - 5 - 8 - 10 - 11 | 10 |
| PIRATES 4 3D Í LÚXUS | KL. 5 - 8 - 11 | 10 |
| PRIEST 3D | KL. 6 - 8 - 10.30 | 16 |
| GNÓMEÓ OG JÚLÍA 3D | KL. 4 - 6 | L |
| FAST FIVE | KL. 8 - 10.40 | 12 |
| THOR 3D | KL. 8 | 12 |
| RIO 3D ÍSLENSKT TAL | KL. 3.40 | L |

| HÁSKÓLABÍÓ | NÁNAR Á MIÐI.IS | AUKAKRÓNUR 5% |
|---|---|---|
| DYLAN DOG | KL. 5.40 - 8 - 10.20 | 14 |
| WATER FOR ELEPHANTS | KL. 5.30 - 8 - 10.30 | L |
| GNÓMEÓ OG JÚLÍA 3D | KL. 6 | L |
| HÆVNEN | KL. 5.40 - 8 | 12 |
| HANNA | KL. 10.20 | 16 |
| PRIEST 3D | KL. 8 - 10 | 16 |

| BORGARBÍÓ | NÁNAR Á MIÐI.IS | |
|---|---|---|
| DYLAN DOG | KL. 8 - 10.20 | 14 |
| PAUL | KL. 8 | 12 |
| FAST FIVE | KL. 5.40 - 10 | 12 |
| GNÓMEÓ & JÚLÍA 3D | KL. 5.40 | L |

NÁNARI UPPLÝSINGAR OG MIÐASALA Á midi.is
facebook /smarabio • facebook /haskolabio
ÞRIÐJUDAGSTILBOÐ GILDA EKKI Í BORGARBÍÓI

Iðnaðarryksugur
Frábært verð, margar stærðir......



Ryk- og vatnssuga
1 x 1000 W mótor
15 lítra tankur
Með aukahlutum
Kr. 19.900,-

Ryk- og vatnssuga
3 x 1000 W mótorar
60 lítra tankur
Með aukahlutum
Kr. 69.900,-

Ryk- og vatnssuga
3 x 1000 W mótorar
90 lítra tankur
Með aukahlutum
Kr. 112.900,-

Vesturhraun 3, 210 Garðabæ. Sími 480-0000
www.aflvelar.is
AFLVÉLAR

BÍÓ PARADÍS BAR & CAFÉ

| | |
|---|---|
| HUR MÅNGA LINGON FINNS DET I VÄRLDEN? | 18:00, 20:00, 22:00 |
| ARNARHREIÐRIÐ: ATANARJUAT | 20:00 |
| OKKAR EIGIN OSLÓ | 18:00 |
| ROUTE IRISH | 20:00, 22:10 |
| BOY | 18:00 |
| SKÝJAHÖLLIN (ENGLISH SUBTITLES) | 18:00 |
| SÓDÓMA REYKJAVÍK (ENGLISH SUBTITLES) | 20:00 |
| BRIM (ENGLISH SUBTITLES) | 22:00 |




BARA GÓÐAR MYNDIR www.bioparadis.is
MEÐ STUÐNINGI REYKJAVÍKURBORGAR OG KVIKMYNDAMIÐSTÖÐVAR ÍSLANDS


STÆRSTI ÍÞRÓTTAVIÐBURÐUR ÁRSINS
Í ÞRÍVÍDD Í BEINNI ÚTSENDINGU Í SMÁRABÍÓI
OPNUM
HÚSIÐ KL. 16.
BARINN OPINN!
MANCHESTER UNITED
3D
FCB
ÚRSLITALEIKUR MEISTARADEILDARINNAR
BARCELONA - MAN UTD
Á LAUGARDAGINN KL. 18:30
UPPSELT Í SAL 1 - SAL 2 BÆTT VIÐ!
Aðeins 240 miðar boði. Ekki verður hægt að bæta við fleiri sölum.
MIÐASALA HEFST KL. 10.00 Í DAG Á MIÐI.IS
SPORT
Miðaverð 1.990 kr, 3D gleraugu ekki innifalin.
SMÁRABÍÓ

# sport

sport@frettabladid.is

**HAMAR** frá Hveragerði varð fyrst liða til að komast áfram í sextán liða úrslit Valitor-bikarkeppni karla. Hamarsmenn unnu 2-0 sigur á 3. deildarliði KFS en Hamar leikur í 2. deildinni. Ingþór Björgvinsson og Ragnar Valberg Sigurjónsson skoruðu mörk Hamars í leiknum. Ellefu leikir fara fram í bikarnum í kvöld en 32-liða úrslitunum lýkur svo með fjórum leikjum á morgun.

## Landsliðshópurinn:

**Hér fyrir neðan** má sjá landsliðshóp Ólafs Jóhannessonar fyrir leikinn á móti Dönum á Laugardalsvelli, þann 4. júní klukkan 18.45.

**Markmenn (3)**
Gunnleifur Gunnleifsson, FH
Stefán Logi Magnússon, Lilleström
Ingvar Þór Kale, Breiðabliki

**Varnarmenn (8)**
Hermann Hreiðarsson, Portsmouth
Indriði Sigurðsson, Viking
Kristján Örn Sigurðsson, Hønefoss
Birkir Már Sævarsson, Brann
Ragnar Sigurðsson, IFK Gautaborg
Bjarni Ólafur Eiríksson, Stabæk
Arnór Sveinn Aðalsteinsson, Breiðabliki
*Jón Guðni Fjóluson, Fram

**Miðjumenn (8)**
*Aron Einar Gunnarsson, Coventry
Helgi Valur Daníelsson, AIK
Ólafur Ingi Skúlason, Sønderjysk E
*Rúrik Gíslason, OB
*Arnór Smárason, Esbjerg
*Jóhann Berg Guðmundsson, AZ
*Guðmundur Kristjánsson, Breiðabliki
*Gylfi Þór Sigurðsson, Hoffenheim

**Sóknarmenn (4)**
Eiður Smári Guðjohnsen, Fulham
Heiðar Helguson, QPR
*Kolbeinn Sigþórsson, AZ
*Alfreð Finnbogason, Lokeren

*** Þessir eru líka í 21 árs liðinu**

**STAÐAN Í RIÐLINUM**

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| **Noregur** | **4** | **3** | **1** | **0** | **6-3** | **10** |
| Portúgal | 4 | 2 | 1 | 1 | 10-7 | 7 |
| **Danmörk** | **4** | **2** | **1** | **1** | **5-4** | **7** |
| Kýpur | 4 | 0 | 2 | 2 | 5-8 | 2 |
| **Ísland** | **4** | **0** | **1** | **3** | **2-6** | **1** |

# Gylfi og Eiður saman í fyrsta sinn?

**Ólafur Jóhannesson tilkynnti í gær landsliðshóp sinn fyrir Danaleikinn sem fer fram á Laugardalsvellinum eftir tíu daga. Grétar Rafn er ekki í hópnum vegna persónulegra ástæðna en tveir fremstu fótboltamenn landsins gætu hins vegar spilað sinn fyrsta A-landsleik saman velji Ólafur þá í byrjunarliðið.**

**FÓTBOLTI** Íslenskir knattspyrnuáhugamenn vonast til þess að upplifa tvennt á Laugardalsvellinum laugardaginn 4. júní næstkomandi sem hefur ekki gerst áður í sögu karlalandsliðsins. Í fyrsta lagi að vinna Dani í fyrsta sinn (í 23. tilraun) og svo að sjá tvær stærstu knattspyrnustjörnur landsins, Eið Smára Guðjohnsen og Gylfa Þór Sigurðsson, spila saman með landsliðinu í fyrsta sinn.

„Eru ekki Danir sú þjóð sem okkur langar mest til að vinna? Þeir áttu okkur nú á tímabili og auðvitað viljum við berja á þeim. Það hefur ekki gengið hingað til en við skulum vona að það gerist núna,“ sagði landsliðsþjálfarinn Ólafur Jóhannesson, sem vill ekkert gefa upp um hvort Eiður Smári eða Gylfi fá að spila saman. „Við skulum aðeins bíða með að stilla upp liðinu en það eiga allir möguleika á því að spila saman í þessu liði. Ég fagna því að Eiður sé kominn aftur í hópinn,“ segir Ólafur, sem kallaði aftur á Eið Smára Guðjohnsen, sem var síðast með á móti Portúgal í október og hefur aðeins spilað tvo af síðustu tíu landsleikjum.



„Eiður er frábær fótboltamaður eins og við öll vitum. Ég hef aldrei efast um hæfileika hans í fótbolta. Nú hefur hann verið að spila nokkuð reglulega með sínu liði og það var aldrei vafi í mínum huga að ég myndi taka hann inn í hópinn. Við höfum ekki efni á að vera án hans,“ segir Ólafur.

Ísland hefur spilað sjö landsleiki síðan Gylfi Þór fékk fyrsta tækifæri sitt og Gylfi hefur spilað fjóra af þeim. Eiður Smári hefur aðeins verið með í tveimur og það voru einmitt leikir sem Gylfi missti af vegna verkefna með 21 árs landsliðinu.



**ÓLAFUR JÓHANNESSSON** Tilkynnti 23 manna hóp gær.
FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Íslenska landsliðið þurfti að sætta sig við 0-1 tap fyrir Dönum á Parken í september þar sem sigurmarkið kom í uppbótartíma.

„Það er alltaf sárt að tapa og það er ennþá sárara að tapa eins og við töpuðum þeim leik. Við ætlum okkur að koma í veg fyrir það núna,“ segir Ólafur en hann segir að Danir séu með sterkt lið þó að þeir hafi ekki verið eins öflugir undanfarið og árin á undan.

„Auðvitað líta þessar þjóðir þannig á okkur að þær ætla að taka þrjú sjálfsögð stig á móti okkur. Ég veit að Danir, Portúgalar og Norðmenn gera það. Við ætlum okkur að hafa áhrif á úrslitin í þessum riðli og hluti af því er að taka stig á móti þessum þjóðum,“ segir Ólafur sem verður án þeirra Grétars Rafns Steinssonar og Sölva Geirs Ottesen sem hafa verið fastamenn í liðinu þegar þeir hafa getað spilað. Sölvi er meiddur en Grétar Rafn er ekki með vegna persónulegra ástæðna. Ólafur vildi ekki gefa upp hvað það væri en sagði að það hefði verið sín ákvörðun að velja ekki Grétar.

„Hvorki Grétar né Sölvi hafa spilað síðustu leiki hjá okkur og vörnin hefur haldið ágætlega í þeim leikjum. Auðvitað er alltaf slæmt að missa góða leikmenn en við eigum sem betur fer góða leikmenn í þessar stöður,“ sagði Ólafur. ooj@frettabladid.is


## Hverjir komast í 16 liða úrslit?

32 liða úrslit karla í kvöld og á morgun

| | | | |
|---|---|---|---|
| mið. 25. maí | 17:30 | **Höttur - Keflavík** | Fellavöllur |
| mið. 25. maí | 18:00 | **BÍ/Bolungarvík - Reynir S.** | Skeiðisvöllur |
| mið. 25. maí | 18:00 | **Kjalnesingar - ÍBV** | Framvöllur |
| mið. 25. maí | 19:15 | **Berserkir - Fram** | Víkingsvöllur |
| mið. 25. maí | 19:15 | **ÍR - Þróttur R.** | ÍR-völlur |
| mið. 25. maí | 19:15 | **Fjölnir - Selfoss** | Fjölnisvöllur |
| mið. 25. maí | 19:15 | **Valur - Víkingur Ó.** | Vodafonevöllurinn |
| mið. 25. maí | 19:15 | **KA - Grindavík** | Boginn |
| mið. 25. maí | 19:15 | **Haukar - KF** | Ásvellir |
| mið. 25. maí | 19:15 | **Stjarnan - KR** | Stjörnuvöllur |
| mið. 25. maí | 19:15 | **Njarðvík - HK** | Njarðtaksvöllurinn |
| fim. 26. maí | 19:15 | **Breiðablik - Völsungur** | Kópavogsvöllur |
| fim. 26. maí | 19:15 | **KV - Víkingur R.** | KR-völlur |
| fim. 26. maí | 19:15 | **Þór - Leiknir F.** | Boginn |
| fim. 26. maí | 20:00 | **FH - Fylkir** | Kaplakrikavöllur |



ALLIR Á VÖLLINN!

VALITOR BIKARINN




**MEÐ FULLT HÚS STIGA** Stjörnustúlkur fagna einu marka sinna gegn Þrótti í gær.
FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

Fjórir leikir fóru fram í Pepsi-deild kvenna í gær:

# ÍBV og Stjarnan með fullt hús stiga

**FÓTBOLTI** Annarri umferð Pepsi-deildar kvenna lauk í gær með fjórum leikjum og var nokkuð um óvænt úrslit. Fylkir gerði 1-1 jafntefli við Íslands- og bikarmeistara Vals á heimavelli og þá vann KR 2-1 sigur á Breiðabliki.

Stjarnan og ÍBV eru einu liðin sem eru með fullt hús stiga en bæði lið unnu örugga sigra í gær. Stjarnan lagði Þrótt á heimavelli, 4-0, og ÍBV vann 5-0 sigur á Aftureldingu í Vestmannaeyjum.

„Ég þigg stigið þó svo að ég hefði gjarnan vilja fá þrjú. En eitt er betra en ekkert,“ sagði Jón Páll Pálmason, þjálfari Fylkis.

„Við erum fyrst og fremst ánægð með hvað við lögðum mikið á okkur. Við sýndum mikla vinnusemi og það fór mikil orka í leikinn. Stelpurnar áttu þetta stig svo sannarlega skilið,“ bætti hann við.

Þorlákur Árnason neitaði því ekki að sigur sinna manna í Stjörnunni hefði verið öruggur.

„Við náðum að skora mjög snemma og þá var þetta nokkuð öruggt. Þróttararnir komu okkur samt á óvart. Þær spiluðu vel og það var erfitt að eiga við þær,“ sagði Þorlákur.

Hann á von á því að deildin verði jafnari og meira spennandi í sumar en oft áður í efstu deild kvenna.

„Það er fínt að vera með fullt hús stiga enn sem komið er en við tökum samt bara einn leik fyrir í einu. Liðin eru mjög jöfn að getu og ég held að lið sem margir spá í fallbaráttuna eigi eftir að taka stig af efri liðum deildarinnar líka,“ sagði Þorlákur.

„Það hefur miklu máli skipt að þeir erlendu leikmenn sem minni liðin í deildinni hafa verið að fá til sín eru sterkari en áður. Það er greinilegt að það er verið að vanda valið betur í þeim efnum,“ bætti hann við.

Valur er í þriðja sæti deildarinnar með fjögur stig, rétt eins og KR sem er í því fjórða. Þór/KA er í fimmta sæti með sex stig en næstu fjögur lið á eftir eru öll með eitt stig. Grindvíkingar eru enn án stiga í botnsæti deildarinnar. - esá




VILDARÁSKRIFT AÐ STÖÐ 2 INNIHELDUR 2 2+ 2 BÍÓ 2 BÍÓ+ 2 EXTRA 2 EXTRA+ AUK STIGVAXANDI AFSLÁTTAR. 512 5100 | STOD2.IS | VERSLANIR VODAFONE | VERSLANIR OG ÞJÓNUSTUVER SÍMANS 800 7000

## > Shia LaBeouf

„Ég vil að almenningur þekki mig fyrir kvikmyndaleik minn, ekki fyrir það hvaða kærustu ég á eða hvaða eiturlyf ég tók eða hvaða klúbb ég sótti.“

***Shia LaBeouf leikur ungan mann sem flækist í plön hryðjuverkamanna í spennumyndinni Eagle Eye sem er á Stöð 2 Bíó í kvöld kl. 20.***



# dagskrá

## VIÐ TÆKIÐ ATLI FANNAR BJARKASON SKEMMTI SÉR EKKI NÓGU VEL YFIR UNGFRÚ ÍSLANDI

# *Missti ég af vöðlunum?*

Sætar stelpur geta verið ágætisforsenda fyrir sjónvarpsáhorfi. Ef maður er til dæmis skotinn í aðalleikkonu kvikmyndar eða sjónvarpsþáttar er maður tilbúinn að slaka örlítið á gæðakröfunum. Sjónvarpsþættirnir Strandverðir gerðu forsenduna að einhvers konar absúrd-list þar sem öfgarnar fóru í allar áttir. Guð blessi Pamelu Anderson og David Hasselhoff.

Ungfrú Ísland-keppninni, sem var sýnd á Skjá einum á föstudagskvöld, tókst þó ekki að vera áhugavert sjónvarpsefni, þrátt fyrir ótvíræða snoppufegurð stúlknanna sem tóku þátt. Keppnin virðist lítið hafa breyst í gegnum árin, þær koma ennþá fram í alls kyns fötum og lítið virðist vera lagt upp úr skemmtanagildinu. Svo lítið að sykursæt bros keppendanna duga ekki til, maður endar á því að skipta um stöð.



Ég sá ekki alla keppnina. Ein stúlkan var krýnd ungfrú Ellingsen og ég uppgötvaði að fyrir klaufaskap hafði ég misst af því þegar stúlkurnar komu fram í vöðlum. Það hefði hugsanlega náð að hressa aðeins upp á kvöldið. Einnig væri gaman ef einhvers konar hæfileikakeppni væri tvinnuð saman við keppnina, eins og þeir gera í Ameríku. Þá myndu stúlkurnar ekki aðeins þurfa að vera sætar, heldur geta sungið, leikið eða haldið boltum á lofti.

Einnig væri þjóðráð að fá ræðu frá keppendum um landsmálin. Það er ekki hægt að ætlast til þess að ég taki afstöðu til stúlku í símakosningunni án þess að vita hvort hún vilji Ísland í ESB eða ekki.

## RÚV

**16.45 Willtir Westfirðir** (1:2) (e)
**17.20 Reiðskólinn** (9:15)
**17.50 Táknmálsfréttir**
**18.00 Disneystundin**
**18.01 Finnbogi og Felix**
**18.24 Sígildar teiknimyndir** (35:42)
**18.30 Fínni kostur** (14:21)
**18.54 Víkingalottó**
**19.00 Fréttir**
**19.30 Veðurfréttir**
**19.35 Kastljós**
**20.10 Læknamiðstöðin** (53:53) (Private Practice) Bandarísk þáttaröð um líf og starf lækna í Santa Monica í Kaliforníu.
**20.55 Sakborningar – Saga Helenar** (3:6) (Accused) Í hverjum þætti er rifjuð upp saga sakbornings sem bíður þess í fangelsi að verða leiddur fyrir dóm. Atriði í þáttunum eru ekki við hæfi ungra barna.
**22.00 Tíufréttir**
**22.10 Veðurfréttir**
**22.15 Gos í Grímsvötnum** Sýndar eru svipmyndir frá gosinu í Grímsvötnum og sagt frá áhrifum þess á byggðir sunnanlands. Umsjón: Björn Malmquist. Dagskrárgerð: Ragnheiður Thorsteinsson.
**22.45 Landinn**
**23.15 Kastljós** (e)
**23.45 Fréttir** (e)
**23.55 Dagskrárlok**

## BÍÓ

**08.00 School for Scoundrels**
**10.00 The Darwin Awards**
**12.00 Happily N'Ever After**
**14.00 School for Scoundrels**
**16.00 The Darwin Awards**
**18.00 Happily N'Ever After**
**20.00 Eagle Eye**
**22.00 Shooting Gallery**
**00.00 The Dead One**
**02.00 The Black Dahlia**
**04.00 Shooting Gallery**
**06.00 What Happens in Vegas...**

## STÖÐ 2

**07.00 Barnatími Stöðvar 2**
**08.15 Oprah**
**08.55 Í fínu formi**
**09.10 Bold and the Beautiful**
**09.30 The Doctors**
**10.15 Lois and Clark** (17:22)
**11.00 Cold Case** (19:23)
**11.45 Grey's Anatomy** (6:24)
**12.35 Nágrannar**
**13.00 In Treatment** (31:43)
**13.25 Chuck** (8:19)
**14.10 Pretty Little Liars** (16:22)
**14.55 iCarly** (14:45)
**15.25 Barnatími Stöðvar 2**
**17.05 Bold and the Beautiful**
**17.30 Nágrannar**
**17.55 The Simpsons** (8:21)
**18.23 Veður**
**18.30 Fréttir Stöðvar 2**
**18.47 Íþróttir**
**18.54 Ísland í dag**
**19.11 Veður**
**19.20 Two and a Half Men** (10:24)
**19.45 Modern Family** (15:24)
**20.10 Gossip Girl** (15:22)
**20.55 Grey's Anatomy** (21:22) Sjöunda sería þessa vinsæla dramaþáttar sem gerist á skurðstofu á Grace-spítalanum í Seattle.
**21.40 Ghost Whisperer** (11:22) Magnaður spennuþáttur með Jennifer Love Hewitt í hlutverki sjáandans Melindu Gordon sem rekur antikbúð í smábænum Grandview.
**22.25 The Ex List** (6:13)
**23.15 American Idol** (38:39) Það eru aðeins tveir söngvarar eftir í American Idol og spennan orðin nánast óbærileg fyrir þá því það er til mikils að vinna.
**00.00 American Idol** (39:39) Bein útsending Nú kemur í ljós hver stendur uppi sem sigurvegari í þessum lokaþætti af American Idol. Til mikils er að vinna því þess sem vinnur keppnina bíður frægð og glæstur frami á heimsvísu.
**01.55 Steindinn okkar** (7:8)
**02.20 NCIS** (15:24)
**03.05 Fringe** (14:22)
**03.50 Generation Kill** (4:7)
**04.55 Cold Case** (19:23)
**05.40 Fréttir og Ísland í dag**

## SPORT *besta sætið*

**17.55 Keflavík - ÍBV** Útsending frá leik Keflavíkur og ÍBV í Pepsi deild karla í knattspyrnu.
**19.45 Pepsi mörkin** Hörður Magnússon, Hjörvar Hafliðason og Magnús Gylfason gera upp leikina í Pepsi deild karla. Öll mörkin og umdeildu atvikin eru skoðuð og farið yfir það sem vel er gert og það sem betur mátti fara hjá leikmönnum, dómurum og þjálfurum.
**20.55 Miami - Chicago** Útsending frá leik Miami Heat og Chicago Bulls í úrslitakeppni NBA. Þetta er fjórða viðureign liðanna í úrslitum Austurdeildarinnar.
**22.45 Meistaradeild Evrópu: Bayern - Inter** Útsending frá leik Inter og Bayern München í úrslitum Meistaradeildar Evrópu 2010.
**00.30 Fréttaþáttur Meistaradeildar Evrópu** Skyggnst á bak við tjöldin hjá liðunum sem leika í Meistaradeild Evrópu. Hitað upp fyrir komandi leiki og um leið hinir ýmsu leikir krufðir til mergjar.
**01.00 Dallas - Oklahoma** Bein útsending frá leik Dallas Mavericks og Oklahoma City Thunder í úrslitakeppni NBA. Þetta er fimmti leikur liðanna í úrslitum Vesturdeildarinnar.

## SPORT 2 *enski boltinn*

**16.30 Tottenham - Birmingham** Útsending frá leik Tottenham Hotspur og Birmingham City í lokaumferð ensku úrvalsdeildarinnar.
**18.15 Wolves - Blackburn** Útsending frá leik Wolverhampton Wanderers og Blackburn Rovers í lokaumferð ensku úrvalsdeildarinnar.
**20.00 Premier League Review** Flottur þáttur um ensku úrvalsdeildina þar sem leikir helgarinnar verða skoðaðir og krufðir til mergjar.
**20.55 Ensku mörkin** Sýnt frá síðustu leikjum í neðri deildum enska boltans. Glæsileg mörk og mögnuð tilþrif.
**21.25 Sunnudagsmessan** Sunnudagsmessan með þeim Guðmundi Benediktssyni og Hjörvari Hafliðasyni er þáttur sem enginn má láta framhjá sér fara. Leikirnir krufðir til mergjar af fagmönnum og lífleg og fagleg umræða um enska boltann.
**22.40 Stoke - Wigan** Útsending frá leik Stoke City og Wigan Athletic í lokaumferð ensku úrvalsdeildarinnar.

## SKJÁREINN

**06.00 Pepsi MAX tónlist**
**08.00 Rachael Ray** (e)
**08.45 Pepsi MAX tónlist**
**17.25 Rachael Ray**
**18.10 WAGS, Kids & World Cup Dreams** (3:5) (e)
**19.00 The Marriage Ref** (1:12) (e)
**19.45 Will & Grace** (13:25)
**20.10 Top Chef - NÝTT** (1:15) Bandarískur raunveruleikaþáttur þar sem efnilegir matreiðslumenn þurfa að sanna hæfni sína og getu í eldhúsinu.
**21.00 Blue Bloods** (17:22) Hörkuspennandi þáttaröð frá framleiðendum Sopranosfjölskyldunnar með Tom Selleck í hlutverki Franks Reagan, lögreglustjóra New Yorkborgar.
**21.45 America's Next Top Model** (9:13) Bandarísk raunveruleikaþáttaröð þar sem Tyra Banks leitar að næstu ofurfyrirsætu.
**22.35 Penn & Teller** (5:9)
**23.05 The Real L Word: Los Angeles - NÝTT** (1:9) Bandarísk þáttaröð um líf og störf nokkurra lesbía í Los Angeles.
**23.50 Hawaii Five-0** (12:24) (e)
**00.35 Law & Order: Los Angeles** (9:22) (e)
**01.20 CSI: New York** (12:23) (e)
**02.05 Will & Grace** (13:25) (e)
**02.25 Blue Bloods** (17:22) (e)
**03.10 Pepsi MAX tónlist**

## SKJÁR*GOLF*

**08.10 Crowne Plaza Invitational** (2:4)
**11.10 Golfing World**
**12.00 Golfing World**
**12.50 Crowne Plaza Invitational** (2:4)
**15.30 Ryder Cup Official Film 2008**
**16.45 Ryder Cup Official Film 2010**
**18.00 Golfing World**
**18.50 Inside the PGA Tour** (20:42)
**19.20 LPGA Highlights** (7:20)
**20.40 Champions Tour - Highlights**
**21.35 Inside the PGA Tour** (21:42)
**22.00 Golfing World**
**22.50 PGA Tour - Highlights** (19:45)
**23.45 ESPN America**

## EXTRA

**19.20 The Doctors**
**20.05 Falcon Crest** (28:28) Hin ógleymanlega og hrífandi frásögn af Channing og Giobertis fjölskyldunum, lífið á vínbúgörðunum í Toscany-dalnum litast af stöðugum erjum milli þeirra.
**21.00 Fréttir Stöðvar 2**
**21.25 Ísland í dag**
**21.50 Bones** (9:23) Sjötta serían af spennuþættinum Bones þar sem fylgst er með störfum Dr. Temperance Bones Brennan réttarmeinafræðings sem kölluð er til ráðgjafar í allra flóknustu morðmálum.
**22.35 Hung** (6:10) Gamansamur þáttur með dramatísku ívafi frá HBO sem fjallar um Ray Drecker sem er skólaliðsþjálfari á fimmtugsaldri og stendur á rækilegum tímamótum.
**23.10 Eastbound and Down** (6:6) Kenny Powers var stjarna í hafnabolta þar til sjálfselska hans og hegðun urðu til þess að honum var hent út úr meistaradeildinni. Hann neyðist til að flytja aftur á æskuslóðirnar í Norður-Karólínu og fer að kenna leikfimi í gamla gagnfræðaskólanum sínum.
**23.40 Daily Show: Global Edition**
**00.10 Falcon Crest** (28:28)
**01.00 The Doctors**
**01.40 Fréttir Stöðvar 2**
**02.30 Tónlistarmyndbönd frá Nova TV**

## N4

**18.15 Að norðan** Með Hildu Jönu Gísladóttur. Fjölbreyttur þáttur um norðlenskt mannlíf.
**19.00 Fróðleiksmolinn**

## ÍNN

**20.00 Björn Bjarna** Endurtekinn þáttur með Þórunni Sigurðardóttur um Hörpu.
**20.30 Veiðisumarið** Bender, Leifur og Aron verða á veiðislóðum í allt sumar.
**21.00 Gestagangur hjá Randver**
**21.30 Bubbi og Lobbi** Sigurður G. og Guðmundur á ferð og flugi.
**Dagskrá ÍNN er endurtekin um helgar og allan sólarhringinn.**

## OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.

## ÚTVARP FM

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| FM 88,5 XA-Radíó | FM 90,9 Gullbylgjan | FM 93,5 Rás 1 | FM 96,3 FM Suðurland | FM 97,7 X-ið | FM 99,4 Útvarp Saga | FM 102,9 Lindin |
| FM 90,1 Rás 2 | FM 91,9 Kaninn | FM 95,7FM957 | FM 96,7 Létt Bylgjan | FM 98,9 Bylgjan | FM 102,2 Útvarp Latibær | FM 105,5 Útvarp Boðun |




## Í KVÖLD



### STÖÐ 2 KL. 23.15
### American Idol

Bein útsending frá stóru stundinni í American Idol þar sem úrslitin ráðast. Fyrst verður sýndur þáttur frá því í gærkvöldi þar sem tveir síðustu keppendurnir sungu en á miðnætti hefst bein útsending frá úrslitaþættinum.

## RÁS 1 FM 92,4/93,5

**06.39** Morgunútvarp hefst **06.40** Veðurfregnir **06.50** Bæn **07.00** Fréttir **07.03** Vítt og breitt **07.30** Fréttayfirlit **08.00** Morgunfréttir **08.05** Morgunstund með KK **08.30** Fréttayfirlit **09.00** Fréttir **09.05** Okkar á milli **09.45** Morgunleikfimi **10.00** Fréttir **10.03** Veðurfregnir **10.13** Tríó **11.00** Fréttir **11.03** Samfélagið í nærmynd **12.00** Hádegisútvarpið **12.20** Hádegisfréttir **12.45** Veðurfregnir **12.50** Dánarfregnir og auglýsingar **13.00** Sögur af misgóðum mönnum **14.00** Fréttir **14.03** Gullfiskurinn **15.00** Fréttir **15.03** Útvarpssagan: Náðarkraftur **15.25** Skorningar **16.00** Síðdegisfréttir **16.05** Víðsjá **17.00** Fréttir **18.00** Kvöldfréttir **18.20** Auglýsingar **18.21** Spegillinn **18.50** Veðurfregnir **18.53** Dánarfregnir **19.00** Endurómur úr Evrópu **20.00** Leynifélagið **20.30** Uppruninn og eyðileggingin **21.10** Út um græna grundu **22.00** Fréttir **22.05** Veðurfregnir **22.10** Orð kvöldsins **22.15** Bak við stjörnurnar **23.05** Flakk **00.00** Fréttir **00.05** Næturútvarp Rásar 1

## BBC entertainment

**08.05** Inspector Lynley Mysteries **08.55** Inspector Lynley Mysteries **09.40** EastEnders **10.10** Fawlty Towers **10.40** ,Allo ,Allo! **11.15** ,Allo ,Allo! **11.50** Keeping Up Appearances **12.20** Fawlty Towers **12.50** ,Allo ,Allo! **13.30** ,Allo ,Allo! **14.05** The Weakest Link **14.50** The Weakest Link **15.35** Fawlty Towers **16.10** ,Allo ,Allo! **16.45** ,Allo ,Allo! **17.30** New Tricks **18.20** New Tricks **19.10** Top Gear **20.25** Jack Dee Live at the Apollo **21.10** The Catherine Tate Show **21.40** Little Britain **22.10** Jack Dee Live at the Apollo

## DR 1

**12.30** Undercover chef **13.00** DR Update - nyheder og vejr **13.10** Aftenshowet **14.00** Timmy-tid **14.10** Chiro **14.15** Den fortryllede karrusel **14.30** Carsten og Gittes Vennevilla **14.45** Kasper & Lise **15.00** De uheldige helte **15.50** DR Update - nyheder og vejr **16.00** Vores Liv **16.30** TV Avisen med Sport **17.05** Aftenshowet **18.00** Ved du hvem du er? - Susan Sarandon **19.00** TV Avisen **19.25** Penge **19.50** SportNyt **20.00** Fem dage **21.00** Onsdags Lotto **21.05** Ross Kemp in Afghanistan **21.55** Kysset af spritten

## NRK 1

**11.35** Urix **12.00** NRK nyheter **12.05** Grønn glede **12.35** Norge rundt **13.00** NRK nyheter **13.10** Par i hjerter **14.00** NRK nyheter **14.10** Bjornson - europeeren **14.50** Filmavisen 1960 **15.00** NRK nyheter **15.10** Dyrisk **15.40** Oddasat - nyheter på samisk **15.55** Nyheter på tegnspråk **16.00** Førkveld **16.40** Distriktsnyheter **17.45** Elektriske drømmer **18.45** Vikinglotto **18.55** Distriktsnyheter **19.40** Lov og orden. London **20.30** 4-4-2 **21.00** Kveldsnytt **21.15** På kanten av stupet **22.05** 20 sporsmål **22.30** Brennpunkt

## svt1

**11.00** Stamceller och mirakel **11.35** I dödens väntrum **13.05** Anslagstavlan **13.10** Gomorron Sverige **14.00** Rapport **14.05** Grön glädje **14.30** Smartare än en femteklassare **15.30** Sverige idag **15.55** Sportnytt **16.00** Rapport med A-ekonomi **16.10** Regionala nyheter **16.15** Strömsö **16.55** Laila och Puslingen **17.00** Kulturnyheterna **17.15** Regionala nyheter **17.30** Rapport med A-ekonomi **18.00** Uppdrag Granskning **19.00** tba **19.30** Livräddarna **20.00** The Event **20.45** Bored to Death **21.10** Mästarnas mästare **22.10** Dox





Dans-fitness konur &
Dans-fitness 15-18 ára

4-vikna námskeið

Fjölbreyttar og skemmtilegar dans-samsetningar sem auka þol og brennslu. Dansmótunaræfingar byggja upp læri, rassvöðva, kjarnavöðva og upphandleggi. Hvetjandi tónlist og taktur dregur fram alla þína orku og þú vilt ekki hætta. Dansunnendur ættu alls ekki að missa af þessu.

Umsagnir þátttakenda:

Þetta er fjörugt og skemmtilegt námskeið sem kemur manni í stuð og maður getur ekki hætt að dansa þótt að tíminn sé búinn :)

Námskeiðið var í alla staði gott og áhugi kennarans hreif hópinn með sér.

Skemmtilegur kennari, frábær tónlist.

Mjög skemmtilegt og öðruvísi, kom mér mjög á óvart þar sem ég hélt að þetta gæti ekki byggt upp vöðva og þol en það gerði það svo sannarlega. Mæli klárlega með þessu námskeiði og mun án efa skrá mig í það ef það verður aftur.

Allar nánari upplýsingar um námskeiðin, tímasetningu, verð og skráningu finnur þú á www.hreyfing.is

HREYFING HEILSULIND | BLUE LAGOON ICELAND geothermal spa

Álfheimar 74
Sími: 414 4000
hreyfing@hreyfing.is
www.hreyfing.is



## MORGUNMATURINN



*„Ég fæ mér hafragraut með banönum á hverjum morgni ef mamma eldar. Ef ekki þá er það bara ristað brauð."*

Sigrún Eva Ármanndóttir, nýkrýnd ungfrú Ísland.

# Tenór með grúppíuhóp

Hátt í fjögur hundruð erlendir aðdáendur þýska tenórsins Jonasar Kaufmann voru í Eldborgarsal Hörpunnar þegar hann þandi raddböndin með Sinfóníuhljómsveit Íslands á Listahátíð Reykjavíkur. Margra mánaða og jafnvel ára bið er eftir miðum á tónleika Kaufmanns í Evrópu.

Fjöldi erlendra blaðamanna var jafnframt á landinu til að vera viðstaddur opnun Listahátíðar Reykjavíkur og að sjálfsögðu voru þeir á tónleikum Kaufmanns. Paul Gent hjá The Daily Telegraph gaf Kaufmann og Sinfóníuhljómsveitinni fimm stjörnur í grein sem birtist í gær en það voru kannski ekki allir erlendu blaðamennirnir sem komu stjörnendum listahátíðarinnar á óvart, heldur þeir fjölmörgu erlendu aðdáendur sem lögðu leið sína alla leið til Íslands til að hlusta á þýska tenórinn. „Þetta voru í kringum fjögur hundruð manns, sumir komu í hópum og aðrir voru bara á eigin vegum. Flest af þessu fólki slapp hins vegar við eldgosið, það átti pantað flug heim á sunnudeginum," segir Steinunn Þórhallsdóttir, upplýsinga- og kynningarfulltrúi Listahátíðarinnar. Kaufmann sjálfur slapp líka rétt fyrir horn, hann flaug af landi brott á sunnudeginum, áður en flugumferð var bönnuð.

Steinunn segir að þau hafi fundið strax fyrir miklum áhuga á tónleikunum þegar tilkynnt var að Kaufmann myndi koma fram á Listahátíð í Reykjavík. „Fyrirspurnir fóru strax að berast að utan og fólk var farið að bíða eftir því að miðasalan hæfist," segir Steinunn en Kaufmann brást ekki sínu fólki frekar en fyrri daginn og töfraði fram mörg ógleymanleg augnablik sem hreyfðu við konum jafnt og körlum. **- fgg**



**VINSÆLL** Hátt í fjögur hundruð erlendir aðdáendur komu gagngert til Íslands til að sjá Jonas Kaufmann syngja með Sinfóníuhljómsveit Íslands. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA















**Í HEIMSÓKN** Hallgrímur Helgason og Peter Arp meðan á heimsókn hins síðarnefnda stóð um síðustu helgi. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

### PETER ARP: HEILLAÐIST AF SAMTÖLUNUM

# Austurrískt leikrit byggt á bók Hallgríms Helgasonar

Leikrit byggt á síðustu bók Hallgríms Helgasonar, 10 ráð til að hætta að drepa fólk og byrja að vaska upp, verður frumsýnt í Salzburg í Austurríki í haust. Sjaldgæft er að leikrit byggð á bókum íslenskra höfunda séu sett á fjalirnar erlendis.

„Í mars í fyrra var Hallgrímur að lesa upp úr bókinni í Salzburg. Mér var boðið þangað til að lesa upp þýsku þýðinguna og þá heillaðist ég af tveimur köflum í bókinni," segir Austurríkismaðurinn Peter Arp sem annast leikgerðina. „Annar kaflinn var mjög fyndinn og fjallaði um þegar aðalpersónan Toxic er í sjónvarpsstúdíói og hinn fjallaði um þegar hann drepur föður sinn fyrir slysni. Ég heillaðist mjög af þessum köflum og samtölin fannst mér virkilega skýr og vel skrifuð. Ég talaði við Hallgrím og sagði að bókin nánast kallaði á að það yrði gert dramatískt leikrit úr henni."

Hallgrímur tók vel í bón Arps og eftir að hafa fengið leyfi frá útgefanda Hallgríms hófst Arp handa við undirbúninginn. Aðspurður segir hann að vel hafi gengið að laga bókina að leiksviðinu. „Ef þú ætlar að gera leikrit upp úr bók þarftu að finna út hver kjarni bókarinnar er og það er þessi aðalpersóna Toxic, sem er afar þjáð sál." Hann bætir við að leikritið verði draumkennt og byggi á því hvernig Toxic líti um öxl á viðburðaríkt lífshlaup sitt.

Arp var staddur hér á landi um síðustu helgi til að kynna sér sögusvið bókarinnar. Hann festi íslenska náttúru á filmu, þar á meðal hraunið fyrir utan Hafnarfjörð, og ætlar að hafa hana sem bakgrunn í leikritinu. Það verður síðan frumsýnt í Schauspielhaus-leikhúsinu 3. nóvember og eru um tólf sýningar fyrirhugaðar.

Schauspielhaus er svokallað frjálst leikhús sem þarf að sækja um styrki á hverju ári til að halda starfseminni gangandi. Það er eitt stærsta frjálsa leikhús Austurríkis og sömuleiðis ef Þýskaland og Sviss eru tekin með í reikninginn. **freyr@frettabladid.is**

# Karlaklúbbur liggur á bæn

„Ég er mjög trúaður maður þessa dagana," segir Egill „Gillz" Einarsson. Hann ásamt fimm öðrum félögum sínum á miða á úrslitaleik Manchester United og Barcelona í meistaradeild Evrópu á Wembley-leikvanginum í London. Þetta er stærsti knattspyrnuleikur ársins, hefur gríðarlegt aðdráttarafl hjá knattspyrnuáhugamönnum um allan heim og ekki skemmir fyrir hjá Agli að hann er grjótharður stuðningsmaður rauðu djöflanna.

En náttúruöflin virðast ekki alveg vera á bandi Egils og vina hans því askan frá eldgosinu í Grímsvötnum er á góðri leið með að setja flugsamgöngur úr skorðum á Bretlandseyjum, flugfélög eru þegar farin að fella niður flug og útlitið er ekkert alltof bjart. „Maður fer inn á fréttasíðurnar á netinu á þriggja mínútna fresti til að sjá hvað er að gerast, ég skal alveg viðurkenna það að manni líður ekkert allt of vel með þetta."

Meðal þeirra sem eiga bókað far til Heathrow-flugvallarins á föstudagsmorgun klukkan 07.40 eru Hjörvar Hafliðason fótboltaspekingur, Auðunn Blöndal sjónvarpsstjarna og Jón Gunnar Geirdal markaðsmaður. Egill játar að hann hafi fengið hland fyrir hjartað þegar hann frétti af því að Barcelona hygðist ekki taka neina áhætt og ætlaði að fljúga til London strax í kvöld [gærkvöldi]. „Mér leið ekkert allt of vel með þær fréttir."

Egill kveðst ekki geta hugsað þá hugsun til enda að hann sitji með miðana tvo á Wembley heima í Kópavoginum á laugardaginn. „Ég veit ekki hvað ég geri, ég bara trúi ekki öðru en að þetta reddist. Af hverju gat þetta eldgos ekki bara komið í næstu viku?" **- fgg**



**TRÚAÐIR MENN** Auðunn Blöndal, Jón Gunnar Geirdal, Hjörvar Hafliðason og Egill Einarsson biðja til æðri máttarvalda um að eldgosið trufli ekki ferð þeirra til London á föstudag.

# RISA LAGER SALA

TÖKUM UPP
NÝJAR VÖRUR
DAGLEGA!

ALLT AÐ
90%
AFSLÁTTUR



Nú erum við komin í algjöran sumarfíling með **geggjaða lagersölu** þar sem við veitum allt að **90% afslátt. Húsgögn, skrifstofuvörur, gjafavörur, dvd-diskar, tónlist, bækur** o.fl. **Í Holtagörðum alla daga frá kl. 12-18**.

**– Ekki sleppa þessu. Sjáumst í sumarskapi!**

## Í HOLTAGÖRÐUM

**Opið alla daga frá kl. 12-18**



Skrifborðsstóll nú 17.999 áður 24.161

Stóll nú 4.999 áður 33.023

Stóll nú 7.499 áður 33.353

Sófi nú 29.999 áður 203.393

Skrifborð nú 9.900 áður 76.955



Fartölvuhlíf 15" bleik nú 999 áður 8.350

Elvis an American icon 2cd+dvd nú 499 áður 2.999

Kúlupenni Cross Townsend 10kt gull nú 3.999 áður 21.190

Leðurveski stórt, 3 litir nú 1.999 áður 8.990

Tússpenni „fineliner" 20 stk. nú 999 áður 6.899

Gjafarúlla Spiderman nú 99 áður 799

Eymundsson
Bóksali frá 1872

Penninn
Með þér í vinnunni

ENNEMM / SÍA / NM46595

# FRÉTTABLAÐIÐ

VIÐ SEGJUM FRÉTTIR SMÁAUGLÝSINGASÍMINN OG SKIPTIBORÐ: 512 5000 VÍSIR

**Ritstjórn:** 512 5313, Fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is **Auglýsingadeild:** auglysingar@frettabladid.is **PRENTUN:** Ísafoldarprentsmiðja

9 771670 387005

Pósthúsið

**DREIFING:** dreifing@posthusid.is
**EF BLAÐIÐ BERST EKKI:** 512 5060



Europris
ÓDÝRT FYRIR ALLA!


## FRÉTTIR AF FÓLKI

### RÚV í tónlist

Það voru margir tónlistarmenn sem urðu hálffúlir þegar þeir sáu frétt um nýjan menningarþátt **Þórhalls Gunnarssonar** á RÚV. Því þar var tónlistarumfjöllun víðsfjarri og kastljósinu eingöngu beint að sjónlistum. En tónlistarmenn þurfa engu að kvíða því Sigrún Stefánsdóttir, dagskrárstjóri RÚV, hefur falið Þórhalli að kokka upp sérstakan tónlistarþátt sem verður tileinkaður íslenskum tónlistarmönnum. Ekki er þó enn ljóst hver mun stjórna honum, hvenær hann fer á dagskrá og hvernig hann verður uppbyggður.



### Lúðrablástur á Bessastöðum

Fyrr í þessum mánuði var blásið til hátíðarkvöldverðar á Bessastöðum til heiðurs Danilo Türk, forseta Slóveníu, og Barböru Mikli Türk forsetafrú. Fjölda gesta var boðið, sumum vönum svona fínum veislum og öðrum sem voru að mæta í fyrsta sinn. Í síðarnefnda hópnum vakti furðu að í stað þess að slegið væri í glas til að fá hljóð fyrir ræðuhöld stigu fram tveir menn og þeyttu lúðra áður en **Ólafur Ragnar Grímsson** tók til máls. Sami háttur var svo hafður á með forseta Slóveníu. Á útlensku er lúðraþyturinn nefndur „fanfare" og svona hefur þetta víst verið gert þegar þjóðhöfðingjar sækja forsetann heim svo lengi sem elstu menn muna.



**- fgg, óká**

## Mest lesið VÍSIR


1. Eldgosið í rénun
2. Búið að aflýsa 252 flugferðum – Ryanair flaug inn í öskuna
3. Norðmenn vantar 6.000 bílstjóra
4. Íbúar yfirgáfu gossvæðið
5. Hjálpa bændum við smölun á fé og öðrum búpeningi






